

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>3</b>
<b>2</b>	<b>MÁLSMÆÐFERÐ</b> .....	<b>3</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar .....	3
2.2	Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar.....	4
2.3	Lýstar kröfur og kynning .....	5
2.4	Mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár.....	5
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>7</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins .....	7
3.1.1	Þjóðlenda.....	7
3.1.2	Afréttarlönd Saurbæjar.....	7
3.2	Kröfur Fallorku ehf. vegna Hvassafellsdals.....	8
3.3	Kröfur Tryggva Jóhannssonar og Guðrúnar Harðardóttur vegna Hvassafellsdals.....	8
3.4	Kröfur Jóhanns H. Jónassonar vegna afréttarlands Stóradals í Þverdal og Mælifelli.....	8
3.5	Kröfur Huga Kristinssonar og Jakobínu Sigurvinsdóttur vegna Strjúgsár ....	9
3.6	Kröfur Guðrúnar Jónsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur vegna Ytri-Villingadals .....	9
3.7	Kröfur Guðrúnar Jónsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur vegna Syðri-Villingadals .....	10
3.8	Kröfur Leyningsbúsins ehf. vegna Leyningsdals.....	10
3.9	Kröfur Öddu Báru Hreiðarsdóttur og Víðis Ágústssonar vegna Torfufells og Brynjars Skúlasonar og Sigríðar Bjarnadóttur vegna Hólsgærðis og Úlfár.....	10
3.10	Kröfur Leyningsbúsins ehf. vegna Arnarstaðatungna .....	11
3.11	Kröfur Óskars Hlíðbergs Kristjánssonar o.fl. vegna Arnarstaðatungna .....	11
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>13</b>
4.1	Inngangur .....	13
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar .....	13
4.3	Vettvangsferð .....	14
4.4	Skýrslutökur .....	14
<b>5</b>	<b>SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>15</b>
5.1	Landnám og saga .....	15
5.2	Hvassafell og Hvassafellsdalur .....	16
5.3	Saurbær og Saurbæjarafréttir .....	18
5.4	Stóridalur og Stóradalsafréttir .....	27
5.4.1	Mælifell/Mælifellssel .....	32
5.5	Strjúgsá (Þrúgsá) .....	33
5.6	Ytri (Nyrðri/Neðri)-Villingadalur .....	35
5.7	Syðri (Fremri)-Villingadalur.....	37
5.8	Leyningur og Leyningsdalur.....	39
5.9	Torfufell .....	42
5.10	Hólsgærði.....	44
5.11	Úlfá .....	45
5.12	Arnarstaðir, Arnarfell og Arnarstaðatungur.....	47
5.13	Afréttir og afréttarnot .....	49
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>55</b>
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði .....	55
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....	55

6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....	55
6.2	Landnám .....	56
6.3	Hvassafellsdalur .....	57
6.3.1	Inngangur .....	57
6.3.2	Sjónarmið aðila .....	57
6.3.3	Niðurstaða .....	58
6.4	Afréttarsvæði Stóradals og Saurbæjar .....	62
6.4.1	Inngangur .....	62
6.4.2	Sjónarmið aðila .....	63
6.4.3	Niðurstaða .....	65
6.5	Strjúgsá .....	72
6.5.1	Inngangur .....	72
6.5.2	Sjónarmið aðila .....	73
6.5.3	Niðurstaða .....	74
6.6	Ytri Villingadalur .....	77
6.6.1	Inngangur .....	77
6.6.2	Sjónarmið aðila .....	77
6.6.3	Niðurstaða .....	78
6.7	Syðri-Villingadalur .....	81
6.7.1	Inngangur .....	81
6.7.2	Sjónarmið aðila .....	82
6.7.3	Niðurstaða .....	83
6.8	Leyningsdalur .....	87
6.8.1	Inngangur .....	87
6.8.2	Sjónarmið aðila .....	88
6.8.3	Niðurstaða .....	89
6.9	Torfufell, Hólsgærði og Úlfá .....	94
6.9.1	Inngangur .....	94
6.9.2	Sjónarmið aðila .....	94
6.9.3	Niðurstaða .....	95
6.10	Arnarstaðatungur .....	102
6.10.1	Inngangur .....	102
6.10.2	Sjónarmið aðila .....	102
6.10.3	Niðurstaða .....	104
6.11	Um málskostnað .....	110
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ .....</b>	<b>112</b>

## VIÐAUKI

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

## FYLGISKJÖL

I. Kort

II. Aðila- og eigendaskrá

III. Skjalaskrá

---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn 19. júní 2009 er tekið fyrir mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna og Saurbæjarafrettar.

(Andri Árnason hrl.)

Fallorka ehf. vegna Hvassafellsdals.

Guðrún Harðardóttir og Tryggvi Jóhannsson vegna Hvassafellsdals.

Leyningsbúið ehf. vegna Leyningsdals.

Jóhann H. Jónsson vegna Stóra-Dals.

Hugi Kristinsson og Jakobína Sigurvinsdóttir vegna Strjúgsár.

Adda B. Hreiðarsdóttir og Víðir Ágústsson vegna Torfufells.

Brynjar Skúlason og Sigríður Bjarnadóttir vegna Hólsgarðis og Úlfár.

Jón H. Eiríksson og Leyningsbúið ehf. vegna Arnarstaðatungna.

(Friðbjörn Garðarsson hdl.)

Óskar H. Kristjánsson og Rósa M. Tryggvadóttir vegna Arnarstaðatungna.

(Ólafur Björnsson hrl.)

Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir vegna Ytri- og Syðri-Villingadals.

(Sigurður Jónsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. einnig lög um breytingar á þeim, nr. 65/2000, 7/2005 og 19/2006. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

---

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka Þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

## **2.2 Vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), tekið til umfjöllunar**

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, var Eyjafjarðarsýsla öll, Skagafjarðarsýsla öll og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málsgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í kjölfarið var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar nú. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A). Nyrðri hluti hins upphaflega svæðis nefnist nú vestanvert Norðurland, nyrðri hluti (7B).

Landsvæðið vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), afmarkast svo: Norðurmörk fylgja norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og Seyluhrepps, Norðurá og Norðurárdal, Öxnadalsheiði og Öxnadalsá þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Austurmörk miðast við Fnjóská frá ósum þar til hún sker sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar að austan. Þeim mörkum er fylgt til suðurs í Fjórðungakvísl. Suðurmörk fylgja suðurmörkum Eyjafjarðarsveitar og suðurjaðri Hofsjökuls, þar sem jafnframt eru norðurmörk svæða 1 og 3 hjá óbyggðanefnd. Vesturmörk miðast við Blöndu, frá norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps til upptaka í Blöndujökli í Hofsjökli.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um Þjóðlendir á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Akureyrarkaupstaðar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

---

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 28. febrúar 2008 og síðar til 14. mars sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### **2.3 Lýstar kröfur og kynning**

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, syðri hluta, bárust 14. mars 2008. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 28. mars 2008, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Í apríl 2008 barst óbyggðanefnd leiðrétting fjármálaráðherra á þeirri afmörkun umfjöllunarsvæðis sem fram kom í kröfulýsingunni 14. mars en þjóðlendukröfusvæðið stóð óbreytt. Tilkynning um hina leiðréttu afmörkun var birt í Lögbirtingarblaðinu 30. apríl 2008. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 30. júní 2008. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Blönduósi og Akureyri, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Húsavík (aðeins mál nr. 1/2008), Sauðárkróki, Blönduósi og á Akureyri, frá 18. júlí til og með 18. ágúst 2008, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 25. ágúst 2008. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í tveimur hlutum og þrjár kröfulýsingar vegna jarðeigna ríkisins. Á móti bárust 107 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

### **2.4 Mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár**

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2008, Eyjafjarðarsveit austan Eyjafjarðarár ásamt vestanverðum Bleiksmýrardal; mál nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár; mál nr. 3/2008, Hörgárbyggð austan Öxnadalsár; mál nr. 4/2008, Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár, og mál nr. 5/2008, Húnavatnshreppur austan Blöndu og Skagafjörður vestan Vestari-Jökulsár, ásamt Hofsjökli.

---

Mál nr. 2/2008 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 25. ágúst 2008. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipaði í málinu þeir Karl Axelsson, formaður, Allan V. Magnússon og Sif Guðjónsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir umrædd atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var farið yfir fyrirkomulag vettvangsferðar.

Við aðra fyrirtöku málsins, 31. ágúst til 1. september 2008, var vettvangur málsins skoðaður, sjá nánar í kafla 4.3. Þá var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Í greinargerðinni komu fram breytingar á þjóðlendukröfu ríkisins sem leiddu til þess að ágreiningssvæðum og gagnaðilum fækkaði umtalsvert.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 16. september 2008, var farið yfir lista vegna þeirra jarða og landsvæða sem fallið höfðu utan þjóðlendukröfulínu eða innan hennar, samkvæmt afmörkun gagnaðila á korti. Þá var gagnaðilum íslenska ríkisins veittur frestur til 13. október 2008 til skila á greinargerðum. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 13. október 2008, voru lagðar fram greinargerðir af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Þá voru einnig lögð fram frekari gögn.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 10. nóvember 2008, var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar og lögð fram frekari gögn.

Aðalmeðferð fór fram 25. nóvember 2008 og fólst í skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í kafla 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu yfirleitt ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, fyrir utan þau svæði þar sem aðeins var ágreiningur um staðsetningu kennileita. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 5. júní 2009 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

---

## 3 KRÖFUGERÐ<sup>2</sup>

### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna ríkisjarðarinnar Saurbæjar. Hin síðarnefnda miðar við að eignarland umræddrar jarðar nái ekki lengra en að þjóðlendukröfulínu en tiltekin afréttarlönd séu í afréttareign hennar.

#### 3.1.1 Þjóðlenda

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins eru gerðar þær endanlegu aðalkröfur að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. meðfylgjandi kröfukort: „Upphafspunktur er Hafrárgljúfur (við Eyjafjarðará) (1). Þaðan er Hafrá fylgt að upptökum norðan við fjallið Sankti Pétur (2). Þaðan er haldið til vesturs í botn Torfufellsdals (1040 m hæðarpunktur) (3). Þaðan er haldið til vesturs að upptökum Galtár við Galtárvatn (4). Þaðan er Galtá fylgt þangað sem hún rennur í Torfufellsá (5). Þaðan er Torfufellsá fylgt til norðurs þar til Svartá rennur í Torfufellsá (6). Þaðan er Svartá fylgt að upptökum (7). Þaðan er haldið eftir fjallinu í merkjapunkt milli jarðanna Syðri- og Ytri-Villingadals, Leynings og Strjúgsár (8). Þaðan er haldið til norðurs í upptök Strjúgsár (9), en þaðan með Strjúgsá að ármótum Djúpadalsár í Djúpadal (10), og síðan er Djúpadalsá fylgt þangað sem Hrauná rennur í hana sunnan við Kambfell (11). Þaðan er haldið með Hrauná til upptaka í botni Hraunárdals (12), þaðan er haldið til norðurs með hreppamörkum allt að punkti við merki Gloppu (13), sem er lokapunktur.“

#### 3.1.2 Afréttarlönd Saurbæjar

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar að viðurkenndur verði beinn eignarréttur íslenska ríkisins til lands jarðarinnar Saurbæjar, í samræmi við uppdrátt á meðfylgjandi kröfukorti, sem nái að kröfulínu íslenska ríkisins. Þá er þess krafist að „neðangreind afréttarlönd Saurbæjar, sem falla undir merkjalýsingu jarðarinnar, sbr. landamerkjabréf Saurbæjar frá 6. júní 1922, teljist þjóðlenda, en séu í afréttareign Saurbæjar:

---

<sup>2</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna eftirtalinnna jarða: Ártún, Botn, Espihóll, Finnastaðir, Grundarpláss (Grund I, IIA og IIB), Gullbrekka, Hlíðarhagi, Holtssel, Hólshús I og II, Hrafnagilsjarðir (Hrafnagil, Hranastaðir, Grísará), Hvassafell, Kambfell, Kolgrímastaðir, Kristnes, Litlidalur, Litli-Hóll, Merkigil, Miðhús, Miklagarðstorfa (Mikilgarður, Litligarður, Miðgerði, Samkomugerði I og II, Ysta-Gerði og Ölvisgerði), Möðrufellstorfa (Möðrufell, Árbakki, Gilsbakki, Hraungerði og Syðra-Fell), Reykhús, Skáldstaðir, Stokkahlaðir II og III, Stóra-Eyjarland, Víðigerði og Ytra- og Syðra-Dalsgerði. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum, enda hafa málsaðilar gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmannskostnaði. Það á þó ekki við um jörðina Kristnes og kemur hún því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

---

1. Sneis eða Þrúgstunga milli Þrúgsár að austan og Sneisarár að vestan allt fram í jökul.

2. Djúpidalur frá grjóttgarði þeim er liggur fram á móts við Kambfell og fram úr í gegn svo sem Djúpadalsá ræður að vestan.“ Landsvæði þetta er skástrikað á meðfylgjandi korti.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland.

### **3.2 Kröfur Fallorku ehf. vegna Hvassafellsdals**

„Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt hans á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi auk annarra gagna, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdraetti: Frá upptökum Hraunár á hreppamörkum (1) með ánni þar til komið er fram fyrir Hvassafellshnjúk (2), þaðan í rótum hnjúksins í Djúpadalsá (3), þaðan ræður áin að upptökum sínum (4) og þaðan á hreppamörk (5). Hreppamörk ráða milli punkta 1 og 5.“

Til vara krefst landeigandi þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.“

### **3.3 Kröfur Tryggva Jóhannssonar og Guðrúnar Harðardóttur vegna Hvassafellsdals**

Fari svo að óbyggðanefnd úrskurði landið Hvassafellsdal þjóðlendu er þess krafist að viðurkenndur verði upprekstrarréttur eigenda Hvassafells á landið en sá réttur var undirskilinn við sölu landspildunnar. Um merki landspildunnar vísast til kröfulýsingar eiganda Hvassafellsdals.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.“

### **3.4 Kröfur Jóhanns H. Jónassonar vegna afréttarlands Stóradals í Þverdal og Mælifelli**

„Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt hans á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi auk annarra gagna, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á



---

meðfylgjandi uppdrætti: Frá upptökum Sneisarár á vatnaskilum (1) með ánni að punkti í Strjúgsármynni ofan Stjúgsáreyra (2) og þaðan beina stefnu í Djúpadalsá (3). Þaðan með Djúpadalsá að upptökum hennar (4). Vatnaskil ráða milli punkta 1 og 4.

Til vara krefst landeigandi þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.“

### **3.5 Kröfur Huga Kristinssonar og Jakobínu Sigurvinsdóttur vegna Strjúgsár**

„Aðalkrafa landeigenda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi Strjúgsár innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. land innan eftirtalinnna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Frá Laughólum (1) beina línu upp á vatnaskil Hleiðargarðsfjalls (2), þaðan á vatnaskilum fram í jökul (sem nú eru aðeins fyrningar) (3). Þaðan liggja merkin í upptök Strjúgsár (4) og svo bein lína úr neðstu gljúfrum hennar niður eyrar í Djúpadalsá móts við gamalt Stekkjarbrot skammt frá Stóraskriðugili (5). Þaðan ræður Djúpadalsá merkjum að fyrirnefndum Laughóli (1).

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.“

### **3.6 Kröfur Guðrúnar Jónsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur vegna Ytri-Villingadals**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Ytri-Villingadals og að landamerki jarðarinnar séu þessi, sbr. landamerkjabréf fyrir Ytri-Villingadal frá 29. maí 1885: „Að sunnan milli Syðri- og Ytri-Villingadals er bein stefna tekin rétt sunnan við Grámannaklett (1) þétt við hann, beint upp á stóra þúfu (2) undir melbarði því, sem gamall merkjagarður sést liggja fram, og síðan eftir garðinum (3) úteftir. Eftir því sem téður garður heldur, utanvert í Tittlingagil (4). Að utan úr Rauðakletti (5) í Sjónarhól (6) og þaðan utan við Timburdal (7) í Laugardalshöfða (8) í mitt Kringluvatn (9) og þaðan í Efri-Hruna (10). Að vestan ræður fjallið (11).“

Í kröfunni er jafnframt talin felast „krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljís þjóðlenda.“

---

Pá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.7 Kröfur Guðrúnar Jónsdóttur og Ingibjargar Jónsdóttur vegna Syðri-Villingadals**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Syðri-Villingadals og að landamerki séu þau sem greinir í landamerkjabréfi Syðri-Villingadals frá 21. apríl 1884: „Að norðanverðu er merkjagarður gamall (1) og sér til hans ofaná holt það er Rauðarholt heitir (2) og síðan bein stefna í Grámannaklett (3) sem stendur við ána, en uppí fjallinu gil það er Silungsgil (4) heitir og þaðan beint strik upp á mitt fjall (5), að austan Torfufellsá (6). Að sunnan og vestan Svartá (7) og ráða þær merkjum.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast „krafa um fullkominn einkaafnotarétt aðila í þjóðlendu innan merkja jarðarinnar, að öllum venjubundnum afnotum að fornu og nýju, fari svo ólíklega að einhver hluti landsins teljís þjóðlenda.“

Pá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.8 Kröfur Leyningsbúsins ehf. vegna Leyningsdals**

„Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt hans á landi jarðarinnar innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðu landamerkjabréfi auk annarra gagna, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Galtá að framan til upptaka (1) og Svartá að heiman til upptaka (2). Fjallið (vatnaskil) ræður að ofan og Torfufellsá að neðan milli punkta 1 og 2.“

Til vara krefst landeigandi þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Pá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.“

### **3.9 Kröfur Öddu Báru Hreiðarsdóttur og Víðis Ágústssonar vegna Torfufells og Brynjars Skúlasonar og Sigríðar Bjarnadóttur vegna Hólsgerðis og Úlfár**

„Aðalkrafa landeigenda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt þeirra á landi jarðanna innan þeirra merkja sem lýst er í framlögðum landamerkjabréfum auk annarra gagna, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Frá punkti ofan Hafrár á vatnaskilum (1) með Hafrá í

---

Hafrárgljúfur (2) og þaðan beina stefnu í Eyjafjarðará (3). Þaðan með Eyjafjarðará að punkti gegnt Halldórsstaðatúni (4) og þaðan beint strik í Torfufellsárgilskjafstinn (5). Þaðan með Torfufellsá að ármótum við Galtá (6). Þaðan með Galtá upp á vatnaskil á móti Skagafjarðarsýslu (7). Þaðan í punkt 1.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.“

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.10 Kröfur Leyningsbúsins ehf. vegna Arnarstaðatungna**

„Aðalkrafa landeiganda er að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt hans á landi Arnarfells í svonefndum Arnarstaðatungum innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðu landamerkjabréfi, þ.e. land innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti: Úr Eyjafjarðará (1) á móts við svonefndan Trippagarð sem hlaðinn er á mörkum Hóla og Arnarstaðatungna og þaðan í garðinn (2) og með garðinum þar til hann þrýtur (3) þaðan í Kerlingahnjúk (4) og þaðan suðvestur á vatnaskil og sýslumörk í punkt við suðurenda Nyrðra-Urðarvatns (5). Þaðan liggja mörkin beint í upptök Hafrár í línu sem skiptir Nyrðra-Urðarvatn því sem næst í tvennt (6) og með Hafrá í Eyjafjarðará (7). Eyjafjarðará ræður síðan í punkt 1.

Til vara krefst landeigandi þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt hans að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.“

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.“

### **3.11 Kröfur Óskars Hlíðbergs Kristjánssonar o.fl. vegna Arnarstaðatungna**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Arnarstaða og Arnarfells í Arnarstaðatungum og að heildarlandamerki jarðarinnar séu þau sem greinir í landamerkjabréfi Arnarstaða sem þinglesið var 20. maí 1890: „Sömuleiðis eiga Arnarstaðir afrjettarland í Arnarstaðatungum frá Hafrá að norðan fram að trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðará. Þess skal getið að Strangalækjarfjall í Arnarstaðatungum hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða, en nú hafa jarðareigendurnir komið sjer saman um, að láta merkin vera um tryppagarð einn á móti Klaufá og eiga Arnarstaðamenn að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrétt með því að viðhalda tryppagarðinum vestan Eyjafjarðará.“

---

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan áðurlýstra merkja sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-40 ásamt undirskjölum eða samtals 467 skjöl, auk 27 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins mánudaginn 1. september 2008 í fylgd með lögmonnum og tilteknum málsaðilum sem önnuðust leiðsögn. Í sömu ferð var vettvangur í málum nr. 1 og 4/2008 einnig skoðaður en hér verður aðeins vikið að þeim hluta ferðarinnar sem snýr að máli nr. 2/2008.

Ekið var frá Akureyri suður veg nr. 821, Eyjafjarðarbraut vestari, og beygt inn á veg nr. 824, Finnastaðaveg, og hann ekinn inn á veg nr. 825, Dalsveg. Ekið var inn að Þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins og lega hennar skoðuð milli punkta 9-12. Mjög lágskýjað var og skyggni lítið. Eftir það var ekið heima að Ytri-Villingadal þar sem skoðuð var lega punkt nr. 6 í Þjóðlendukröfulínu ríkisins sem og lega línunnar almennt. Að því loknu var Eyjafjarðarbraut vestari ekin inn að punkti nr. 1 í Þjóðlendukröfulínu ríkisins og farið yfir mörk Arnarstaðatungna og Hóla.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Jón Hreinn Eiríksson, Arnarfelli og Ingibjörg Jónsdóttir, Villingadal.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

---

## 5 SAGA JARÐA OG ANNARRA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu getur varðað, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Er þar að mestu fylgt tímaröð. Loks er gerð grein fyrir afréttarmálum á svæðinu almennt.<sup>3</sup>

### 5.1 Landnám og saga

Helgri magri nam land í Eyjafirði samkvæmt frásögn *Landnámu* og settist að í Kristnesi. Um ferð hans til Íslands er bæði fjallað í *Sturlubók* og *Hauksbók Landnámu*. Í *Sturlubók* segir:

Um várit gekk Helgi upp á Sólarfjöll;<sup>4</sup> þá sá hann, at svartara var miklu at sjá inn til fjarðarins, er þeir kölluðu Eyjafjörð af eyjum þeim, er þar lágu úti fyrir. Eptir þat bar Helgi á skip sitt allt þat, er hann átti, en Hámundr bjó eptir. Helgi lendi þá við Galtarhamar;<sup>5</sup> þar skaut hann á land svínum tveimr, ok hét gölturinn Sölvi. Þau fundusk þremr vetrum síðar í Sölvadal; váru þá saman sjau tigur svína. Helgi kannaði um sumarit herað allt og nam allan Eyjafjörð milli Sigluness og Reynisness<sup>6</sup> ok gerði eld mikinn við hvern vatsós ok helgaði sér svá allt herað. Hann sat þann vetr at Bíldsá, en um várit færði Helgi bú sitt í Kristnes.<sup>7</sup>

Lýsing *Hauksbókar* hljóðar svo:

Þann vetr bjó Helgi at Bíldsá, en um sumarit kannaði hann herað allt ok nam Eyjafjörð allan millim Sigluness ok Reynisness ok gerði eld mikinn við hvern vatsós við sjó ok helgaði sér svá allan fjörðinn nesa millim. Einum vetri síðar (færði Helgi bú sitt) í Kristnes [...]<sup>8</sup>

Eftir landnám skipti Helgi landi milli ættingja sinna. Gaf hann Hámundi mági sínum jarðir á milli Merkigils og Skjálgdalsár og Gunnari Úlfjótssyni, sem einnig var mágur hans, land upp frá Skjálgdalsá til Háls. Bjó Hámundur á Espihóli hinum syðri en Gunnar í Djúpadal. Þriðji mágur Helga, er nefndist Auðunn rotinn, fékk land upp frá Hálsi til Villingadals. Hann tók sér bólfestu í Saurbæ.<sup>9</sup>

Um Villingadal segir í *Landnámu*:

---

<sup>3</sup>Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 34. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>4</sup>Nafnið er glatað; menn hafa gizzað á Kötluþjall eða öllu fremur Hámundarstaðafjall (Krossafjall) [...]

<sup>5</sup>Nafnið er glatað; skamt fyrir utan Kaupang heitir Festarhamar (eða Festarklettur); þess hefur verið getið til að það væri Galtarhamar [...]

<sup>6</sup>Reynisness er vafalaust Gjögurtá [...]

<sup>7</sup>Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 250 og 252.

<sup>8</sup>Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 251 og 253.

<sup>9</sup>Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 264 og 266.

---

Helgi gaf Auðuni rotin, syni Þórólfs smjörs, Þorsteinssonar skrofa, Gríms sonar kambans, Helgu dóttur sína, ok land upp frá Hálsi til Villingadals.<sup>10</sup>

## 5.2 Hvassafell og Hvassafellsdalur

Minnst er á Hvassafell í Sturlunga sögu. Þar segir að Þorgeir Hallason og Hallbera Einarasdóttir föðurforeldrar Guðmundar biskups Arasonar (1161-1237) á Hólum hafi búið „undir Hvassafelli í Eyafirdi“.<sup>11</sup>

Skrið er til Nikulásar Þorsteinssonar á Hvassafelli frá kirkjujörðinni Miklagarði 1579. Í bréfinu er m.a. minnst á þá beiðni Miklagarðs að fá hálfa Hvassafellsjörðina til leigu.<sup>12</sup>

Þann 9. ágúst 1699, að settu héraðsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, var spurt um dýrleika jarðarinnar Hvassafells með hjáleigunni Ángerði. Kemur aukinheldur fram, að eigendur jarðarinnar eru tveir, nefnilega Hóladómkirkja og Munkaþverárklaustur, til helminga:

Uppa adspurn sijslumannsins Lauritz Hansonar till logriettumannsins biorns Hallssonar a huassafelle og saman [ofan línu] kominna þingmanna um eignarmenn og dýrleika allrar jarðarinnar Huassafells, auglijsar vellnefndur biorn Hallson abuandi nefndrar Jarðar med samankomnum þingmonnum ad oftnefnd Jord Huassafell med argierdi tijundist fijrer [ofan línu] 60 h(undruð) og ligge half Jordin under holadom Kijrkiu, en half under Munkaþuerar Klaustur [...] Þetta so framm farid Kennist under skrifader, stad, ar, dag, sem fijrr seiger. Jon Jonsson eh, biorn Hallsson egh, Jlluge grijmson egh, Sigfus Jonson m(eð) handsali, Jon Skullasson egh, Jon Einarsson m(eð) egh, Gudmundur Ollafson meh.<sup>13</sup>

Hvassafell er í konungseigu, 30 hundruð, og liggur undir Munkaþverárklaustur, og Hólastól 20 hundruð, samkvæmt Jarðabók 1712.

Selför með tilliggjandi landi á jörðin fram á Djúpadal, sem er allur dalurinn vestan framm heim í Hrauná, og brúkast árlega, og er nokkuð í lengra lagi. [...]

Enginu spillir í sama máta skriður skaðlegar, sem í vöxt fer ár frá ári. Úthagarnir eru bjarglegir með því móti að jörðin brúki selför.<sup>14</sup>

Þann 1. nóvember 1841, fór fram skoðunar- og afhendingargjörð á Hvassafelli. Kom þar fram um eignarhald á jörðinni sjálfri, að 2/5 hlutar hennar væru konungseign.<sup>15</sup>

---

<sup>10</sup> Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 266.

<sup>11</sup> Sturlunga-saga edr Íslendinga-saga hin mikla, Kaupmannahöfn, 1817-1820, 39. kafli, bls. 107.

<sup>12</sup> *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, bls. 192-193.

<sup>13</sup> Skjal nr. 2 (102) a-b.

<sup>14</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 235-236.

<sup>15</sup> Skjal nr. 2 (103) a-b.



---

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Hvassafelli fylgi afréttur í hálfum Hraunárdal sem kallist Hvassafellsdalur og sé þar selstaða frá Hvassafelli. Einnig stendur að hann sé með bestu afréttum hér, en eigi stærri en fyrir heimilið.<sup>16</sup>

Í viðauka við mat Hvassafells í Jarðatali Johnsens stendur að jörðin sé að hluta í eigu klaustursins [Munkaþverárklausturs].<sup>17</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hvassafell var útbúið þann 16. janúar 1883:

Að sunnan: beina stefnu eptir gömlum garði, sem sjest óglögg, neðan frá Djúpadalsá og uppí fjall.

Að utan: [...] í litla grasgróna laut fyrir sunnan og ofan Hlíðarhaga og þaðan sömu stefnu uppá fjall.

Að austan ræður Djúpadalsá. Að vestan fjallið.

Undir jörðina heyrir fjallið milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell.<sup>18</sup>

Stephán Stephensen umboðsmaður skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Sigurðssyni, eiganda að hálfu Árgerði, Vigfúsi Gíslasyni, eiganda að hálfu Árgerði, Arnþóri Arnasyni, eiganda að Syðragerði og hálfu Ytragerði, sem handsalaði Kr. Sigurðssyni, Magnúsi Baldvinssyni, eiganda fjórðungs Ytragerðis, Tryggva Ólafssyni og Randveri Bjarnasyni, handsöluðu sem eigendur Hlíðarhaga og Þ. Thorlacius, vegna Miklagarðs.

Þann 25. maí 1886, á manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, voru upplesin landamerki 10 jarða, auk sáttar fyrir landamerkjum þeirrar 11 frá árinu 1822. Landamerki Hvassafells, voru upplesin á þinginu.<sup>19</sup>

Í lýsingu Hvassafells frá 17. maí 1909 kemur fram að undir jörðina liggi afrétt sem notuð sé til upprekstrar og sumpart fyrir búfjárhaga á sumrin. Jörðin, að undanskildum námum, var seld úr ríkiseigu til ábúanda hennar þann 15. júní 1910.<sup>20</sup>

Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps sendi bréf til ábúenda Litladals og Kambfells þann 26. júní 1912 varðandi Hvassafells- og Djúpadalsafrétti. Þar segir svo:

Viðvíkjandi ósk ykkar ábúenda Litladals og Kambfells um að hreppsnefndin hlutaðist til um að girðing yrði sett upp á Hvassafells og Djúpadalsafréttum, er það að segja, að eigandi Hvassafellsafréttar Júlíus bóndi í Hvassafelli kveðst engin hross eða tryppi hafa á afréttinni, og fellur girðingarskilda hans þar með niður. Hvað Djúpadal aftur á móti áhrærir munu hlutaðeigendur ef til vill fánlegir til að girða, en slík girðing er þýðingarlítill eða með öllu

---

<sup>16</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>17</sup> Skjal nr. 4 (7).

<sup>18</sup> Skjal nr. 2 (74).

<sup>19</sup> Skjal nr. 2 (104) a-b.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2 (118) a-b.

---

gagnslaus meðan Hvassafellsdalur er ógirtur. Þetta vill hreppsnefndin að þið athugið áður en lengra er gengið.<sup>21</sup>

Fram kemur í kaflanum um Hvassafell í fasteignamati 1916-1918 að undir jörðina liggja afréttarlandið Hvassafellsdalur sem sé nægilegur fyrir fé og trippi jarðarinnar.<sup>22</sup>

Hólmgeir Þorsteinsson skrifar í *Heimdraga IV* um Hvassafellssel:

Í jarðamati Árna og Páls 1712 segir um Hvassafell: „Selför með tilliggjandi landi á jörðin fram á Djúpadal, sem er allur dalurinn vestan fram heim í Hrauná, og brúkast árlega, og er nokkuð í lengra lagi.“ Djúpidalurinn vestan Djúpadalsár, sem er eign Hvassafells, fékk síðar nafnið Hvassafellsdalur. Hraunárdalur er vestan við Hvassafellsdalinn og tilheyrir Hvassafelli að austanverðu. Frá fjallöxlinni, þar sem dalirnir mætast, gengur háls nokkur til norðurs, allt að Hrauná, og fer lækkandi eftir því sem norðar dregur. Austan undir hálsi þessum, nálægt miðju stóð Hvassafellsselið á sléttri og gróinni grund, sem nær norður undir Hrauná og drjúgan spöl suður fyrir selið og heitir Selgrund. Austan við hana rennur Djúpadalsáin. Skammt sunnan og vestan við selið rís allbreið fjallshlíð, algróin, þar sem hvorki er gilskora né stallur. Hún heitir *Fagrahlíð*. [...]

Um klukkan 6 - 7 að morgninum fóru smalarnir [í Hvassafellsselinu] á kreik. Þeir byrjuðu á því að grípa í nestisbitann sinn og miðla hundunum þeirra skammti. Svo tóku þeir hesta sína og riðu *framfyrir* – fram í dalbotninn, og skildu þá þar eftir. Hófst þá smölunin. Gengið var upp á *Sveipinn*, sem er stallur allbreiður fyrir botni dalsins, þakinn lyngi og gómsætum kjarngróðri. Sóttu ærnar talsvert þangað til að bæta sér í munn. Neðan við *Sveipinn* er allhá og brött brekka, nefnd *Sprengibrekka*. Þegar búið var að smala *Sveipinn* og hlíðarnar neðan við klettana (sem hétu *Vothamrar* á Hvassafellsdal) og smalarnir töldu sig vera búna að fá allt, var sigið af stað heimleiðis.<sup>23</sup>

Með afsali, dags. 9. september 2005, seldu eigendur Hvassafells Hvassafellsdal til Fallorku ehf. Í kjölfarið var stofnuð sérstök síða fyrir Hvassafellsdal í fasteignabók Sýslumannsins á Akureyri og sérstakt fasteignamat fór fram. Svæðið hefur verið veðsett.<sup>24</sup>

### 5.3 Saurbær og Saurbæjarfréttir

Saurbæjar í Eyjafirði er getið í Landnámu, í tengslum við að Helgi magri muni hafi gift dóttur sína þangað.<sup>25</sup>

---

<sup>21</sup> Skjal nr. 4 (70).

<sup>22</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>23</sup> *Heimdragi – Íslenzkur fróðleikur gamall og nýr IV*. Reykjavík. 1972, bls. 139-141.

<sup>24</sup> Skjal nr. 10 (1) - 10 (2).

<sup>25</sup> Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 266.

---

Í máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar frá 1318 kemur fram að Saurbær eigi heimaland með öllum fríðindum, hálfan skóg í Kallbak, hálf Hálsland, allt Vallaland og allt Sandhólaland.<sup>26</sup> Saurbær átti eftirfarandi jarðeignir og ítök samkvæmt máldagabók Péturs biskups Nikulásssonar frá 1394 og síðar:

... allt heimaland. Sandhola. Hals. Vollu. halfann diupadal. alla þriugtungu. skog j kalldbak, fyrer nordann og vpp ad þuerskylldi. Ceceliupartur j Gnuþufells skogi. sudur frá Mycklagardz skogie. og sudur til Saurbruar hinnar ytri. Aunnur skogstada fyrer sunnan sydri Saurbrv. nidur vndann huassafellzskogi og ofan ä gilzBacka.<sup>27</sup>

Sömu upplýsingar, um eign Saurbæjarkirkju á hálfum Djúpadal, koma fram í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar og elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.<sup>28</sup>

Krýnastaðir bættust í jarðasafn Saurbæjar með sálugjafarbréfi séra Halldórs Loftssonar frá 8. desember 1403.<sup>29</sup> Í kirknareikningi Saurbæjar frá 1569 er aðeins minnst á kirkjujarðirnar Krýnastaði, Háls, Velli, Strjúgsá og Sandhóla.<sup>30</sup>

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 kemur eftirfarandi fram um Saurbæjarkirkju:

hun áá allt heimaland. sandhola. krinastader. hals. vollar. þriugsáá. halfan diupadal. alla þriugstungu. skog j kalldback fyrir nordan og upp ath þuerskilldi. ceceliu partur j gnupufellz skogi. sudur fra miclagardzskogi og sudur til saurbruar hinnar ytri. onnur skogarstada fyrir sunnan sydri saurbru. nidur undan huassafellzskogi. og ofan áá gilsbacka.<sup>31</sup>

Jón biskup Arason greinir frá því, með bréfi frá 12. maí 1528, að þegar hann hafði umboð Munkaþverárklosturs hafi hann átt í jarðakaupum við séra Egil Hallsson á Saurbæ. Þá seldi hann undir Saurbæjarstað, til ævinlegrar eignar, skipstöðu og naustagerð við Naustabúr fyrir þrjú hundruð í þarflegum peningum. Ennfremur skyldi höggvast viður í skógi klostursins til að halda naustinu uppi.<sup>32</sup>

Í kirknareikningum nyrðra á prestssetrum árið 1569 kemur fram að Saurbæ fylgi Háls, Strjúgsá og Sandhólar.<sup>33</sup>

Fram kemur í vísitasíu Saurbæjar frá því um 1582:

A allt heimaland, Krýnastadi landsk: vij ærg: hálz vij ærg: vollum ij hndr. striugsaa j hndr. Sandhólar Lxxx alner, ... Item a kyrkian Þrýsar aa, haalfan duipa dal, alla þriugstungu, skög j Kallbak fyrer Nordan, og vpp ad þuer skilldi cesselu partur, J nupufells skögi i Sudur frá mýklagardz skogi, sudur

---

<sup>26</sup> DI II, bls. 451, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>27</sup> DI III, bls. 524, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>28</sup> DI V, bls. 310; DI IX, bls. 328, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>29</sup> DI III, bls. 685, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>30</sup> DI XV, bls. 350, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>31</sup> DI IX, bls. 328, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>32</sup> DI IX, bls. 451, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>33</sup> *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, bls. 274.

---

til Saurbruar hinnar ytri, Önnur skogarstada fyrer sunnan sydri Saurbru, nidur vndan huassa fells skögi, og ofan a gils backa.<sup>34</sup>

Í vísitasíu Saurbæjar frá 29. apríl 1685 stendur:

Kirkiann a allt heima land, efter Sógu Sr Gunnlaugs Sigurdssonar, Item þessar bigdar Jarðer Krinastadi 20 hndr med 1 hndr. landskuld, 5 kugilldum Hals 20 hndr. landsk. 1 hndr. kug. 3 Veller 40 hndr., landsk. 2 hndr. kug. 4. Þrugsaa 20 hndr. ad forn gilldu, biggest nu 4um ærgilldum kug. 3. Þesse landamerke J kringum Stadinn og Stadarinns Jarðer, med þuj ej eru onnur lónd sem J þuj takmarkj liggia. Ad sunnann rædur Steirn Sa sem kallast Smiór Hnottur, og þaðann riett sijniß a fiáll Vpp ad nordann rædur diupadalsa, allt ad Þrugs aa rædur þa Þruks a framm a Jókul. Item Seiger máldaga bok Herra Gudbrands Thorlakssonar ad kirkiann eige Sandhöla med 80 alna landskuld. Hun a Strugs tungu alla, rædur Þverdals a fyrer Vestann en Strugs Aa fyrer austann, Eyafiardar a rædur fra Sydre [leiðrétt úr: ves, að því virðist] landamerkium til nordari, Item a kirkiann allann diupadal austann framm allt fra griot garde og framm J Jókul. Hun a timburhógg J biarkar skogi Item skogarhógg J Kalbak J Hófdahverfe, skögarpart J Sesseliuparte nefndum. Þetta allt skögarland eitt. Item a hun skogarpart J lýtingz skögie Sem kallast Sesseliu Hófdi, a huórium lijtil skögur enn finnst, Lýser Sr Gunnlaugur ad bædi Vmm Sýna týd Sem nu er attrædur og Vmm Sýns fódurs tijd hafe þesse landamerke Ítúlulaus Vered það framast hann minne.<sup>35</sup>

Hið sama kemur fram í vísitasíu kirkjunnar frá 8. ágúst 1695 og nefnt var í umfjölluninni um vísitasíuna frá því um 1582 nema hvað ekki er minnst á Sandhöla<sup>36</sup>

Fram kemur í vísitasíu Saurbæjar frá 23. ágúst 1718 að hann eigi Krýnastaði, Háls, Velli, Strjúgsá, allt heimaland, Þrýsará, hálfan Djúpadal og alla Þrjúgstungu en að skögarpartar sem fyrri máldagar segi hana eiga séu nú eyddir fyrir utan lítinn skóg í Sesseliuhöfða í Leiningsskógi.<sup>37</sup>

Þann 31. maí 1726 vísiteraði Þorsteinn Ketilsson prófastur Saurbæ:

[...] til ad uppskrifa og uttaka það konunglega Beneficium Sama stadar sem Vacant hefur vered nu vel j halft annad aar ...

Kyrkiann a allt heimaland Þrijsar ä halfann diupadal alla Þriugstungu. ... Einginn Skiol Kyrkiunnar koma hier firer Siöner sem Vyse til hennar Jtaka j Annara Jarda Lond Nema hvad næsta Visitatia gietur umm lytenn Skoog j Sesseliu hofda j Leiningsskögje.<sup>38</sup>

Í vísitasíu Saurbæjar frá 2. júlí 1749 stendur:

---

<sup>34</sup> Skjal nr. 2 (3) a-b.

<sup>35</sup> Skjal nr. 2 (34) a-b.

<sup>36</sup> Skjal nr. 2 (36) a-b.

<sup>37</sup> Skjal nr. 2 (37) a-b

<sup>38</sup> Skjal nr. 2 (191).

---

Þetta á kyrkiann í Jórðum, epter Olafs Rognvaldssonar máldaga bok, 1471, allt heimaland, Sandhóla, Krynastade, Háls, Vóllu, Þriugs aa, halfann diupadal, alla Þriugs=tungu, Skog J Kallbak fyrer nordann og upp að Þverskilde, Cesseliu Part í Gnúpufells Skogie, Sudur frá Miklagards skogie og sudur til Saurbruar hinnar ytre; onnur Skogarstada fyrer sunnan Sydre Saurbru, nidur undann Hvassafells Skogie ofann á gilsbacka. Item epter visitatium, og afhendingunne 1749. Þesse heimalond Melgerde og Raudhus.<sup>39</sup>

Hið sama kemur fram í prófastsvísitasíu Saurbæjar frá 12. júní 1752 og í vísitasíunni frá 1749. Eini munurinn er sá að lýsingu á skógarítökum í Kaldbaks- og Gnúpufellsskógum er ekki að finna í prófastsvísitasíunni.<sup>40</sup>

Eftirfarandi stendur í vísitasíu Saurbæjar frá 30. ágúst 1761:

Allt það sem fyrre máldagar og Visitatium Biskupanna þessare Saurbæar kyrkiu tileinka, í fostu og Frydu gotse underriettar Stadarhalldarenn hun hafe enn nu í öätolldu Eignarhalde; Einasta gietur hann þess að Þrugsaa, sem ädur hefur verid leigd med 1 hndr. Landsk. giefe nu ei meire Rentu af sier enn 30 al. hann kvedst ei helldur Vita af því Skogar Jtake sem Biskupanna Visitatium umm gieta innann [innann, ofan línu] Setzeliuhófdá.<sup>41</sup>

Vísitasía Saurbæjar frá 13. júlí 1868 er mjög keimlík ýmsum eldri vísitasíum:

Þetta á kirkjan í jörðum eptir máldögum: allt heimaland, Sandhóla, Krínastaði, Háls, Velli, Þrugsá, hálfann Djupadal (nefnl. öðrumegin) alla Þrúgstungu, nú kallaða Sneis, Skog í Kallbak, fyrir norðan og upp að Þverskyldi, Ceselju part í Núpufellsskóg, suður frá Miklagarðsskogi og suður til Saurbrúar hinnar ytri. Aðra skógstöða [svo] fyrir Sunnan syðri Saurbrú niður undan Hvassafellsskogi og niður á Gilsbakka.

Einnig á kirkjan þessi heimalönd: Melgerði og Rauðhús. Svo nefndur Þrúgsárdalur fylgir kirkjujörðinni Þrugsá.<sup>42</sup>

Saurbær er beneficium og kirkjustaður, samkvæmt Jarðabókinni 1712. Í landinu eru hjáleigurnar Raudhus, Melgerde, Kieppsteigur (í eyði) og Sandhólar.

Selför á staðurinn með tilliggjandi landi á Djúpadal austanfram, fram frá Stóradals landi. Aðra selför í Þrúgstúngu og alla túnguna með í millum Þrúgsár og Þverdalsár.

Timburhögg í Bjarkarskógi, sá skógur er gjöreyddur. Skógarhögg í Kallbak í Höfðahverfi, og so eyddur. Skógarítök tvö (eftir visitatium Hr. Guðbrands í Núpufells jörðu, sá skógur og gjöreyddur. Skógarpart í Leynings landi, sem kallast Sesseljuhöfði, þar er lítill eldiviðarskógur, en bjarglegur til tróðs, eyðist mjög, því takmarkið er lítið. [...]

---

<sup>39</sup> Skjal nr. 2 (39) a-b.

<sup>40</sup> Skjal nr. 2 (192) a-b.

<sup>41</sup> Skjal nr. 2 (40) a-b.

<sup>42</sup> Skjal nr. 2 (194) a-b.

---

Engið er mestpartinn þurlent og blæs víða upp í holt, sem í vöxt fer árlega. Úthagarnir eru búljettir heim um sig á sumardag, og væri þörf að brúka selför, ef því yrði viðkomið.<sup>43</sup>

Árið 1729 þann 27. apríl, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplestin lögfesta fyrir landi Saurbæjar beneficio, er hljóðaði svo:

5. Upplesenn logfesta Profastsens Sra Eyreks Þorsteinssonar fyrir Saurbær Beneficii Lande, og þess underliggiannde afrettum, Þrugstungu og Diupadal, til þeirra Landa [án bls] Merkia Sem Þar eru tiltekenn og logfestann med Sier ber af Rettenum uppáskrifud.<sup>44</sup>

Árið 1733, þann 5. maí, á manntalþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var lesin upp lögfesta fyrir Saurbæjar beneficio, og undirliggjandi ítökum:

3. Var upplesinn Logfesta Vel Ehruverdugs Profastsins S<sup>ra</sup> Eijreks Þorsteinssonar fyrir Saurbær Beneficio og ollumm þess undirliggjandi ítökum til vissra ummerkia, so sem logfestann sialf med sier ber, hier uppaskrifud fyrir Rettenum.<sup>45</sup>

Árið 1735, þann 18. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplestin lögfesta fyrir Saurbæjar beneficio:

4. Upplesenn Logfesta Wel Ehruverdugs Síra Eijrekz Thorsteinssonar fyrir hanz Beneficio Saurbæ, med þess takmorkumm, afrettumm, ítökum og landamerkiumm.<sup>46</sup>

Nokkrar lögfestur voru lesnar upp fyrir Saurbæ, ýmist á Skriðu í Hörgárdal eða að Saurbæ, en það var á árunum 1775,<sup>47</sup> 1779,<sup>48</sup> 1783<sup>49</sup> og 1788.<sup>50</sup> Árið 1791<sup>51</sup> og 1796<sup>52</sup> voru lesnar upp lögfestur fyrir Saurbæjar beneficio. Landamerkja var ekki getið.

Í jarðamati 1804 kemur fram að Saurbæ tilheyrta tvær eyðihjáleigur; Varmhagi (Varmhagagerði) og Ásgarður. Saurbær hefur afrétt til eigin nota, Sneis.

De öde Hialejer Varmhage (Varmhagegerde) og Asgard ere herunder indbefattede. Afreet haves til eget Brug, Sneis kaldet.<sup>53</sup>

---

<sup>43</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 243.

<sup>44</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>45</sup> Skjal nr. 2 (131) a-b.

<sup>46</sup> Skjal nr. 2 (134) a-b.

<sup>47</sup> Skjal nr. 2 (137) a-b.

<sup>48</sup> Skjal nr. 2 (135) a-b.

<sup>49</sup> Skjal nr. 2 (136) a-b.

<sup>50</sup> Skjal nr. 2 (138) a-b.

<sup>51</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>52</sup> Skjal nr. 2 (157) a-b.

<sup>53</sup> Skjal nr. 2 (154).

---

Árið 1825, þann 18. maí, á kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþingi, að Saurbæ í Eyjafirði, var lesin upp lögfesta fyrir landareign og ítökum Saurbæjarkirkju og staðar, sem og bann á brúkun Saurbæjar beneficio afrétt Djúpadals:

2. Eftirskrifad fasteigna afsals bref. [...] f. Lögfesta Prestsins S<sup>t</sup> E. Thorlacius her á Stadnum fyrir Landeignum og Itökum Saurbæar kyrku og Stadar svo og Prestsins Forbod fyrir brúkun Saurbæar Beneficii afréttar Diúpadals. bæði þessi Document af Dags Dato.<sup>54</sup>

Árið 1835, þann 18. maí, á kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var lesin upp lögfesta fyrir Saurbæjarlandi, dagsett samdægurs.<sup>55</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Saurbær heyri hjáleigunar Sandhólar, Melgerði og Rauðhús. Um afréttamál segir svo:

Afréttir fyrir fénað prestsetursins og kyrkjujarðanna. Heita þær Djúpudalur og Sneis. Gríttar og snöggar, og eingin fleiri hlunnindi.<sup>56</sup>

Það kemur einnig fram í jarðamatinu að þá áttu nokkrar jarðir kirkjunnar, Krýnastaðir, Sandhólar, Háls, Melgerði, Rauðhús og Vellir, frían upprekstur á „afrétti“ Saurbæjar.<sup>57</sup>

Í skrifum yfirmatsmanna Eyjafjarðarsýslu frá 18. júní 1850 kemur fram að Saurbæ fylgi beitolandspartur á bak við fjallið sem kallist Varmhagi.<sup>58</sup>

Í sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu um miðja 19. öld segir um afréttamál Saurbæjar:

Sjö kirkjujarðir liggja undir Saurbæ. Þar af eru 3 hjáleigur byggðar úr heimalandi staðarins. Allar eru þær, mest af náttúrunnar völdum, mikið af sér gengnar og því lágt leigðar.

Enga afréttartolla bær beneficiarius, því kirkjujarða-landsetarnir eiga frían upprekstur eftir venjunni, og meina bera eigi kirkjunnar afréttarlönd, sem eru eftir máldögum, Djúpidalur hálfur, og Sneis, eða Þrúgstunga, því Strjúgsárdalur liggur undir kirkjujörðina Strjúgsá (olim Þrúgsá). Engin hlunnindi, fríðindi eða ítök á nú staður þessi, utan ef telja skyldi litlar skógleifar í Ceciliuhöfða í Leyningshólum í Hólasókn (Saurbæjarkirkja var í pápískri öld helguð h[eilagri] Ceciliu og eru nú að þeim skógi lítil sem engin not.<sup>59</sup>

Árið 1855, 7. júlí, var haldinn sáttafundur með prestinum í Saurbæ, séra Einari Thorlacius, og ábúendum á Stóradal og Ytri- og Syðri-Gerða. Sáttargerðina er að finna í Sáttabók Saurbæjarsáttaumdæmis 1837-1902. Deilan snerist um ágang sauðfjár

---

<sup>54</sup> Skjal nr. 2 (158) a-b.

<sup>55</sup> Skjal nr. 2 (159) a-b.

<sup>56</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>57</sup> Skjöl nr. 2 (119) og 2 (198).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2 (169).

<sup>59</sup> Einar Thorlacius. „Stutt og strjálskipuð skýrsla yfir Saurbæjarprestakall í Eyjafirði“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. 1972, bls. 200-201

---

í afréttarlöndum Saurbæjar frá nefndum bæjum yfir selstöðutímann. Saurbæjarprestur kærði ábúendur hinna bæjanna:

vidvíkjandi ónæði gélðfjárnsins í Saurbæar afréttarlöndum um selverutímann ofanefndra búenda, sem árlega brúka og hafa brúkað selstöðu á ytri parti Djúpadals; en einkanlega er kvartað um óþægilegann rekstur á fénu 2ar sinnum eptir að þeir fluttu í selid í þetta sinn – því selland þeirra liggur midt á milli Saurbæartorfu afréttar-parte Sneisar og Djúpadals. Og ennfremur ákjærir velnefndur prestur, að trippi frá Stóradal hafi gengið á fremra parti Djúpadals [Djúpa, ofan línu; strikað yfir: Stóra], sem hann lét þó fridlýsa á næstlidnu manntalsþingi, og einnig stundum stódhross frá sama heimili í Saurbæar heimalandi Varmhaga.<sup>60</sup>

Niðurstaðan sem komist var að á sáttafundinum var svohljóðandi:

Eptir nokkrar umræður í áminnstu málefni gjördist svolátandi sáttasamningur: að presturinn leyfir þeim ákjærdu fyrir sína tíð, að halda búsmala sínum allt fram á Hæðir svokalladar á Djúpadal [á Djúpadal, ofan línu] með því skilyrði, að hirdir fylgi fénu nótt og dag að forfallalaus. Þar á móti lofa hinir ákjærdu, að sameiginlegt geldfé þeirra sjálfra og búendanna í Saurbæar-torfu skuli hafa fullkomid næði á Þverdal um seltíman – án þess að halda þágangad kvíaánum – og vísa þágangad jafnóðum því gélðfé og lömbum, sem kynni að slædast í kvífé þeirra á Djúpadal fyrir heiman trippafyrirstöðugardinn, og sérilagi gjæta [gjæta, tvítekið] þess trúlega, að kindur leggist ekki út í eyrarnar við Strjúgsána, heldur reka þær hid fyrsta uppá Þverdal. Er það afréttarfé, sem kynni að renna heim á leid framan fyrir áminnstan vörðslugard lofa þeir að reka fram fyrir ádurnefndar Hæðir á Djúpadal, sem mönnum kémur saman um að skuli vera hérumbil 150 fjár um seltímann, og kom öllum ásamt um, að hlutadeigendur hjálpist til að jafna gélðfénu á afréttirnar um leid og flutt er í selid. Ennfremur undirgáangast þeir og lofa sameiginlega, að taka hverki trippi né saudfé af öðrum út í frá á sína afrétt, en það ségir sig sjálft, að þeir éga þar fulla heimild fyrir sínar eigin sképnur; en sínum égin hrossum, tömdum og ótömdum, haldi þeir á Þverdal um seltímann, en eptir það komid er heim úr selinu, verður ekki ákjært, þó trippi þeirra fari órekin fram á fremri part Djúpadals – og veita þeim fyrirstöðu, sem best þeir géta, svo þau gangi ekki heim í sveitina til skémda á túnnum, engjum edur úthaga í Saurbæar plátsi en vilji slíkt til, þá lofa þeir, að reka þau strax aptur til afréttar eptir fénginni vísbendingu frá hinum hlutadeigendum. Þarámóti lofar optvelnefndur Prestur, að éngin trippi frá sér né kyrkjulandsetum sínum skuli gánga á Djúpadal, nema á vorum fram undir fráfarur. Hvað vidvíkur hinum seinasta ákjærupósti, þá lofa hlutadeigendurnir, að sporna við því sem best þeir géta, að hross þeirra gangi í Varmhaga eptirleidis sumar né vetur í Leyfisleysi. Ad öðru leiti falla nidur upphaflega áminnstir kjærupóstar.<sup>61</sup>

---

<sup>60</sup> Skjal nr. 4 (73).

<sup>61</sup> Skjal nr. 4 (73).



---

Undir sáttargerðina skrifa Á. Árnason og J. Stephánsson sáttasemjarar í málinu, E. Thorlacius prestur á Saurbæ, Vigfús Gíslason, Jón Benediktsson, Arnþór Árnason og Ólafur Magnússon, Jón Vigfússon fyrir hönd Stóradals, Ytri- og Syðri-Gerða.

Árið 1887, þann 24. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, voru þinglesin landamerki nokkurra jarða. Presturinn að Saurbæ mótmælti að því er snertir Þórishólma:

Þinglesin landamerki 1. Anastada, 2. Kerhóls, 3. Ness, 4. Miklagardstorfunnar: = Mikligardi, Ystagerdi, Dalkot, Samkomugardi og Midgerdi. Mótmælt að því snertir Þórishólma af prestinum að Saurbæ og eiganda Hóla eða Þverárdals.<sup>62</sup>

Snemma árs 1890, 15. febrúar, var haldinn fundur fyrir sáttanefnd Saurbæjarhrepps. Þar kærði Saurbæjarprestur, séra Jakob Björnsson, ábúendur á Syðra-Dalsgerði, Stóra-Dal og Ytra-Dalsgerði vegna afnota þeirra af hluta af Djúpadal. Svæðinu sem um er deilt og sáttinni sem náðist er lýst svo í sáttabókinni:

afnot á þeim hluta Djúpadals, er Saurbæjarkirkja á fram frá grjótgarði þeim, er liggur móti Kambfelli.

[...] sættist Beneficiarius upp á það að ábúendur ofanefndra jarða megi halda búsmala sínum á þessum hluta Djúpadals um selstöðu tíman, en jafnframt skulu þeir veita fyristöðu trippum þeim, er látin eru á dalinn á sumrin að svo miklu leyti, sem þeir geta, meðan haft er í selinu.<sup>63</sup>

Undir bréfið skrifa Jón Davíðsson og Vigfús Gíslason, á vegum sáttanefndarinnar, Jakob Björnsson, Saurbæ, Á. Stefánsson, Stóra-Dal, Kristinn Ketilsson, Syðra-Dalsgerði, Þorsteinn J. Pálsson og Guðmundur Þorvaldsson, Ytra-Dalsgerði.

Landamerkjabréf fyrir Saurbæ var útbúið þann 12. maí 1890 og það var þinglesið átta dögum síðar:

Auk þessa tilheyrir prestsetrinu Saurbæ svonefndur Varmhagi vestaní Saurbæarfjalli. Eru merki hans að utanverðu bein lína úr stórum steini fyrir sunnan og vestan Hálsstekk hinn forna ofaní Reiðhól og þaðan til Djúpadalsár; þaðan ræður bein stefna úr gilkjaptinum fram í Djúpadalsá hjá Langhólum, svo ráða Langhólar að sunnan og bein stefna efst úr þeim úti áðurnefndan stóran stein; utanvert við Hálsstekk hinn forna. Ítak fyrir 60 fjár til vetrarbeitar um 8 vikur eða 120 fjár í 4 vikur viðurkennist að ábúandi Stóradals megi nota.

Afrjettarlönd jarðanna eru: 1. Sneis- eða Þrúgstunga milli Þrúgsár að austan og Sneisar ár að vestan allt fram í jökul eptir máldögum Olafs Rognvaldssonar og Pjeturs biskups frá 1461 og 1394. – 2. Djúpidalur fram frá grjótgarði þeim, er liggur fram á móts við Kambfell og fram úr gegn, svo sem Djúpadalsá ræður að vestan. Á þessum parti er, að áskildu samþykki

---

<sup>62</sup> Skjal nr. 2 (160) a-b.

<sup>63</sup> Skjal nr. 4 (74)

---

Stiptysfirvaldanna (sbr. sættagjörð 15 febr 1890) viðurkennt ítak fyrir selstöðu um sumar tíman fyrir bú smala Stóradals; Syðri og Ytri-Dalsgerða móti því, að ábúendur nefndra jarða veiti trippum þeim sem þangað eru rekin fyrirstöðu, svo sem þeir geta, að þau fari ekki til byggða meðan selstöðutíminn yfir stendur. Kirkjujarðirnar Krónustaðir, Háls, Þrúgsá og Vellir ásamt hjáleigum prestakallsins, sem að framan eru nefndar [þ.e. Sandhólar, Melgerði og Rauðhús] eiga fría afrjett fyrir sínar egin skepnur sauðfje og trippi í Sneis- og Djúpadal.<sup>64</sup>

Jakob Björnsson prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Vigfúsi Gíslasyni, Jóni Jóhannessyni, Ólafi Ólafssyni, Þ. Thorlacius og H. E. Thorlacius sem skrifaði einnig undir fyrir hönd Álfheiðar Einaradóttur, eigendum Miklagarðstorfunnar, A. Stefánssyni, Kristni Ketilssyni og Guðrúnu Bergrósu Oddadóttur, vegna Djúpadals, A. Stefánssyni, með tilliti til Varmhaga og Benedikt Einarssyni ábúanda, vegna kirkjujarðarinnar Háls.

Í kaflanum um Saurbæ í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að jörðinni fylgi sérstakt upprekstrarland kallað „Sneis“ og hálfur Djúpidalur.<sup>65</sup>

Landamerkjabréf fyrir Saurbæ var útbúið 6. júní 1922:

Afrjettarlönd jarðarinnar eru: Fyrst Sneis eða Þrúgstunga milli Þrúgsár að austan og Sneisarár að vestan alt fram í jökul, eftir máldögum Ólafs Rögnvaldssonar og Pjeturs biskups frá 1461 og 1394. – Annað: Djúpi-dalur frá grjót garði þeim, er liggur fram á móts við Kambfell og framm í gegn svo sem Djúpadalsá ræður að vestan. Á þessum parti er viðurkennt ítak fyrir selstöðu um sumartímann fyrir búsmala Stóradals, Syðri og Ytri-Dalsgerða gegn því að ábúendur nefndra jarða veiti trippum þeim sem þangað eru rekin fyrirstöðu að þau fari ekki til byggða, meðal selstöðu tíminn stendur yfir. [...] Jarðirnar Krónustaðir, Sandhólar, Melgerði, Rauðhús, Háls, Vellir og Þrúgsá eiga frýja afrjett fyrir sínar eigin skepnur sauðfje og trippi í Sneis og Djúpadal.<sup>66</sup>

Gunnar Benediktsson prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Kristni Jónssyni, vegna Þrúgsár og Ytra-Dalsgerðis, Vald. Pálssyni, vegna Möðruvalla, Jóhannesi Ólafssyni, vegna Melgerðis, Bened. Einarssyni, vegna Háls, Jóni Einarssyni, vegna Rauðhúsa, Pálma J. Þórðarsyni, vegna Gnúpufells, Magnúsi Kristjánssyni, vegna Sandhóla og Þórði Daníelssyni vegna Núpufells.

Árið 1922, þann 20. júní, á manntalsþingi fyrir Saurbæjarhrepp höldnu að Saurbæ, var þinglesið landamerkjabréf Saurbæjar.<sup>67</sup>

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu* er minnst á ítak Saurbæjar í Ceciliuhöfða. Nánar um þetta í kafla 5.13.

---

<sup>64</sup> Skjal nr. 2 (65).

<sup>65</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>66</sup> Skjal nr. 2 (66).

<sup>67</sup> Skjal nr. 2 (161) a-b.

---

Í bókinni *Gríma hin nýja* stendur:

Ein af jörðum þeim, sem áður lágu undir Saurbæjarkirkju í Eyjafirði, var Strjúgsá. Á milli þessara bæja er hátt fjall; er það kallað Saurbæjarfjall að austanverðu og stendur Saurbær undir því utan til; að vestanverðu er fjallið kallað Strjúgsárfjall og stendur Strjúgsá innan til við það að vestan, þar sem það er hæst. Upp undan bænum á Strjúgsá er gjá ein mikil í fjallið og heitir Kötflugjá. [...]

Fram frá Strjúgsá skerst dalur sá, er Strjúgsárdalur heitir. Er hannn grýttur og illur yfirferðar, en kjarngott er þar fyrir búsmala. Niður dalinn rennur á út í Djúpadalsá, og er hún samnefnd bænum.

Það var siður Saurbæjarpresta fyrr á tímum að flytja búsmala sinn á sumrum frá á Strjúgsárdal og hafa þar í seli. Það gerði einnig síra Eiríkur Þorsteinsson, sem hélt Saurbæjarkall 1726-1738. [...]

Lagðist [Strjúgsár]selið niður á þeim stað [vegna reimleika], en var síðar byggt á Djúpadal, sem er vestar. Höfðu Saurbæjarprestar þar í seli fram á 19. öld.<sup>68</sup>

#### 5.4 Stóridalur og Stóradalsafréttir

Djúpadals er getið í *Landnámu*. Helgi magri mun samkvæmt henni hafa gefið dóttur sinni Þóru land upp frá Skjálgdalsá til Háls, og þeim hafi fylgt Djúpadalslönd.<sup>69</sup>

Í máldagabók Péturs biskups Nikulássonar, frá 1394 og síðar, segir að Saurbæjarkirkja eigi hálfan Djúpadal og er þá verið að tala um dalinn sjálfan.<sup>70</sup> Sömu upplýsingar koma fram í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar og í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.<sup>71</sup>

Kirkja var á jörðinni Djúpadal 1318 samkvæmt máldagabók Auðuns biskups rauða Þorbergssonar en kirkjumáldaginn er svo máður að hann verður ekki lesinn.<sup>72</sup> Djúpadalskirkja á hvorki landeignir né ítök samkvæmt máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar.<sup>73</sup> Sú staða hefur ekkert breyst í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar, kirkjureikningi frá 3. júní 1547, né kirkjureikningum frá 1569.<sup>74</sup>

Í vísitasíum biskupa fyrir Stóradal frá 1605, 1662, 1695, 1718, 1727, 1735 og 1749 er ekkert minnst á ítök.<sup>75</sup>

Jörðin Stóridalur er skráð 80 hundruð í jarðabók 1712. Margir eigendur eru að jörðinni, víða um land. Bæði er getið afréttar og selslanda. Jörðin á Vaskarárdal, og

---

<sup>68</sup> *Gríma hin nýja*. Reykjavík. 1979, bls 271-273.

<sup>69</sup> Íslensk fornrit I. *Íslendingabók Landnámabók*, bls. 266.

<sup>70</sup> DI III, bls. 524, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>71</sup> DI V, bls. 310; DI IX, bls. 328, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>72</sup> DI II, bls. 452, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>73</sup> DI III, bls. 525, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>74</sup> DI V, bls. 311-312; DI XI, bls. 553; DI XV, bls. 332-334, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>75</sup> Sjá skjal nr. 2 (skjalaflokkur A.8. Ónr.).

---

auk þess beit í Saurbæjarlandi. Sel heimajarðarinnar kallast Mælifell, og er fram á Djúpadal.

Selför með tilliggjandi landi á jörðin austan framm á Djúpadal, á millum Strjúgsár og Merkisgarðs með hálfum Þverdal, og brúkast jafnlega. Vaskárdal á jörðin og heim í Axlir, en engin not hefur jörðin þessa afrjettar, en áður hafa þangað verið reknir hestar á sumur. Beit í Saurbæjar land þar sem Harðmagi heitir, gegnt Stóradal, er jörðunni eignuð fyrir þrjár lestir um þrjár nætur fyrir og eftir, brúkast lítt.<sup>76</sup>

Um Mælifell er fjallað í sérstökum kafla, og vísast þangað.

Árið 1723, þann 7. maí, að settu manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var upplesinn vitnisburður Ara sýslumanns Þorkelssonar, í hverjum hann vitnar um dýrleika Stóradals, með sínum tveimur afbýlum og hjáleigum:

8. Var upplest Attest Sislumannsens Mons<sup>r</sup> Ara Thorkielssonar, Med hveriu hann efter Begierning Mons<sup>r</sup> Einars Einarssonar, vitnar, að á þeim 16 ára tíjma sem hann í Eyafyrde uppalest og fullalra dvalest hafe, hafe hann einge tvimæl heirt leika á þvj að Jordenn Stóredalur være ad Kauphluta og Dírleika med sinum tveimur híáleigum og afbylum 100 h(undrad).<sup>77</sup>

Árið 1729, þann 27. apríl, var upplesin lögfesta fyrir Stóradal, sem og um afréttir Saurbæjar á Þrúgstungu og Djúpadal.

2. Var upplesenn logfesta Prestsens S<sup>ra</sup> Þorlaks Grimssonar fyrer hans leigu jordu Stóradal í Eijafyrde med þeim Landamerkiem sem þar eru tiltekenn, So sem hun af Rettenum uppáskrifud sier ljkast hermer [...] 5. Upplesenn logfesta Profastsens S<sup>ra</sup> Eyreks Þorsteinssonar fyrer Saurbæar Beneficii Lande, og þess underliggiannde afrettum, Þrugstungu og Diupadal, til þeirra Landa Merkia Sem þar eru tiltekenn og logfestann med Sier ber af Rettenum uppáskrifud.<sup>78</sup>

Árið 1730, þann 9. maí var upplesið á manntalsþingi kaupbréf fyrir 12 ½ hundraði í jörðinni Stóradal:

4. Upplesid kaupbref Arna Biarnasonar fyrir 12 ½ h(undraði) í jordunne Stóradal í Eijafirde firir lausafe dat. ad Miklagarde dag 6. maj 1729.<sup>79</sup>

Lögfesta fyrir jörðinni Stóradal var upplesin á manntalsþingi 5. maí 1733. Takmörk jarðarinnar koma þó ekki fram.<sup>80</sup>

Í jarðamati 1804 kemur fram að jörðin Stóridalur á afrétt sem tvær aðrar jarðir nýta sér yfir sumartímann. Auk þess tilheyrir eyðihjáleigan Mælifell jörðinni.

---

<sup>76</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 237.

<sup>77</sup> Skjal nr. 2 (128) a-b.

<sup>78</sup> Skjal nr. 2 (129) a-b.

<sup>79</sup> Skjal nr. 2 (130) a-b.

<sup>80</sup> Skjal nr. 2 (131) a-b.

---

Derimod en Afret hvori om Sommeren indtages Lam til Græsning fra 2 Jorder. Torvrist maae anskaffes hos Fremmede for 48 sk. aarlig. [...]

Den öde Hialeje Mælefell er herunder indbefattet.<sup>81</sup>

Fram kemur í kaflanum um Stóradal í jarðamatinu 1849 að afrétt sé rúmleg til heimilisins. Stóridalur á selstöðu í afréttinum Djúpadal þar sem hjáleigan Mælifell, fyrir löngu í eyði komin, stóð eitt sinn. Ytri- og Syðra-Dalsgerði eiga ítak ásamt Stóradal í þennan afrétt. Bæði Dalsgerðin eiga selstöðu á Djúpadal og frían upprekstur á afrétt. Stóridalur á einnig tiltölu í afréttunum Þverdal og Branda móti Dalsgerðisjörðunum tveimur.<sup>82</sup>

Árið 1855, 7. júlí, var haldinn sáttafundur með prestinum í Saurbæ, séra Einari Thorlacius, og ábúendum á Stóradal og Ytri- og Syðri-Gerða. Sáttargerðina er að finna í Sáttabók Saurbæjarsáttaumdæmis 1837-1902. Deilan snerist um ágang sauðfjár í afréttarlöndum Saurbæjar frá nefndum bæjum yfir selstöðutímenn.<sup>83</sup> Segir nánar frá sættinni og niðurstöðu málsins í kaflanum um Saurbæ.

Landamerkjabréf fyrir Stóradal var útbúið þann 19. maí 1890 og þinglesið degi síðar:

Að sunnan ræður Brandabúðará merkjum allt það er Brandabúðardalur nær, en þar ofan frá eru merkin beina stefnu niður úr gljúfrum til Djúpadalsár, út þaðan liggja merkin eptir Djúpadalsá undir Laughólum, og þaðan beina stefnu út í Gerðahólagilið. [...]

Einnig á Stóridalur austan megin Djúpadalsár allan Þverdal af Mælisfellshálsi fram á fjöll, og allt land eyðihjáleigunnar Mælifells. Þar ræður merkjum að utan bein stefna úr Þrúgsárgilinu ofan Þrúgsáreyrar í Djúpadalsá, fram þaðan liggja merkin eptir Djúpadalsá vestan megin Mælisfellshólma að grjótgardi þeim er liggur til austurs upp frá ánni gegnt Kambfelli.

Ítök jarðarinnar í Saurbæjarlandi eru þessi: Vetrarheit í Varmhaga [...] Selstaða í Djúpadal fyrir framan grjótgard á móti Kambfelli.

Ítök sem Ytri- og Syðri Dalsgerði eiga í Stóradalslandi: Upprekestur á sumrum fyrir sitt eigið geldfé og trippi í Þverárdal og selstöðu búfjárheit í Mælisfellslandi.<sup>84</sup>

A. Stefánsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði eigandans. Það var samþykkt af Jakobi Björnssyni, fyrir hönd Saurbæjarprestakallsprests, Ólafi Guðmundssyni, sem eiganda Litladals, Guðrúnu Bergrósu Oddsdóttur, Ytri-Dalsgerðum og Jóhannesi Randverssyni, ábúanda jarðarinnar Litladals, fyrir hönd séra St. Árnasonar, eiganda.

Snemma árs 1890, 15. febrúar, var haldinn fundur fyrir sáttanefnd Saurbæjarhrepps. Þar kærði Saurbæjarprestur, séra Jakob Björnsson, ábúundur á

---

<sup>81</sup> Skjal nr. 2 (154).

<sup>82</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>83</sup> Skjal nr. 4 (73).

<sup>84</sup> Skjal nr. 2 (72).

---

Syðra-Dalsgerði, Stóra-Dal og Ytra-Dalsgerði vegna afnota þeirra af hluta af Djúpadal. Svæðinu sem um er deilt og sáttinni sem náðist er lýst svo í sáttabókinni:

afnot á þeim hluta Djúpadals, er Saurbæjarkirkja á fram frá grjótgarði þeim, er liggur móti Kambfelli. [...]

sættist Beneficiarius upp á það að ábúendur ofanefndra jarða megi halda búsmala sínum á þessum hluta Djúpadals um selstöðu tíman, en jafnframt skulu þeir veita fyrirstöðu trippum þeim, er látin eru á dalinn á sumrin að svo miklu leyti, sem þeir geta, meðan haft er í selinu.<sup>85</sup>

Undir bréfið skrifa Jón Davíðsson og Vigfús Gíslason á vegum sáttanefndarinnar, Jakob Björnsson, Saurbæ, Á. Stefánsson, Stóra-Dal, Kristinn Ketilsson, Syðra-Dalsgerði, Þorsteinn J. Pálsson og Guðmundur Þorvaldsson, Ytra-Dalsgerði.

Í kaflanum um Stóradal í fasteignamatinu 1916-1918 stendur að jörðinni fylgi afréttur „Þverdalur“ og hálfur Djúpidalur. Tvær aðrar jarðir eiga þar upprekstur fyrir géldfé og trippi.<sup>86</sup>

Landamerkjabréf fyrir Stóradal var útbúið 23. desember 1921:

Að sunnan ræður Brandabúðardalsá merkjum alt það, er Brandabúðardalur nær en þar ofan frá eru merkin niður úr gljúfrinu til Djúpadalsár beina stefnu á fornar beitarrúsatóftir í Strjúgsarlandi. Út þaðan liggja merkin eftir Djúpadalsá undir langhólum og þaðan beina stefnu í Gerðahólagilið.

Að norðan liggja merkin úr Djúpadalsá eftir grjótvrörðum á fjall upp. Merkjálína þessi liggur skamt fyrir norðan svo nefndan „Alviðruhól“. Síðan liggja merkin vestur fjallið vestur fyrir dragið á Brandabúðardal.

Einnig á Stóridalur land austan megin Djúpadalsár Þverdal allan fram á fjall og alt land eyðihjáleigunnar „Mælifells“.

Þar ræður merkjum að austan Sneisará og og Strjúgsá, að norðan bein stefna úr Stjúgsárgilsmynninu niður undir Djúpadalsá. Eftir línu, sem úr gljúfrunum stefnir á Stekkjartóft í Litladals lands norðan við svonefnda Stóruskriðu.

Að vestan liggja merkin frá síðastnefndri línu fram Djúpadalsáreyrar í beinni stefnu milli Strjúgsárþæjar vestanverðs og Skiphóls, þá fylgja merkin Djúpadalsánni frá Skiphól að grjótgarði þeim, sem liggur upp frá ánni gegnt Kambfelli og eftir honum á fjall upp. Ítök jarðarinnar í Saurbæjarland eru þessi: Vetrarþétt í Varmhaga fyrir 60 fjár í 8 vikur eða 120 fjár í 4 vikur. Selstöðu á Djúpadal fyrir framan grjótgarð á móti Kambfelli gegn því að ábúandi Stóradals veiti tryppum þeim, er þangað eru rekin, fyrirstöðu sem hann getur, að þau fari ekki til byggða á meðan selstöðutíminn stendur yfir.

Ítak það, er Syðra Dalsgerði og Ytra-Dalsgerði eiga í land jarðarinnar er, að þær jarðir eiga upprekstrarrjett á afrjettarland á Þverdal fram, fyrir sitt eigið

---

<sup>85</sup> Skjal nr. 4 (74)

<sup>86</sup> Skjal nr. 2 (96).

---

fje, tryppi og folaldahryssur, er í afriett eiga að ganga um lengri tíma, gegn því að þeir annist fyrirstöðu að jöfnu við ábúanda Stóradals.<sup>87</sup>

Bjarni Einarsson, eigandi jarðarinnar, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Kristni Jónssyni, eiganda Strjúgsár og Ytra-Dalsgerðis, Magnúsi Árnasyni og M. Trampe, eigendum Litladals og Gunnari Benediktssyni, fyrir hönd Saurbæjar. Landamerkin voru þinglesin 1922.<sup>88</sup>

Hólmgeir Þorsteinsson skrifar um sel í *Heimdraga IV*:

Sel þessi hétu Mælifellssel og Hvassafellssel og voru bæði framarlega í Djúpadalnum í Eyjafirði, æskusveit minni.

Engar heimildir eru til um, hvenær þessi sel voru byggð og fyrst notuð, en líklegt er, að það hafi verið um svipað leiti og byggð hófst í Hvassafelli og Stóra-Dal, en frá þeim bæjum voru sel þau, sem hér um ræðir.

#### *Mælifellssel*

Í jarðamati Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712 segir um Stóra-Dal: „Selför með tilheyrandi landi á jörðin austan fram á Djúpadal, millum Strjúgsár og Merkigarðs með hálfum Þverdal, og brúkast jafnlega.“ Var selið frá Stóra-Dal jafnan nefnt Mælifellssel. Í sambandi við þá nafngift segir enn fremur í jarðamatinu: „Það eru munnmæli að þar (Mælifelli) hafi í fyrndinni byggð verið, sjást þess og nokkur merki af fornum garðlögum hér í kring.“ Er líklegt, að Mælifell hafi lagzt í eyði í einhverri plágunni, sem yfir landið gekk, eins og mörg önnur býli í landinu. Í manntali 1703 er Mælifells ekki getið. En í manntalsbók sýslumanns 1756 er talinn gjaldskildur í Mælifelli Ásmundur nokkur, og þá væntanlega heimilisfastur þar. En hvað sem annars kann að mega segja um byggð þar á þeim tíma, er það víst, að þar var haft í seli frá Stóra-Dal allt fram um 1870.

Mælifell stóð austanvert við hálsinn, en liggur norður frá rótum Mælifellshjúks, milli Þverdals og Djúpadals. Á hálsinum er hólabyrping allmikil, sem heita Þverdalsbólur. Selið frá Stóra-Dal var ætíð nefnt Mælifellssel og eins eftir að það var fært í beitarhúsin frá Stóra-Dal, sem stóðu vestan við hálsinn, yzt í Djúpadalum. Vestan við beitarhúsin rann Djúpadalsáin. Á milli hennar og húsanna voru sléttir hólmar, sem áin er búin að brjóta, og rennur hún nú rétt vestan við beitarhúsin. [...]

Bændurnir í Syðra- og Ytra-Dalsgerði áttu selkofa utantil í svonefndri Stóruskriðu, utarlega á Djúpadalnum. En eitt vorið, um 1880, féll skriða mikil úr Stóruskriðugilinu og tók af selkofana. Eyðilögðust þá með öllu Gerðaselin.

---

<sup>87</sup> Skjal nr. 2 (87).

<sup>88</sup> Skjal nr. 4 (50).

---

Eftir það voru Gerðabændum leyfð afnot af beitarhúsunum í félagi við Stóra-Dalsbónda.<sup>89</sup>

Í bókinni *Gríma hin nýja* stendur:

Fram frá Strjúgsá skerst dalur sá, er Strjúgsárdalur heitir. Er hann grýttur og illur yfirferðar, en kjarngott er þar fyrir búsmala. Niður dalinn rennur á út í Djúpadalsá, og er hún samnefnd bænum. [...]

Lagðist [Strjúgsár]selið niður á þeim stað [vegna reimleika], en var síðar byggt á Djúpadal, sem er vestar. Höfðu Saurbæjarprestar þar í seli fram á 19. öld.<sup>90</sup>

#### 5.4.1 Mælifell/Mælifellssel

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir í umfjöllun um Stóradal (Djúpadal):

Mælifell kallast sel heimajarðarinnar fram á Djúpadal. [Drupadal, stendur í handriti, sbr. neðanmálgrein í útgáfu.] Það eru munnmæli, að þar hafi í fyrndinni bygð verið, sjást þess og nokkur merki af fornum garðlögum hjer í kríng. Ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskaparleysi.<sup>91</sup>

Á manntalsþingi að Saurbæ þann 17. maí 1775 var fjallað um ábúð í Mælifellsseli. Þar var fjallað um Guðmund Benedikts og „þá er tiltal um Mælifellssel að hann þangad vike.“<sup>92</sup>

Eyðibýlatilskipunin 1776 leiddi m.a. til þess að eyðijarðirnar Víðines og Mælifellssel voru auglýstar sem búsetujarðir af sýslumanni á manntalsþingi að Saurbæ þann 8. maí 1780. Enginn svaraði þessari auglýsingu.<sup>93</sup>

Í jarðamati 1804 kemur fram að jörðin Stóridalur á afrétt sem tvær aðrar jarðir nýta sér yfir sumartímann. Auk þess tilheyrir eyðihjáleigan Mælifell jörðinni.<sup>94</sup> Þess er einnig getið í viðauka við mat Stóradals (Djúpadals) í Jarðatali Johnsens að hjáleigan Mælifell sé talin með jörðinni.<sup>95</sup>

Fram kemur í kaflanum um Stóradal í jarðamatinu 1849 að afrétt sé rúmleg til heimilisins. Stóridalur á selstöðu í afréttinum Djúpadal þar sem hjáleigan Mælifell stóð eitt sinn. Þessari afrétt deilir Stóridalur með Ytra- og Syðra-Dalsgerði. Stóridalur á einnig hluta í afréttunum Þverdal og Branda ásamt Dalsgerðisjörðunum tveimur.<sup>96</sup>

Landamerkjabréf fyrir Stóradal var útbúið þann 19. maí 1890 og þinglesið degi síðar:

---

<sup>89</sup> *Heimdragi – Íslenzkur fróðleikur gamall og nýr* IV, bls. 136 – 137.

<sup>90</sup> *Gríma hin nýja*, bls 272-273.

<sup>91</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 238.

<sup>92</sup> Sjá skjal nr. 2 (A.6.61. a-b).

<sup>93</sup> Sjá skjal nr. 2 (A.6.62.).

<sup>94</sup> Skjal nr. 2 (154).

<sup>95</sup> Skjal nr. 4 (7).

<sup>96</sup> Skjal nr. 2 (119).



---

Einnig á Stóridalur austan megin Djúpadalsár allan Þverdal af Mælisfellshálsi fram á fjöll, og allt land eyðihjáleigunnar Mælifells. Þar ræður merkjum að utan bein stefna úr Þrúgsárgilinu ofan Þrúgsáreyrar í Djúpadalsá, fram þaðan liggja merkin eptir Djúpadalsá vestan megin Mælifellshólma að grjótgarði þeim er liggur til austurs upp frá ánni gegnt Kambfelli. [...]

Ítök sem Ytri- og Syðri Dalsgerði eiga í Stóradalslandi: Upprekstur [...] í Þverárdal og selstöðu búfjárbeit í Mælifellslandi.<sup>97</sup>

Nánar er fjallað um landamerkjabréfið í kaflanum um Stóradal.

Landamerkjabréf fyrir Stóradal var útbúið 23. desember 1921:

Einnig á Stóridalur land austan megin Djúpadalsár Þverdal allan fram á fjall og alt land eyðihjáleigunnar „Mælifells“.

Þar ræður merkjum að austan Sneisará og og Strjúgsá, að norðan bein stefna úr Stjúgsárgilsmyninu niður undir Djúpadalsá. Eftir línu, sem úr gljúfrunum stefnir á Stekkjartóft – Litladals lands norðan við svonefnda Stóruskriðu.

Að vestan liggja merkin frá síðastnefndri línu fram Djúpadalsáreyrar í beinni stefnu milli Strjúgsarbæjar vestanverðs og Skiphóls, þá fylgja merkin Djúpadalsánni frá Skiphól að grjótgarði þeim, sem liggur upp frá ánni gegnt Kambfelli og eftir honum á fjall upp.

Nánar er fjallað um landamerkjabréfið í kaflanum um Stóradal.

Hólmgeir Þorsteinsson skrifar í *Heimdraga IV* um Mælifell og Mælifellssel. Nánar er fjallað um þetta í kaflanum um Stóradal.<sup>98</sup>

## 5.5 Strjúgsá (Þrúgsá)

Þrúgsá er fyrst talin upp á meðal jarða Saurbæjar í máldagabók Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar og svo í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 og kirkjureikningi frá 1569.<sup>99</sup>

Þessi jörð er einnig talin tilheyra Saurbæ í vísitasíum Saurbæjar frá um 1582, 1685, 1695, 1718, 1726, 1749, 1752, 1761 og 1868.<sup>100</sup>

Jörðin Strjúgsá er 20 hundruð í eigu Saurbæjar, samkvæmt Jarðabók 1712.

Útigangur í betra lagi, og gengur roskið fje oftast af með litlum heystyrk, en lömb fóður hjer um til helmínga. Hestagánga gjafrarlaust. [...]

Engið er og stórlega af skriðum fordjarfað og víða óvinnandi. Úthagarnir eru nægir.<sup>101</sup>

Í landamerkjabréfi ódagsettu frá miðri 18. öld stendur eftirfarandi:

---

<sup>97</sup> Skjal nr. 2 (72).

<sup>98</sup> *Heimdragi – Íslenzkur fróðleikur gamall og nýr IV*, bls. 136-137.

<sup>99</sup> DI V, bls. 310; DI IX, bls. 328; DI XV, bls. 350, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>100</sup> Skjöl nr. 2 (33) a-b, 2 (34) a-b, 2 (36) a-b, 2 (37) a-b, 2 (191) a-b, 2 (39) a-b, 2 (192) a-b, 2 (40) a-b og 2(194) a-b.

<sup>101</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 240.

---

Landa Merke Þruxar Hun ä Þruxardal og utedfter Länghola.<sup>102</sup>

Árið 1846, þann 19. maí, á kóngsbréfaupplesturs- og manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, var útgefin lögfesta fyrir landi kirkjujarðarinnar Strjúgsár:

9. Lögfesta fyrir kirkjujardarinnar Strjúgsár landi hér í hrepp, útgéfin af ábúanda jardarinnar Jóni Gíslasyni, og dagsett 18 Maí 1846.<sup>103</sup>

Í lögfestunni kemur fram:

[...] til rétttra ummerkja. Ad utan: í svo kallada Láng hóla og beina Stefnu úr þeim þvert upp til efstu brúnar á Þríugs ár Fjalli og framm téda brún fremst fram í Þríugsardals botn, ad Vestan af markar áminnstrar Jardar Landeign Þríugs á heim ad Gils steynum[??] fyrir Sunnann bæin, enn þadan Vestur í Djúpadalsá gömlu Áar Farvegnum fyrir Sunnann þá svo nefndu Þríugs ár hólma, og þadan af út eptir Djúpadalsá til ádur áminnstra Lang hola. Fyrirbíd eg ölum nefndrar Jardar Landeign ad brúka edur á nokkurn hátt sér ad ínitia innan tédra Takmarka nema mitt sé fullkomid leifi til; Sömuleidis áminnast monetoriskt, þeim af Nábúunum, sem nærst eiga Lönd ad stjórna eptir Megni vid áminnsts Lands Nídslu og Atrodningi af Peníngi þeirra, samkvæmt Landsins gyldandi lögum.<sup>104</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að afrétt tilheyri kirkjujörðinni Strjúgsá heimilinu nægjanleg.<sup>105</sup>

Landamerkjabréf fyrir Þrúgsá var útbúið þann 12. maí 1890 og því var þinglýst á manntalsþingi Saurbæjarhrepps að Saurbæ í Eyjafirði átta dögum síðar:

Að austan ráða merkjum Langhólar og bein lína af efri parti þeirra á fjall upp. Fylgir jörðu þessari öll sú fjallshlíð af miðju fjalli að ofan svo sem vötnum hallar til vesturs fram í jökul. Að vestan ræður Þrúgsá landamerkjum og bein lína úr neðstu gljúfrum hennar niður eyrarnar ofaní Djúpadalsá móts við gamalt Stekkjarbrot, sem er skammt frá Stóruskriðugili í Litladalslandi. Ræður svo Djúpadalsá þaðan merkjum útá móts við ofangreinda Langhóla.<sup>106</sup>

Jakob Björnsson prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Benedikt Einarssyni, ábúanda, vegna kirkjujarðarinnar Háls.

Þann 6. júlí 1916 seldi ríkið Strjúgsá (Þrúgsá), að undanskildum námum, til ábúanda jarðarinnar. Í lýsingu jarðarinnar frá því um ári fyrr, nánar tiltekið 7. júní 1915, kemur fram að henni fylgi afréttur.<sup>107</sup>

Fram kemur í kaflanum um Þrúgsá í fasteignamatinu 1916-1918 að henni fylgi sérstakt upprekstrarland sem kallist Strjúgsárdalur sem gefi af sér um 20 kr á ári. Einnig stendur að jörðin eigi frían upprekstur í afrétt er tilheyri Saurbæ.<sup>108</sup>

---

<sup>102</sup> Skjal nr. 2 (195) a-b.

<sup>103</sup> Skjal nr. 2 (164) a-b.

<sup>104</sup> Skjal nr. 4 (52).

<sup>105</sup> Skjal nr. 2(119).

<sup>106</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>107</sup> Skjal nr. 2(89).

---

Fram kemur í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu* að Strjúgsárdalur liggir undir Strjúgsá.<sup>109</sup>

Í bókinni *Gríma hin nýja* stendur:

Ein af jörðum þeim, sem áður lágu undir Saurbæjarkirkju í Eyjafirði, var Strjúgsá. Á milli þessara bæja er hátt fjall; er það kallað Saurbæjarfjall að austanverðu og stendur Saurbær undir því utan til; að vestanverðu er fjallið kallað Strjúgsárfjall og stendur Strjúgsá innan til við það að vestan, þar sem það er hæst. Upp undan bænum á Strjúgsá er gjá ein mikil í fjallið og heitir Kötlugjá. [...]

Fram frá Strjúgsá skerst dalur sá, er Strjúgsárdalur heitir. Er hann grýttur og illur yfirferðar, en kjarngott er þar fyrir búsmala. Niður dalinn rennur á út í Djúpaldalsá, og er hún samnefnd bænum.<sup>110</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Strjúgsá þar til jörðin fór í eyði 1931, samkvæmt því sem greinir í *Byggðum Eyjafjarðar 1990*.<sup>111</sup> Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.6 Ytri (Nyrðri/Neðri)-Villingadalur

Villingadalir tvennir hálfir voru á meðal þeirra jarða sem börn Þorvarðs Loftssonar fengu í sinn hlut í skiptum eftir hann sem fram fóru 6. maí 1446 á Möðruvöllum.<sup>112</sup> Í jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms Pálssonar, frá 18. september 1501, eru Villingadalirnir báðir til samans sagðir 20 hundruð að dýrleika.<sup>113</sup> Jón Marteinson sór í óársettum vitnisburði, árfærðum til 1560, að hann hafi enga peninga tekið með kirkjunni Hólum nema jarðirnar Úlfá og Villingadal. Því þá hafi jarðirnar verið eignaðar Hóla­kirkju en hafi síðar gengið til skipta með erfingjum Þorleifs Grímssonar.<sup>114</sup>

Villingadal, 10 hundruð að dýrleika, ber á góma í kaupmálabréfi Þórðar Þorleifssonar og Steinunnar Ólafsdóttur sem bréfað var 2. júní 1556.<sup>115</sup> Í skiptabréfi á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans frá 2. september 1560 er Torfufell með Villingadal sagt 60 hundruð að dýrleika.<sup>116</sup> Villingadalur, 10 hundruð að dýrleika, var á meðal jarða sem skipt var í síðari arfaskiptum eftir Þorleif Grímsson 5.

---

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(96).

<sup>109</sup> Einar Thorlacius. „Stutt og strjálskipuð skýrsla yfir Saurbæjarprestakall í Eyjafirði“. *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu*. 1972, bls. 199.

<sup>110</sup> *Gríma hin nýja*, bls 271-272.

<sup>111</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990* II, bls. 925.

<sup>112</sup> DI IV, bls. 678, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>113</sup> DI VII, bls. 583, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>114</sup> DI XIII, bls. 555-556, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>115</sup> DI XIII, bls. 132. Sjá einnig *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, bls. 463-464, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>116</sup> DI XIII, bls. 520, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

júlí 1569.<sup>117</sup> Í skiptum eftir Þorleif Grímsson sem bréfuð voru 5. júlí 1569 er getið tveggja Villingadala sem báðir eru 10 hundruð að dýrleika.<sup>118</sup> Talað er um neðri og efri Villingadal, hvor 10 hundruð að dýrleika, í skiptabréfi eftir Þorleif Grímsson sem talið er frá 2. september 1569.<sup>119</sup>

Villingadalur ytri kemur fyrir árið 1637 vegna reiknisskaps og erfðamáls Hólakirkju í Eyjafirði þar sem Villingadalur er eignaður kirkjunni í Hólum.<sup>120</sup>

Segir svo í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712 um jörðina Villingadal ytri:

Enginu spilla smálækir með grjótsáburði að ofanverðu. Túnið blæs upp í holt utan með við útgærða. Úthagarnir eru fyrir sauðfje nokkurn veginn bjarglegir, en fyrir stórgripi mjög haglitir.<sup>121</sup>

Þann 14. maí 1774, að settu manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, var lesin upp lögfesta fyrir Villingadal. Nánar um þetta í kaflanum um Syðri-Villingadal.<sup>122</sup>

Þann 30. maí 1791, að settu manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, voru upplesnar lögfestur fyrir nokkrum jörðum í hreppnum, þar á meðal fyrir Villingadal. Ekki er ljóst hvort hér sé um að ræða Ytri- eða-Syðri Villingadal, og verður þetta bréf tilfært með báðum jörðum:

Þar efter voru upplesnar Lögfestur fyrir Stórugrund, Arnarstöðum, Jxnafells Kote, gullbrecku, Mödruwollum og Leininge, samt Willingadal, og uppástendur mr. Grimur Magnusson að Lögfesta mr. Paauls á Watnsenda, sie forvermande [svo] Willingadals land, þá hann segir sína Lögfestu bigda a Þrisvar þínglistre ómótmæltre Lögfestu, sem hamm i höndum hefur.<sup>123</sup>

Þann 9. maí 1803, að settu manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, var upplesið kaupbréf fyrir jörðinni Ytri-Villingadal, frá 28. júní 1802:

Anno 1803 þann 9<sup>da</sup> Maii, að settu manntalsþingie að Saurbay[svo] i Ejafyrde af Konglegrar maj<sup>is</sup> syslumanne Johne Jacobssyni [...] Upplesid Kaupbref Þórdar Þorkelssonar i Litladal fyrir Jördunne Villingadad ytra, af dato 28<sup>da</sup> Junii 1802. [...] Framann og ofanskrifudu til stadfestu, eru Syslumannsens og þingsvottanna nofn. Actum ut supraþ J. Jacobssen, J. Jonsson, Biarne Jonsson, Jon Jonsson, Gunnar Jonsson.<sup>124</sup>

Í jarðamati 1804 er Ytri-Villingadalur sagður 20 hundruð að dýrleika.<sup>125</sup>

Landamerkjabréf fyrir Ytri-Villingadal var útbúið þann 29. maí 1885:

---

<sup>117</sup> DI XV, bls. 291, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>118</sup> DI XV, bls. 292 og 293, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>119</sup> DI XV, bls. 306, sjá einnig bls. 308, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>120</sup> Sjá skjal nr. 2 (B.9.5. *Alþingisbækur* V, bls. 481).

<sup>121</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 253.

<sup>122</sup> Skjal nr. 2 (110) a-b.

<sup>123</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b.

<sup>124</sup> Skjal nr. 2 (112) a-b.

<sup>125</sup> Skjal nr. 2 (154).

---

Að sunnan milli Syðri- og Ytri-Villingadals er bein stefna tekin rjett sunnan við Grámannaklett þjett við hann, beint uppí stóra þúfu undir melbarði því, sem gamall merkjagarður sjest liggja fram á ofan úr fjalli, og síðan eftir garðinum úteptir, eptir því sem tjeður garður heldur, utanvert í Titlingsgil (sjá sáttanefndarbók Saurbæjarprestakalls 17. júlí 1813.

Að utan: Úr Rauðakletti í Sjónarhól og þaðan utan við Timburdal í Langadalshöfða í mitt Kringluvatn og þaðan í Efri-Hruna.

Að vestan ræður fjallið.<sup>126</sup>

Stephán Stephensen umboðsmaður skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þ[orsteini] Thorlacius, vegna eiganda Syðra-Villingadals, Bjarna Pálssyni, eiganda þriðjungs úr Leyningi, Páli Steinssyni og Frímanni Jóhannessyni, vegna Leynings.

Jarðamat 1849 segir búfjárhaga sæmilega mikla og góða, en yfirmatsmenn töldu þá fremur litla.<sup>127</sup>

Í fasteignamatinu 1916 kemur fram að landamerkjabréf Ytri-Villingadals hafi verið þinglesið 29. maí 1885.<sup>128</sup> Svo var einnig gert ári síðar, 25. maí 1886, á manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi.<sup>129</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið í Ytri-Villingadal frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.7 Syðri (Fremri)-Villingadalur

Villingadalir tvennir hálfir voru á meðal þeirra jarða sem börn Þorvarðs Loftssonar fengu í sinn hlut í skiptum eftir hann sem fram fóru 6. maí 1446 á Möðruvöllum.<sup>130</sup> Í jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms Pálssonar, frá 18. september 1501, eru Villingadalirnir báðir til samans sagðir 20 hundruð að dýrleika.<sup>131</sup> Jón Marteinsson sör í óársettum vitnisburði, árfærðum til 1560, að hann hafi enga peninga tekið með kirkjunni Hólum nema jarðirnar Úlfá og Villingadal. Því þá hafi jarðirnar verið eignaðar Hólakirkju en hafi síðar gengið til skipta með erfingjum Þorleifs Grímssonar.<sup>132</sup>

Í skiptum eftir Þorleif Grímsson sem bréfuð voru 5. júlí 1569 er getið tveggja Villingadala sem báðir eru 10 hundruð að dýrleika.<sup>133</sup> Talað er um neðri og efri

---

<sup>126</sup> Skjal nr. 2 (58).

<sup>127</sup> Skjöl nr. 2 (198) og 2 (199).

<sup>128</sup> Skjal nr. 2 (120).

<sup>129</sup> Skjal nr. 2 (114) a-b.

<sup>130</sup> DI IV, bls. 678, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>131</sup> DI VII, bls. 583, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>132</sup> DI XIII, bls. 555-556, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>133</sup> DI XV, bls. 292 og 293, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

Villingadal, hvor 10 hundruð að dýrleika, í skiptabréfi eftir Þorleif Grímsson sem talið er frá 2. september 1569.<sup>134</sup>

Þann 5. nóvember 1580 afhenti Jón Jónsson Gunnlaugi Ormssyni jarðirnar Leyning og Villingadal í Eyjafirði, Ystuvík og hálfan Jökul. Þetta var í samræmi við samkomulag sem kvað á um að í staðinn fengi Jón hálfan Silfrastaði, Egilsá og Þorbrandsstaði.<sup>135</sup>

Jörðin Villingadalur fremri tengist erfðamáli frá árinu 1601.<sup>136</sup>

Um Syðri-Villingadal segir í jarðbókinni 1712 að úthagar séu bjarglegir.<sup>137</sup>

Þann 14. maí árið 1774, að settu manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, var lesin upp lögfesta fyrir Villingadal.<sup>138</sup>

Þann 26. maí árið 1788, á manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, kom fram að Syðri-Villingadalur hafi legið í eyði, en að Árni Hallsson hafi nú tekið jörðina ásamt móður sinni:

Ejde Jarder i Reppnum taka nu Jon Gislason Ulfaa og sidre Willingadal Arne Hallsson med modur sinni.<sup>139</sup>

Þann 30. maí 1791, að settu manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, voru upplesnar lögfestur fyrir nokkrum jörðum í hreppnum, þar á meðal fyrir Villingadal. Ekki er ljóst hvort hér sé um að ræða Ytri- eða Syðri-Villingadal, og verður þetta bréf tilfært með báðum jörðum:

Par efter voru upplesnar Lögfestur fyrir Stórugrund, Arnarstöðum, Jxnafellis Kote, gullbrecku, Mödruvöllum og Leininge, samt Willingadal, og uppástendur mr. Grimur Magnusson að Lögfesta mr. Paauls á Watnsenda, sie forvermande [svo] Willingadals land, þá hann segir sína Lögfestu bigða a Þrisvar þínglistre ómótmæltre Lögfestu, sem hamm i höndum hefur.<sup>140</sup>

Þann 8. júní 1804, að settu manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhreppi, var upplesið kaupbréf frá 27. nóvember 1802, hvar Ásmundur Sigurðsson selur Villingadal, sem metinn er til 10 hundruða, til Halls Bjarnasonar á Jórunnarstöðum fyrir 120 ríkisdali.

11° Var upplesid kaupbref af 27<sup>da</sup> Nov. 1802 hvar med Asmundur Sigurdsson a Villingadal selur tjeda jord X h(undruð) ad dyrleika Halli Bjarnasyni a Jorunnarstodum fyrir 120<sup>rd</sup> Cour(ant).<sup>141</sup>

Í lýsingu jarðarinnar í jarðamati 1849 segir að búfjárhagar séu nógir og góðir.

---

<sup>134</sup> DI XV, bls. 306, sjá einnig bls. 308, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>135</sup> Skjal nr. 4 (102) í máli nr. 4/2008.

<sup>136</sup> Sjá skjal nr. 2 (B.9.7: *Alþingisbækur* III. Reykjavík. 1917-1918, bls 203).

<sup>137</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 254.

<sup>138</sup> Skjal nr. 2 (105) a-b.

<sup>139</sup> Skjal nr. 2 (106) a-b.

<sup>140</sup> Skjal nr. 2 (111) a-b.

<sup>141</sup> Skjal nr. 2 (113) a-b.

---

Búfjánhagar nógir og góðir, sem líka eru notaðir til geldfjár jarðarinnar á sumrum. Jörðin hefir vetrarþeitt rétt góða. Ei fleiri hlunnindi.<sup>142</sup>

Í skrifum yfirmatsmanna Eyjafjarðarsýslu frá 18. júní 1850 kemur fram að Syðri-Villingadalur kaupir upprekstur fyrir lömb og geldfé.<sup>143</sup>

Landamerkjabréf fyrir Syðri-Villingadal var útbúið þann 21. apríl 1884:

[...] að norðanverðu er merkjagarður gamall og sjer til hans ofaná holt það er Rauðarholt heitir og síðan bein stefna í Grámannaklett, sem stendur við ána, en uppí fjallinu gil það, er Tilingsgil heitir og þaðan beint strik uppá mitt fjall að austan Torfufellsár. Að sunnan og vestan Svartá og ráða þær merkjum.<sup>144</sup>

Helgi Pálsson og Sigrún Pálsdóttir, eigendur jarðarinnar, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stepháni Stephensen, umboðsmanni Ytri-Villingadals og Páli Sveinssyni, eiganda Leynings.

Landamerkjabréfinu var þinglýst þann 20. maí árið 1884, á árlegu manntalsþingi að Saurbæ í Saurbæjarhrepp.<sup>145</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Syðri-Villingadal frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún fór í eyði 1934, samkvæmt því sem greinir í *Byggðum Eyjafjarðar 1990*.<sup>146</sup> Sömu eigendur eru að Syðri- og Ytri-Villingadal. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.8 Leyningur og Leyningsdalur

Gunnar Pétursson seldi Jóni Ólafssyni jörðina Hóla með bréfi gerðu 14. mars 1375 í Auðbrekku. Á meðal ítaka jarðarinnar var skógarpartur í Leyningsjörð.<sup>147</sup> Þorvarður Loftsson seldi Gunnsteini Jónssyni jörðina Leyning fyrir Voga við Mývatn með bréfi frá 13. september 1437.<sup>148</sup> Margrét Vigfúsdóttir fékk m.a. hálfan Leyning í fjórðungsgjöf sína eftir Þorvarð Loftsson með bréfi dagsettu 30. apríl 1446.<sup>149</sup>

Deilur hafa verið um eignarhald á dal milli Hóla og Leynings. Árið 1571 kemur fram úrskurður lögmanns Orms Stullasonar í deilunni.

Ormur Stullason verdugur lagmann firir gude og mönnumm medkiennist ad eg hefe alldrej laga reid áridid þann dal sem hjá Lejnynge er og sagt er ad eignadur sie Hólumm I Eyjafirdi fra Lejnynge / nu eg hefe það hejrt af morgumm ærlegumm mönnumm skilvysumm sagt, ad Lejnyngur ætti þennann sama dal enn ecke Hoolar: og I öðru lagie hefur mier sagt vered ad

---

<sup>142</sup> Skjal nr. 2 (198).

<sup>143</sup> Skjal nr. 2 (169).

<sup>144</sup> Skjal nr. 2 (57).

<sup>145</sup> Skjal nr. 2 (107) a-b.

<sup>146</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990* II, bls. 925.

<sup>147</sup> DI III, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>148</sup> DI IV, bls. 571, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>149</sup> DI IV, bls. 677, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

eg skilldj hafa átt að ryða á þennann dal með godum mönnum og skicka hann ejgn Hóla J Eyafirde, huad eg alldrej giört hefe því efttir frammburdj og vottun góðra manna sem meir sagt hafa að þesse dalur sem hiá Lejnyngr liggur og selid I stendur hafe vered halldinn lögleg ejgn Jardarinnar opt nefndz Lejnyngr atkallzlaust og atölulaust mejra enn I sextyu ár, edur mun lejnur, þvj alt J guds nafne Amen og efttir þessum vitnum svo og að öllu so prófudu mále og firir mig komnu / þá úrskurda eg nu með liosum laga verknad þennan dal er selid fra Lejnyngr Jordu J stendur, loglega ejgn opt nefndrar Jardar: Lejnyngr.<sup>150</sup>

Þann 5. nóvember 1580 afhenti Jón Jónsson Gunnlaugi Ormssyni jarðirnar Leyning og Villingadal í Eyjafirði, Ystuvík og hálfan Jökul. Þetta var í samræmi við samkomulag sem kvað á um að í staðinn fengi Jón hálfan Silfrastaði, Egilsá og Þorbrandsstaði.<sup>151</sup>

Ljóst er að hér er um að ræða Leyningsdal fram frá Villingadal. Hans er einnig getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712, og þess getið að þarna sé Leyningur með selstöðu.<sup>152</sup>

Varðveist hefur annar vitnisburður, frá 29. mars 1633, þar sem fjallað er um landamerki Leynings og beitarréttindi frá Jórunnarstöðum.

Svo felldan vitnisburd ber Jeg Jon Pietursson með því Jon Jonsson hanzz af mier óskar úti það eg má til vita umm landamerkj Lejnyngr, ólst eg upp fra því eg var v vetra og til þess eg var xv vetra á Skalldstöðum og fiögur ár J Torfufelli fullordinn, og vissa eg firir fullsönnud, að Gunnlaugur Hejtinn Ormsson sem átti Leyjnyngr hiellt, bejtti og brukade átölulaust fra Lejnyngr utj þann Itra Grófarlæk á millj Jórunnarstada og riettsynes uppa fiall og ofann J á / og alldrej heyrde eg annad enn Leyjnyngr ætti alla Leynings skál, enn það visse eg að þejr Jorunnarstada menn bejttu J Leynings land með leyfe O(?) Gunnlaugs.<sup>153</sup>

Þetta svæði er í nágrenni heimajarðar Leynings og Jórunnarstaða.

Tvær eyðihjáleigur eru í landi Leynings, samkvæmt Jarðabókinni 1712, Tiarnagerde og *Klaufargerde*. Jörðin á selstöðu á Leyningsdal.

Útigangur fyrir sauðfje sem áður segir um Jórunnarstaði, en hestaganga í lakara lagi, og er þeim oftast burt komið. Skógur til kolagjörðar er að kalla eyddur, en til tróðs og eldiviðar enn þá bjarglegur. [...]

Selstöðu með tilliggjandi landi á jörðin á Leyningsdal, sem liggur fram frá Villingadals landi fyrir framan Svartá, en hefur ekki brúkast í margt ár, nema fyrir hross og geldfje á sumur. [...]

---

<sup>150</sup> Skjal nr. 2 (86) a-b.

<sup>151</sup> Skjal nr. 12 (39), A.2.7. a-f. (Mál nr. 4/2008).

<sup>152</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X, bls. 252.

<sup>153</sup> Skjal nr. 2 (85) a-b.



---

Engjarnar eru smáfengar innan um melhóla, sem spillast af grjóti og sandfolki. Úthagarnir eru til fjallsins mjög skriðurunnir, eru þó með Leyningsdal bjarglegir.<sup>154</sup>

Þann 27. apríl árið 1728, var sett manntalsþing að Saurbæ í Eyjafirði. á þinginu lögfesti Jón Jónsson sýslumaður jörðina Leyning, með öllum hennar gagnsemdum og ítökum og fyrirbauð alla óleyfilega notkun hennar:

4. Logfeste Sijslumadurenn Jon Jonsson Jordina Leijning med ollum hennar gagnsemdum og Itokum, og firerbaud under lagasekter, alla óloglega brúkun á tiedre jordu eda hennar gagnsemdum, huort helldur er Skógur eda annat.<sup>155</sup>

Lögfestur fyrir jörðinni Leyningi voru lesnar upp á nokkrum manntalsþingum í Saurbæjarhreppi, en það var á árunum 1774<sup>156</sup>, 1779<sup>157</sup>, 1790<sup>158</sup> og 1791.<sup>159</sup>

Árið 1801, þann 19. júní, á manntalsþingi að Hrafnagili í Eyjafirði, var lesin upp brigðalýsing á hluta jarðarinnar Leynings:

[U]pplesinn brigðarlýsing á parte i jörðunne Leininge sem S<sup>ra</sup> Bóas í Grímsey selde 1790, undann Stíuþörnum sínum til Mr. Pauls nú á Aungulstöðum af d<sup>to</sup> 1<sup>ta</sup> Jan. 1801.<sup>160</sup>

Í jarðamati 1804 kemur fram að tvær eyðihjáleigur séu tilheyrandi Leyningi, Tjarnargerði og Klaufagerði. Auk þess hefur jörðin afrétt sem getur tekið við lömbum frá tveimur jörðum.

De öde Hialejer Tiarnargerde og Klaufagerde ere herunder indbefattede. Denne Jord har en Afreet, hvorpaa kan indtages Lam om Sommeren fra 2de andre Jorder.<sup>161</sup>

Samkvæmt jarðmatinu 1849 á Leyningur afrétti, góða og nóga, í Leyningsdal. Þar er selstaða en hún er ekki notuð þar sem afréttin er lítil.<sup>162</sup> Um þetta er einnig fjallað í viðauka við mat Leynings í Jarðatali Johnsens stendur að 1802 hafi þar verið með taldar eyðihjáleigurnar Tjarnargerði og Klaufagerði sem og afrétt sem tæki við lömbum frá tveimur bæjum.<sup>163</sup>

Landamerkjabréf fyrir Leyning var útbúið þann 20. maí 1885:

Fyrst heimalandið: Takmörk þess að norðan er Eyjafjarðar á [...] að ofan fjallsbrúnin.

---

<sup>154</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 252.

<sup>155</sup> Skjal nr. 2 (123) a-b.

<sup>156</sup> Skjal nr. 2 (124) a-b.

<sup>157</sup> Skjal nr. 2 (125) a-b.

<sup>158</sup> Skjal nr. 2 (126) a-b.

<sup>159</sup> Skjal nr. 2 (127) a-b.

<sup>160</sup> Skjal nr. 2 (155) a-b.

<sup>161</sup> Skjal nr. 2 (154).

<sup>162</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>163</sup> Skjal nr. 4 (7).

---

Millum Jórunnarstaða og Leynings eru merkin í vörðu norðanvert við svokallað Básgil, niður við ána, og svo beina stefnu til fjalls eptir vörðulínu sem gjörð hefur verið. Að sunnanverðu eru merkin í svokallaðan Rauðklett og frá honum í Sjónarhól, þaðan í Kringluvatn og frá því bein stefna suður í Torfufellsgil, og úr Torfufellsgilskjafninum bein stefna ofan eirarnar í Halldórsstaðagil.

Líka fylgir jörðunni afrjett, svokallaður Leyningsdalur. Takmörk hans að neðan er Torfufellsá og fjallsbrúnin að ofan, Galtá að framan og Svartá að heiman.

Eigendur jarðarinnar þeir Páll Steinsson, Bjarni Pálsson og Frímann Jóhannsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Benjamínssyni og Tr. Sigurðssyni. Sá síðarnefndi hefur væntanlega verið fyrir Torfufell.

Fyrir neðan þessar undirskriftir stendur:

Landamerki milli Ytri-Villingadals og Leynings eru samkvæmt staðfestri landamerkjaskrá fyrir Ytri-Villingadal af eigendum Leynings

Úr Rauðakletti í Sjónarhól þaðan utanvið Timburdal í Laugadalshöfða í mitt Kringluvatn og þaðan í Efri-Hrauna.<sup>164</sup>

Stephán Stephensen, umboðsmaður Ytri-Villingadals, skrifaði undir þennan texta, sem og Páll Steinsson.

Árið 1886, þann 25. maí var lesin upp sætt milli Leynings og Hóla fyrir landamerkjum þeirra:

16. [...] i. sætt frá 1822 fyrir landamerkjum Hóla, k. Leynings.<sup>165</sup>

Fram kemur í kaflanum um Leyning í fasteignamatinu 1916-1918 að jörðunni fylgi upprekstrarlandið Leyningsdalur.<sup>166</sup>

## 5.9 Torfufell

Torfufell var á meðal jarða sem komu í hlut barna Þorvarðs Loftssonar í skiptabréfi hans frá 6. maí 1446.<sup>167</sup> Í jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms Pálssonar, frá 18. september 1501, er Torfufell 50 hundruð að dýrleika.<sup>168</sup> Torfufell með eyðikotinu Hólkoti var 50 hundruð að dýrleika í kaupmálabréfi Þórðar Þorleifssonar og Steinunnar Ólafsdóttur frá 2. júní 1556.<sup>169</sup>

---

<sup>164</sup> Skjal nr. 2 (59).

<sup>165</sup> Skjal nr. 2 (156) a-b.

<sup>166</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>167</sup> DI IV, bls. 678, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>168</sup> DI VII, bls. 583, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>169</sup> DI XIII, bls. 132. Sjá einnig *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*, Reykjavík, 1919-1942, bls. 463-464, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

Torfufell með Villingadal er sagt 60 hundruð að dýrleika í skiptabréfi, frá 2. september 1560, á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms sonar hans.<sup>170</sup> Torfufell er 50 hundruð að dýrleika í arfaskiptum sem gerð voru eftir Þorleif Grímsson 5. júlí 1569.<sup>171</sup>

Jörðin Torfufell er áfram metin til 50 hundraða árið 1712, eins og segir í Jarðabókinni. Þar með talið er hjáleigan *Hólsgerði*, en heimajörðin tundaðist 40 hundruðum.

Útigangur svipull fyrir fannlögum, og þarf roskið fje jafnlega frekan heystyrk, og lömb meira part fóður. Hestaganga í lakara lagi, og er þeim oftast burt komið. [...]

Engið er mikinn part af skriðum eyðilagt, og því er landskuldin aftur færð. Úthagarnir eru nægir.<sup>172</sup>

Þann 27. október árið 1738 að Torfufelli í Eyjafirði, var ásigkomulag jarðarinnar Torfufells tekið til athugunar. Fram kemur í matinu að Hólsgerði sé hjábýli heimajarðarinnar. Í framhaldi af skoðuninni var hundraðavirði Torfufells fært niður um rétt rúman helming:

Efter þessu underlage og so voxnu sem sagt er nu verande Jarðarinnar [Torfufells] asigkomulage, samanborenn vid hennar fyrrverande vyrding ad þesse Jord sem hingad til hefur vered reiknud fyrer 50 h(undruð) skule hier efter ei frammar gylða enn 24 h(undruð) og þar efter tiund af hennj gialdast. Þessare vorre vyrding til stadfestu eru vor underskrifud nofn Anno Die, loco ut Supra. Arni Eigelsson, Asmundur Jonsson, Jon Sveinsson, Einar Asmundsson, Gudmundur Þordarson, Jon Sigurdsson.<sup>173</sup>

Þann 11. maí árið 1751, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, lögfesti sýslumaðurinn Þórarinn Jónsson, jörðina Torfufell, til þeirra landamerkja er aðrir áttu á móti og lagði bann við því að menn nýttu land Torfufells í án leyfis:

Manntalsþinge af Kongl. Maj<sup>st</sup> Sysslumanne Thorarne Jonssijne framfor efterskrifad fyrer Rettenum [...] Logfeste Syslumadurenn Jordena Torfufell j Eyafyrde med underliggiande Hialeigu Hoolsgerde til þeirra landamerkia sem adrer eiga j mote med forbode a allre ologlegre brukun an eiganda leifes.<sup>174</sup>

Fram kemur í jarðaskiptasamningi frá 8. maí 1788 að Hólsgerði sé hjáleiga Torfufells.<sup>175</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1849 á Torfufell hjáleiguna Hólsgerði. Hún hefur ekki eigin landamerki. Torfan hefur afrétt fyrir sig í Torfafellsdal.<sup>176</sup>

---

<sup>170</sup> DI XIII, bls. 520, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>171</sup> DI XV, 291 og 293, sbr. einnig bls. 306 og 308, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>172</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 254-255.

<sup>173</sup> Skjal nr. 2<sup>(99)</sup>.

<sup>174</sup> Skjal nr. 2<sup>(100)</sup> a-b.

<sup>175</sup> Sjá skjal nr. 2 (B.9.6: *Alþingisbækur XVII*. Reykjavík. 1990, bls. 251).

<sup>176</sup> Skjal nr. 2<sup>(119)</sup>.

---

Í Torfufelli var haft í seli á Torfufellsdal síðast árið 1881, eins og segir í sýslu og sóknalýsingum.<sup>177</sup>

Landamerkjabréf fyrir Torfufell var útbúið 21. maí 1889. Það var þinglesið þremur dögum síðar.<sup>178</sup>

að sunnan milli Hólsgerðis og Torfufells eru merkin í jarðfastan stein [...] og bein stefna úr honum niður til Eyjafjarðarar til fjallsins er óskipt land milli jarðanna. [...] að norðan og vestan ræður Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar, en frá Torfufellsgilskjafi eru landamerki beint strik í gilið, sem er næst fyrir utan Halldórsstaðatún. Hólsgerði á frítt fyrir sínar skepnur á Torfufellsdal.<sup>179</sup>

Tr. Sigurðsson, sem eigandi að parti og Þ[orsteinn] Thorlacius, í umboði eiganda að rúmum helmingi, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Stefánssyni, í umboði Jóns Bergssonar á Auðnum, eiganda Hólsgerðis, Friðriki Jóhannessyni, eiganda Syðri-Villingadals og Þ[orsteini] Thorlacius, umboðsmanni Lilju Jónsdóttur í Gullbrekku, eiganda að parti úr Leyningi.

Í kaflanum um Torfufell í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að henni fylgi upprekstrarlandið Torfufellsdalur.<sup>180</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Torfufelli frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.10 Hólsgerði

Hólsgerði er samkvæmt Jarðabókinni 1712 hjáleiga úr Torfufelli, 10 hundraða virði, og býr yfir sömu kostum og ókostum og sú jörð.<sup>181</sup> Sjá kaflann um Torfufell.

Þann 27. október árið 1738 að Torfufelli í Eyjafirði, var ásigkomulag jarðarinnar Torfufells tekið til athugunar. Fram kemur í matinu að Hólsgerði sé hjábýli heimajarðarinnar. Nánar er fjallað um matið í kaflanum um Torfufell.

Fram kemur í jarðaskiptasamningi frá 8. maí 1788 að Hólsgerði sé hjáleiga Torfufells.<sup>182</sup>

Samkvæmt jarðamatinu 1849 á Torfufell hjáleiguna Hólsgerði. Hún hefur ekki eigin landamerki. Torfan hefur afrétt fyrir sig á Torfufellsdal.<sup>183</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hólsgerði var útbúið 21. maí 1889. Það var þinglesið 20. maí 1890.<sup>184</sup>

---

<sup>177</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu*, Akureyri 1972, bls. 182. Hér er um að ræða athugasemd frá útgefanda, en sýslulýsingarnar eiga við miðja 19. öld.

<sup>178</sup> Skjal nr. 2<sup>(101)</sup>.

<sup>179</sup> Skjal nr. 2<sup>(56)</sup>.

<sup>180</sup> Skjal nr. 2<sup>(96)</sup>.

<sup>181</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*, bls. 255.

<sup>182</sup> Sjá skjal nr. 2 (B.9.6: *Alþingisbækur XVII*, bls. 251).

<sup>183</sup> Skjal nr. 2<sup>(119)</sup>.

---

Að sunnan milli Hólsgerðis og Úlfár eru merkin [...] úr gömlum garðsstúf niður við Eyjafjarðará uppí 3 jarðfasta steina, sem vörður hafa verið hlaðnar á og úr þeim bein stefna til fjalls. Að norðan milli Tungufells [svo, á að vera Torfufells] og Hólsgerðis [...] til fjallsins er landið óskipt milli jarðanna. Að austan ræður Eyjafjarðará, en að [...] vestan fjallsbrúnin. Jörðin á fría beit fyrir gjeldfé og stórgripi á Torfufellsdal.<sup>185</sup>

Jón Kristjánsson skrifaði undir landamerkjabréfið vegna eigandans Jóns Bergsson. Það var samþykkt af Þ[orsteini] Thorlacius, í umboði eigenda að Þingeyjarsýslu að rúmum helming jarðarinnar Torfufells, Tr. Sigurðssyni sem skrifar: - „Sömuleiðis samþykki jeg þessi landamerki, sem eigandi að parti í Torfufelli“ og Páli Hallgrímssyni, fyrir hönd eiganda jarðarinnar Úlfár.

Í kaflanum um Hólsgerði í fasteignamatinu 1916-1918 er nefnt að jörðin eigi fría beit á Torfufellsdal.<sup>186</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi að mestu verið í Hólsgerði frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.11 Úlfá

Úlfá var ein þeirra jarða sem Kristófer konungur af Bayern skipaði undir Pétur Pétursson, hirðmann sinn, með bréfi dagsettu 10. ágúst 1447, nema ekkja Þorvarðs Loftssonar sem haldið hafði jörðinni fyrir Pétri gæti sannað að hún eða börn hennar ættu hana.<sup>187</sup> Í jarðaskiptum þeirra Þorvarðs Erlendssonar lögmanns og Gríms Pálssonar, bréfuðum 18. september 1501, er Úlfá sögð 16 hundruð að dýrleika.<sup>188</sup> Jón Marteinsson sór í óársettum vitnisburði, árfærðum til 1560, að hann hafi enga peninga tekið með kirkjunni Hólum nema jarðirnar Úlfá og Villingadal. Því þá hafi jarðirnar verið eignaðar Hólakirkju en hafi síðar gengið til skipta með erfingjum Þorleifs Grímssonar.<sup>189</sup> Úlfá er 10 hundruð að dýrleika í fyrrnefndum skiptum eftir Þorleif Grímsson sem voru bréfuð 2. september 1569.<sup>190</sup>

Árið 1697 þann 6. september á héraðsþingi að Hrafnagili í Eyjafirði, kom eftirfarandi fram um dýrleika Úlfár í Eyjafirði:

Gudbrandur Bjornsson til panta setur til fullkomlegra loglegra ummráða uppa bigging samt Leigna og Landskullda medtekning efterskrifadar Jarðer Ulfa

---

<sup>184</sup> Skjal nr. 2<sup>(98)</sup> a-b.

<sup>185</sup> Skjal nr. 2<sup>(55)</sup>.

<sup>186</sup> Skjal nr. 2<sup>(96)</sup>.

<sup>187</sup> DI IV, bls. 706, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>188</sup> DI VII, bls. 583, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>189</sup> DI XIII, bls. 555-556 og B.9.5: *Alþingisbækur* V. Reykjavík. 1922 og 1925-1932, bls 481, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>190</sup> DI XV, bls. 306. Láðst hefur að geta mánaðar og mánaðardags í bréfinu en útgefandi telur það skrifað 2. september, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

---

liggiande j Eyafyrðj og Hóla Kyrkjusokn 10 h(undruð) ad dyrleika Landskulld 60 alin.<sup>191</sup>

Sama stað, ár og dag, er Úlfá boðin upp á 12 hundruð ásamt fleiri jörðum.<sup>192</sup> Á settu héraðsþingi þann 9. ágúst 1699 að Saurbæ i Eyjafirði, fær Magnús Björnsson nokkrar jarðir í Eyjafirði til eignar og meðferðar, þar á meðal Úlfá, sem þar er sögð 12 hundraða jörð.<sup>193</sup>

Segir svo um Úlfá í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712:

Útigangur góður í meðalárum, og gengur þá fje gjaftrarlaust, en deyr þess á milli, þá harðara fellur. Hestagánga í meðallagi. [...]

Skriður granda og enginu stórkostlega, og er valla teljandi það sem nú er eftir óspjallað. Úthagarnir eru víðlendir og búgóðir.<sup>194</sup>

Árið 1775 þann 13. maí á manntalsþingi að Öngulsstöðum í Staðarbyggð var upplesið gjafabréf, hvar með Magnús Einarsson á Kerhóli, gefur jörðina Úlfá í Eyjafirði:

Var uppleseð gjafabref Magnusar Einarssonar a Kerhole af 3<sup>ia</sup> Oct. næstl. hvar med hann gefur Þorsteine Þorsteinssyne og Konu hans Jordena Ulfaa i Ejafyrde.<sup>195</sup>

Þann 30. apríl árið 1777, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, framför eigindómslýsing Ásgríms á Kerhóli yfir jörðinni Úlfá:

Eigindoms Lysing Asgrims á Kerhoole yfer Jordenne Ulfaa, og protest ad Þorsteinn þar bue, nema med Eiganda Asgrims Leife, og Jardar Skilum til hanz.<sup>196</sup>

Í jarðamati 1804 kemur fram að hjáleigan Magnúsartóft liggir undir jörðinni.<sup>197</sup> Í viðauka við mat Úlfsár í Jarðatali Johnsens er einnig rætt um þetta jarðamat og þess getið að með henni hafi verið talin eyðihjáleigan Magnúsartópt (Magnúsartóptir).<sup>198</sup>

Í jarðamatinu 1849 segir búfjárhaga góða við Úlfá.

Búfjárhagar nógir, og góðir fyrir sauðfé, en þurrir og hrjóstrugir fyrir stórgripi. Engin fleiri hlunnindi.<sup>199</sup>

Landamerkjabréf Úlfár er ódagsett. Miðað við nærliggjandi gjörninga í bókinni, þá var það líklega gert 24. maí 1888. Því var þinglýst á Saurbæjarmanntalsþingi:

---

<sup>191</sup> Skjal nr. 2 (115) a-b.

<sup>192</sup> Skjal nr. 2 (116) a-b.

<sup>193</sup> Skjal nr. 2 (117) a-b.

<sup>194</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X*. Kaupmannahöfn. 1943/Reykjavík. 1987, bls. 255-256.

<sup>195</sup> Skjal nr. 2 (121) a-b.

<sup>196</sup> Skjal nr. 2 (122) a-b.

<sup>197</sup> Skjal nr. 2 (154).

<sup>198</sup> Skjal nr. 4 (7).

<sup>199</sup> Skjal nr. 2 (198).

---

Að austan ræður Eyjafjarðará. Að sunnan bein stefna frá Eyjafjarðará í Hafrárgljúfur, þaðan ræður Hafrá til fjallsbrúnar.

Að vestan ræður fjallsbrúnin.

Að norðan ráða steinvörður, sem hlaðnar eru ofaná þrjá jarðfasta steina beina stefnu frá Eyjafjarðará til fjallsbrúnar.<sup>200</sup>

Páll Hallgrímsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði jarðareigenda. Það var samþykkt af Tryggva Sigurðssyni, fyrir hönd eiganda Hólsgerðis og Helgu Jóhannesdóttur og R. Bjarnasyni, eigendum Arnarstaða.

Í kaflanum um Úlfá í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að landamerki jarðarinnar séu talin ágreiningslaus og að henni fylgi upprekstrarland. Mikill ágangur er af afréttarfé.<sup>201</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Úlfá frá því að jarðarinnar er fyrst getið og þar til hún var lögð undir Hólsgerði 1930. Síðan hefur hún verið nytjuð þaðan eða frá Torfufelli, samkvæmt því sem greinir í *Byggðum Eyjafjarðar 1990*.<sup>202</sup> Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

## 5.12 Arnarstaðir, Arnarfell og Arnarstaðatungur

Gunnar Pétursson seldi Jóni Ólafssyni jörðina Hóla í Eyjafirði með bréfi gerðu 14. mars 1375 í Auðbrekku. Á meðal ítaka sem fylgdu jörðinni var torfskurður í Arnarstaði eins og landinu þarfnaðist.<sup>203</sup> Þeir Þorvarður Einarsson lögmaður og Grímur Pálsson áttu með sér jarðaskipti á Möðruvöllum 18. september 1501. Í skiptunum var m.a. jörðin Arnarstaðir sem var 50 hundruð að dýrleika.<sup>204</sup>

Arnarstaðir leigja beit af Hólum fyrir toll, eins og kemur fram í Jarðabók 1712. Jörðin á selför í Arnarstaðatungum milli Hafraár og Strangalækjar.

Útigangur ljettur og graslítil, og þiggja ábúendur beit á báður hendur af nágrönnum fyrir xxx álna toll til Hóla og báðar hendur af nágrönnum fyrir xxx álna toll til Hóla og óákveðinn góðvilja á hina síðuna. [...]

Selför með tilliggjandi landi á jörðin fram á Eyjafjarðardal vestan framm, sem er allar Arnarstaðatungur á milli Hafraár og Strangalækjar, hefur áður brúkast, en nú ekki í margt ár, því landið er mjög haglítið fyrir stórgripi. [...]

Enginu spilla og skriður úr fjallinu skaðlega, og so Eyjafjarðará með sandsáburði. Úthagarnir eru mjög uppblásnir, og því fá ábúendur beit af Hólum vetur og sumar fyrir xxx álna toll ut supra.<sup>205</sup>

---

<sup>200</sup> Skjöl nr. 2 (54) og 4 (66).

<sup>201</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>202</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990* II. Akureyri. 1993, bls. 924-925.

<sup>203</sup> DI III, bls. 295, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>204</sup> DI VII, bls. 583. Sjá einnig DI XI, bls. 166; DI XV, bls. 290-293, 307 og 306, sbr. skjal nr. 2 (B.1).

<sup>205</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 262.

---

Árið 1791, þann 30. maí, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, voru upplesnar lögfestur nokkurra jarða, þ. á.m. fyrir Arnarstöðum. Inntaks lögfestunnar er ekki getið.<sup>206</sup>

Árið 1792, þann 4. júní, á manntalsþingi að Saurbæ í Eyjafirði, kom fram aðvörðun af hendi sýslumanns um, að ekki skyldu bændur reka hross á svokallaðar Arnarstaðatungur, að viðlögðum sektum:

Sijsslumaduren advarar bændur umm ad reka ecke hross á sokalladar Arnarstada Tungur, under þær Mulcter sem Log áskilia fyrir þá sem heimildarlaust brúka annara Land.<sup>207</sup>

Upplesin var lögfesta fyrir Hólatorfu og hennar afrétt í Eyjafjarðardal þann 5. júní árið 1822. Vikið er að merkjum Arnarstaðalands.

Eg, Proprietarius Hoola Torfu, Liggande innann Ejafiardar Syslu og Saurbæar Hrepps, Lögfeste hermed, under Nefnda Torfu allann Ejafiardar Dahl, til Jtstu Takmarka sem adrir Menn í móte eíga, og her med á nafn nefne.

Vestann Ejafiardar ár adskilia So Kalladur Straungu lækur Hoola og Arnarstada Land, hvarum Næstumm samann falla i Ejtt ad Nedann, enn kliúfast umm graslausa meela ofann fialls, þó skal sú kvyslinn hvert það er sú fremri eda nordari, sem stærrí og rettari er, landamerkjum ráda, og þaðann frá allt Land, hveriu nafne sem hejtir framm í dragsbotn.<sup>208</sup>

Lögfestunni var ekki mótmælt að þessu leyti.

Árið 1825 þann 18. maí að Saurbæ í Eyjafirði, var haldið manntals- og kóngsbréfaupplestursþing. Kom fram makaskiptabréf fyrir jörðinni Arnarstöðum með Arnarstaðatungum á móti jörðinni Draflastöðum:

2. Eptirskrifud fasteigna afsalsbref. a. Makaskiptabref Prests S<sup>t</sup> Sigurdar adur her í Saurbæ og Bónða Sigurdar Sveinssonar ádur á Drablastöðum af Dato 27<sup>da</sup> Júlíi 1822 hvarmed fyrrnefndur burtmakaskiptir og afsalar til sídarnefnds Jördina Arnarstadi med Arnarstada Túngum móti Jördinni Drablastöðum samt Jördinni Itsta Vatni í Skagafyrði og 100 Speciu milligiöf frá Prestinum hvöriar fyrrnefndar Jardir eru her í hrepp ½ pro C<sup>lo</sup> afgiftinn af milligiöfenni lagdist í Rettin med 1<sup>st</sup>S.<sup>209</sup>

Í jarðamati 1804 kemur fram að afrétt liggi í landi Arnarstaða, sem tekin séu í lömb frá tveimur jörðum.

I Landet ligger en Afreet, hvori indtages Lam fra 2 Jorder.<sup>210</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Arnarstaðir eigi afrétt í Arnarstaðatungum í Eyjafjarðardal vestanverðum til eigin þarfa. Sé það góð afrétt og grösug.<sup>211</sup>

---

<sup>206</sup> Skjal nr. 2 (140) a-b.

<sup>207</sup> Skjal nr. 2 (141) a-b.

<sup>208</sup> Skjal nr. 2 (200).

<sup>209</sup> Skjal nr. 2 (162) a-b.

<sup>210</sup> Skjal nr. 2 (154).



---

Í viðauka við mat Arnarstaða í Jarðatali Johnsens stendur að 1802 hafi þar verið með talin afrétt fyrir lömb frá tveimur jörðum.<sup>212</sup>

Landamerkjabréf fyrir Arnarstaði var þinglesið þann 20. maí 1890:

Sömuleiðis eiga Arnarstaðir afrjettarland í Arnarstaðatungum frá Hafrá að norðan fram að trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðarár.

Þess skal getið að Strangalækjarfjall í Arnarstaðatungum hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða, en nú hafa jarðareigendurnir komið sjer saman um, að láta merkin vera um tryppagarðinn á mótí Klaufá og eiga Arnarstaðamenn að hafa frían upprekstur fyrir 2 trippi í Hólaafrjett með því að viðhalda trippagarðinum vestan Eyjafjarðarár.<sup>213</sup>

Eigendur Arnarstaða, Randver Bjarnason og Helga Jóhannesdóttir, skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Páli Pálssyni, eiganda Æsustaðagerðis og Jóni Ólafssyni, en hann samþykkti vegna Hálstorfueigenda.

Í kaflanum um Arnarstaði í fasteignamatinu 1916-1918 kemur fram að jörðinni fylgi afrétturinn Arnarstaðatungur sem sé aðeins notaður fyrir búfé jarðarinnar.<sup>214</sup>

Arnarfell er nýbýli úr Arnarstöðum. Það var byggt á hálfu landi Arnarstaða árið 1939.<sup>215</sup>

### 5.13 Afréttir og afréttarnot

Fram kemur í Sýslu- og sóknalýsingum:

Enga afréttartolla fær beneficiarius [Saurbær], því kirkjujarða-landsetarnir eiga frían upprekstur eftir venjunni, og meina bera eigi kirkjunnar afréttarlönd, sem eru eftir máldögum, Djúpidalur hálfur, og Sneis, eða Þrúgstunga, því Strjúgsárdalur liggur undir kirkjijörðina Strjúgsá (olim Þrúgsá.) Engin hlunnindi, fríðindi eða ítök á nú staður þessi, utan ef telja skyldi litlar skógleifar í Ceciliuhöfða í Leyningshólum í Hólasókn (Saurbæjarkirkja var í pápískri öld helguð h[eilagri] Ceciliu) og eru nú að þeim skógi lítil sem engin not.<sup>216</sup>

Um Miklagarðs- og Hólasóknir segir í *Sýslu- og sóknalýsingum Eyjafjarðarsýslu*. Lítið segir um afrétti, en þó er minnst á Austurdalsafrétt.

Vestanvert við Eyjafjarðardal er fjall, sem kallast Tungnafjall og plássið undir því Lambatorfur, en norðar eru Hjallahnjúkur. Vestanundir téðum hnjúk liggur Vatnahjalli, yfir hvern Eyfirðingavegur er suður. Lengra til norðurs er Hafrárdalsöxl, er dregur nafn af Hafrárdal, sem er lítið dalsdrag til suðsuðvesturs upp í hvern Vatnahjallavegurinn liggur úr byggð suður. Norðar

---

<sup>211</sup> Skjal nr. 2 (119).

<sup>212</sup> Skjal nr. 4 (7).

<sup>213</sup> Skjal nr. 2 (95).

<sup>214</sup> Skjal nr. 2 (96).

<sup>215</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, II, 872.

<sup>216</sup> Einar Thorlacius. „Stutt og strjálskipuð skýrsla yfir Saurbæjarprestakall í Eyjafirði“, bls. 199-200.

---

að vestanverðu er Torfufellsfjall og Úlfárheiði. Þetta fjall er hæðst mót norðri, og eru þaðan öræfi til vesturs allt að Stórahvammi á Austurdalsafrétt, fram úr Skagafirði. [...]

Í Hólasókn tíðkast ekki selferðir, því bæir ná hér flestir til fjalla eður afréttardala.<sup>217</sup>

Um Eyjafjarðardal segir eftirfarandi:

Eyjafjarðardalur. Er hann langur mjög; að austanverðu nefnist hann Tjarnadalur að áðurnefndri Klifsá. Frá Klifsá til Svínár er áðurnefnd Svínárheiði eður Svínheiði, grösugt afréttarland. Fyrir framan Svíná og fram í gegn kallast Runa beggja vegna, allt til Sandár að vestan, þá Lambatorfur, og enn nær byggð Arnarstaðatungur, heimast Úlfárheiði.<sup>218</sup>

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“, frá 27. september s.á., bæri þeim að skila skýrslu um þau svæði í sýslum þeirra sem teldust vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki hafi tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>219</sup> Júlíus Havsteen sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu svaraði með bréfi dagsettu 27. september 1920 en þar segist hann hafa aflað umsagna hreppstjóra og borið svör þeirra saman við landamerkjabók sýslunnar.<sup>220</sup> Bréf Benedikts Einarssonar, hreppstjóra Saurbæjarhrepps, er dagsett 8. mars 1920. Þar kemur eftirfarandi fram:

[...] allir afrjettir hjer í hreppi eru einstakra manna eign, en almenningar eru hjer engir.<sup>221</sup>

Í bókinni *Gríma hin nýja* stendur:

Það var siður Saurbæjarpresta fyrr á tímum að flytja búsmala sinn á sumrum frá á Strjúgsárdal og hafa þar í seli. Það gerði einnig síra Eiríkur Þorsteinsson, sem hélt Saurbæjarkall 1726-1738. [...]

Lagðist [Strjúgsár]selið niður á þeim stað [vegna reimleika], en var síðar byggt á Djúpadal, sem er vestar. Höfðu Saurbæjarprestar þar í seli fram á 19. öld.<sup>222</sup>

Í gögnum vegna hæstaréttarmáls nr. 128/1967 (Nýjabæjarafrétt), sem lyktaði með dómi 26. apríl 1969, er að finna frumvarp til samþykktar um fjárleitir á öræfunum millum Skjálfandafljóts að norðan og Jökulsár eystri í Skagafirði að vestan frá [1912]. Meðal annars er fjallað um svæði sem tengist Eyjafjarðarsýslu. Þar stendur:

---

<sup>217</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu*, bls. 178-179, 182.

<sup>218</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Eyjafjarðarsýslu*, bls. 179.

<sup>219</sup> Skjal nr. 2 (166).

<sup>220</sup> Skjal nr. 2 (167).

<sup>221</sup> Skjal nr. 2 (168).

<sup>222</sup> *Gríma hin nýja*, bls 271-273.

---

Ummerki leitarsvæðisins eru: Að austan Skjálfandafljót, að sunnan Tungnafellsjökull, Jökuldalur og sandarnir sunnan við þær hagategjur, er liggja að Jökuldal (Fjórðungskvísl), og þaðan í Arnarfellsjökul. Að vestan Hofsjökull og Jökulsá hin eystri í Skagafirði. Að norðan Fossá og suðvesturmörk afréttanna, suður af Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslum, austur að Skjálfandafljóti.

Leitarsvæði þetta skiptist í tvær leitir. Jökuldalsleit austan til og Laugafellsleit vestan til. Takmörk milli leita þessara eru: Háöldurnar vestan við Kiðagilsdrög og suður fyrir botn þeirra, síðan suður háöldurnar austan við Bergstaðakvísl (Þjórsárvísl), og þaðan vestan Þjórsárvíslar í Arnarfell.<sup>223</sup>

Fram kemur að notendur heimafréttar Öngulsstaðahrepps, Saurbæjarhreppsmenn og sýslusjóðir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslna skyldu taka þátt í kostnaði við Laugafellsleit.

Fjárleitarsamþykktin skyldi gilda í fimm ár. Hún var samþykkt af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu í mars 1912 og af sýslumanninum 25. mars sama ár.

Í gögnum vegna sama hæstaréttarmáls, nr. 128/1967 (Nýjabæjarfrétt), er einnig að finna „Skrá yfir afrétti og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu, eins og hún er prentuð aftan við sýslufundargjörðina 1894.“ Þar segir m.a. svo:

Í Saurbæjarhreppi eru þessir afréttir:

1. Sandárdalur frá heimasta flóa.
2. Sölvadalur.
3. Hraunárdalur.
4. Hraunártungur.
5. Æsustaðatungur.
6. Núpufellsdalur.
7. Þormósstöðadalur frá Langhólum.
8. Tjarnadalur frá Glerá.
9. Hóladalur.
10. Arnarstaðatungur, Hafrá greinir þær frá Úlfárlandi.
11. Torfufellsdalur frá Lambárhólum.
12. Leyningsdalur. Svartá greinir hann frá heimalandi Syðri-Villingadals.
13. Strjúgsárdalur frá Langaskriðugili.
14. Sneis.
15. Þverdalur.
16. Djúpidalur.

---

<sup>223</sup> Skjal nr 4 (77).

- 
17. Hvassafellsdalur og Hraunárdalur að vestan. Hrauná greinir þá frá Hvassafellslandi.
  18. Hagárdalur. Öxlin að sunnan greinir hann frá Kambfellslandi og Stóragili að norðan frá Litladalslandi.
  19. Brandi að sunnan heim á Öxl.
  20. Skjöldalur sunnan frá Selá.

Aðalrétt er Borgarrétt.

Aukaréttir: Möðruvallarétt, Bjarkarrétt, Ánastaðarétt, Draflastaðarétt, Núpufellsrétt, Vatnsendarétt, Tjarnarétt, Úlfárrétt, Torfufellsrétt, Leyningsrétt, Hvassafellsrétt, Kambfellsrétt, Litladalsrétt, Stóradalsrétt, Miklagarðsrétt.<sup>224</sup>

Í svari sýslumanns Eyjafjarðarsýslu við fyrirspurn um afréttarlönd í sýslunni þann 1. ágúst 1979 var eftirfarandi afréttarlisti birtur, sem tengist þessu svæði:

Afréttir í Saurbæjarhreppi:

[...]

2. Afréttir á Eyjafjarðardal

1. Glerárdalur að sunnan og Tjarnardalur fram að Trippagarði í Klífsheiði. Heyrir undir Tjarnir og Halldórsstaðði.
2. Klífsheiði frá trippagarði, Svínheiði og Bon að austan og vestan að Sandá. Heyrir undir Hóla.
3. Torfur frá Sandá að Trippagarði í Lækjarfjalli. Heyrir undir Jórunnarstaði.
4. Arnarstaðatungur frá Trippagarði í Lækjarfjalli að Hafrá. Heyrir undir Arnarstaði og Arnarfell.
5. Úlfárheiði, frá Hafrá að Úlfá. Heyrir undir Hólsgerði.

1. Afréttir á Torfufellsdal og Villingadölum.

1. Torfufellsdalur af Torfufellshálsi til innstu draga og Galtártungur vestan Torfufellsár að Galtá. Heyrir undir Torfufell.
2. Leyningsdalur frá Galtá að Svartá og Svartdalur sunnan Svartár. Heyrir undir Leyning.
3. Svartdalur norðan Svartár norður að Nautá. Heyrir undir eyðijörðina Syðri-Villingadal, sem er nytjuð frá Ytri-Villingadal

4. Afréttir á Gilsárdal:

1. Brekkudalur sunnan Gilsár af Brekku hálsi til innstu draga. Heyrir undir Gullbrekku.
2. Gilsárdalur frá Klifi til innstu draga. Heyrir undir Gilsá 1 og Gilsá 2.

---

<sup>224</sup> Skjal nr. 4 (76).

---

Afréttir á Djúpadölum.

1. Strjúgsárdalur frá Strúgsá til botns. Eigandi: Jakobína Sigurvinsdóttir Akureyri.
2. Sneis milli Strjúgsár og Þverdalsár. Heyrir undir Saurbæ.
3. Þverdalur vestan Þverdalsár og Djúpidalur fram að garði í Stóru-skriðu. Heyrir undir Stóradal.
4. Djúpidalur austan Djúpadalsár frá garði í Stóruskriðu til botns. Heyrir undir Saurbæ.
5. Hvassafellsdalur vestan Djúpadalár frá Hrauná til botns og og Hraunárdalur sunnan Hraunár. Heyrir undir Hvassafell.
6. Hraunárdalur norðan Hraunár og Hagárdalur sunnan Hagár til botns. Heyrir undir eyðibýlið Kambfell. Eigendur þess eru: Ingólfur Ásbjörnsson og Jónína Guðmundsdóttir bæði búsett á Akureyri.
7. Hagárdalur norðan Hagár frá Grjótártungum til botns, og dalurinn Brandi að sunnan. Heyrir undir Litla-Dal.
8. Dalurinn Brandi að norðan. Heyrir undir Stóra-Dal.
9. Skjóldalur frá Jarðfalli til botns, sunnan Skjóldalsár. Heyrir undir Miklagarð, Litlagarð, Samkomugerði 1 og Samkomugerði 2.<sup>225</sup>

Þann 28. nóvember 1985 svaraði bæjarfógetinn á Akureyri fyrirspurn frá nefnd um eignarrétt að almenningum og afréttum á þann veg að afréttarskrá myndi ekki hafa verið haldin við embættið.<sup>226</sup>

Félagsmálaráðuneytið fór þann 20. febrúar 1989 þess á leit við sveitarstjórnir að þær upplýstu ráðuneytið um eftirfarandi:

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstarrétt í einhvern afrétt?
2. Hvað nefnist sá afréttur?
3. Hvar liggja mörk hans?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarétt í sama afrétt?
5. Hvaða sveitarfélög eru það?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?<sup>227</sup>

Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps svaraði 8. janúar 1990:

Hér eru engin afréttarlönd önnur en fjallshlíðarnar ofan við girt heimalönd og dalskorur sem ganga inn í hálendið út frá byggðum dölum. Öll þessi afréttarlönd eru í einkaeigu og er annað ekki til.<sup>228</sup>

Í svari Hrafnagilshrepps frá 14. nóvember 1989 kom fram:

---

<sup>225</sup> Skjal nr. 4 (68).

<sup>226</sup> Skjal nr. 4 (2).

<sup>227</sup> Skjal nr. 4 (3).

<sup>228</sup> Skjal nr. 4 (4).

---

Íbúar Hrafnagilshrepps eiga ekki aðrar afréttir, en að framan greinir [Ytri – Skjóldal], né heldur upprekstarrétt nokkursstaðar annarsstaðar svo vitað sé.<sup>229</sup>

Í *Lýsingu Eyjafjarðar* stendur:

Suður frá Öxnadalshéið liggja mörkin eftir háfjallinu milli Austurdals og Nýjabæjarafréttar í Skagafirði og Eyjafjarðardals. Kann ég þar ekki að rekja örnefni, sem þau séu við tengd, enda mun fátt um þau, ef nokkur eru. Liggja sýsluskilin hlykkjótt þar, engu síður en norðar í fjallgarðinum. Þegar dregur inn fyrir byggðir, eru engar ákveðnar merkjalínur til, og mun gamalt sölubréf Nýjabæjar í Austurdal frá 1464 vera hin eina heimild þar um, en þar segir svo: að Nýibær eigi land „að Tinná og svo langt á fjöll sem vötn draga“. Verður það varla skilið öðruvísi en svo, að vatnaskil ráði merkjum allt inn til jökla. Þó munu *Urðarvötn* ætíð vera talin til Eyjafjarðar, en samt segja kunnugir, að afrennsli þeirra sé til vesturs. Svo mun almennt talið nú, að öræfasvæðið inn af Eyjafirði sé almenningur frá *Geldingsá*, er fellur í *Jökulsá* austari og inn að Hofsjökli og suður á Sprengisand og austur undir drög Fnjóskár. En síðan tekið var að smala land þetta, sem ekki mun hafa verið fyrir en seint á síðastlíðinni öld, hefir smalamennska einkum fallið í skaut Eyfirðinga, allt suður undir Fjórðungskvísl, þar sem mörk eru talin milli Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungs. Eftir þessu verður því ekki hægt að ákveða sýsluskil að sunnanverðu, en eftir því sem annars staðar hagar til, ættu þau að liggja á vatnaskilum þar sem vötn byrja að falla til Eyjafjarðar.<sup>230</sup>

Í *Byggðum Eyjafjarðar* segir frá afréttum Saurbæjarhrepps, en þeir eru flestir í dölum tengdir byggðinni. Segir svo:

Fjöllin umhverfis Saurbæjarhrepp eru 1000-1200 metra há, klettótt og skriðurunnin. Gróðurlendi er talsvert neðan til í hlíðum en lítið þegar ofar dregur. Að ofan eru fjöllin víðast flöt og nær algjörlega gróðurlaus. Afréttir eru því eingöngu í dölum framan byggðar og göngur stuttar.<sup>231</sup>

---

<sup>229</sup> Skjal nr. 4 (5).

<sup>230</sup> Steindór Steindórsson. *Lýsing Eyjafjarðar*. Akureyri. 1949, bls. 16.

<sup>231</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, II, bls. 805.

---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrir-  
liggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum og samhengi þeirra við þau úrlausnarefni  
sem hér eru til umfjöllunar. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði  
sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um  
eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri röð frá norðri til suðurs.<sup>232</sup>  
Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður  
óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir  
og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í  
málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við.  
Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem  
viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgir nú einnig í viðauka með  
úrskurðum í málum á svæði 7 suður, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr  
úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á  
einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við umræddar *Almennar  
niðurstöður óbyggðanefndar* og vísar til þeirra.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Hæstiréttur hefur kveðið upp fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem  
almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Samhengi nýrra  
niðurstaðna dómstóla við þau grundvallaratriði sem úrlausnir óbyggðanefndar  
byggjast á kemur að sjálfsögðu til skoðunar hverju sinni. Að því marki sem umfjöllun  
um slík atriði í úrskurðum á fyrri svæðum hefur almenna þýðingu hefur hún verið  
felld inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem hér fylgja í viðauka og vísast  
þangað.

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki  
fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun  
Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því  
hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá  
11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall  
og Breiðármörk í Örafum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

---

<sup>232</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands,  
örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í  
vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kæranda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt réttmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærundur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu réttmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kæranda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>233</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1. hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

---

<sup>233</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



---

## 6.3 Hvassafellsdalur

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Hvassafellsdals og Hvassafells gera einnig kröfur til, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1-3.3.

Landsvæði þar sem hér um ræðir liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli og hefur leguna norðaustur-suðvestur. Land er hallamikið og rís skarpt í Hvassafellshnjúk (1203 m ), sem liggur á milli Djúpadalsár og Hraunár. Hvassafellsdalur er vestan Djúpadalsár og austan eða suðaustan hnjúksins.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendissvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum afréttur kenndur við Saurbæ, Sneis, Þverdal, Mælifell og Hvassafell en einnig Nýjabæjarafréttur sem liggja á mörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu og víðar. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við séu samnotafréttir jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi. Litið sé á Hvassafellsdal sem afréttarsvæði sem ekki hafi haft stöðu jarðar, sbr. lýsingu Jarðarbókar þar sem greini að jörðin Hvassafell hafi átt selför með tilliggjandi land fram á Djúpadal „sem er dalurinn vestan framm heim í Hrauná, og brúkast árlega, og er nokkuð í lengra lagi.“ Ekki sé fallist á að umrætt svæði hafi stöðu jarðar eða falli undir beinan eignarrétt og falli því undir þjóðlendukröfur. Er á því byggt að svæðið hafi eingöngu verið nýtt til sumarþeirrar fyrir búfé og hafi verið aðskilið frá heimajörð.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Hvassafellsdals og Hvassafells, er byggt á því að lýsing Landnámu á landnámi Helga magra sé afar nákvæm og af henni verði afdráttarlaust ráðið að land Hvassafells hafi verið numið í öndverðu. Samkvæmt frásögn Landnámu hafi Helgi magri gefið Gunnari Úlfjótssyni land milli Skjöldalsár og Háls. Ljóst sé að land Hvassafellsdals sé innan þessarar lýsingar. Elsta varðveitta landamerkjalyking Hvassafells, frá 16. janúar 1883, sé gerð í samræmi við landamerkjalog. Þannig byggi gagnaðili kröfur sínar á eignarheimildum sem eigi grundvöll sinn í landamerkjalogum, nr. 5/1882. Þegar litið sé til þessa verði

---

við það að miða að sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar að landi jarðarinnar hvíli á íslenska ríkinu. Þá vísar gagnaðili til þess að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem meðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila að ómögulegt sé að mæta henni, sbr. meðalhófsregluna sem lögfest sé í 12. gr. laganna. Þá vísar gagnaðili til þess að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Gagnaðili hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisvaldsins fram til þessa aðeins styrkt þá trú.

Gagnaðili mótmæli því að landnámslýsingar miðist almennt við láglendi, dali og hlíðar þeirra með vísan til úrskurða óbyggðanefndar, dóma Hæstaréttar og breytinga á kröfum íslenska ríkisins. Á það sé bent að hið umþrætta land hafi í öndverðu verið hluti jarðarinnar Stóradals. Stóridalur hafi áður heitið Djúpidalur og verið landsnámsjörð. Land jarðarinnar hafi verið talið liggja frá Skjöldalsá í norðri og suður á mótis við Villingadal en afmarkast í austri af Hleiðargarðsfjalli og hálsinum út frá fjallinu og í vestri af vatnaskilum. Ljóst sé því að hið umþrætta land sé innan landnáms. Þá er talið að tilgreining í Jarðabók sýni að Hvassafellsdalur hafi verið beinum eignarrétti undirorpinn. Vísist í þessu sambandi til fordæmis í dómi Landsyfírréttar í máli nr. 11/1896 um Hellistungur. Jörðin hafi gengið kaupum og sölum án þess að gerður hafi verið nokkur greinarmunur á landi Hvassafellsdals og öðru landi hennar. Löglíkur séu fyrir því að landið hafi notið stöðu jarðar, enda hafi það legið innan landamerkja jarðarinnar Djúpadals. Á Hvassafellsdal hafi verið haft í seli til ársins 1901, sbr. ritið *Örnefni í Saurbæjarhreppi*.

Í apríl 2005 hafi núverandi eigendur Hvassafells selt Fallorku ehf. þann hluta landsins sem hér sé til umfjöllunar. Í tengslum við sölu landsins hafi það verið leyst úr landbúnaðarnotum og í kjölfarið þinglýst sérstöku stofnskjali fyrir landinu og þannig stofnuð sérstök síða í fasteignabók sýslumannsins á Akureyri. Ekki sé gert ráð fyrir því í lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, og þinglýsingalögum, nr. 39/1979, að með stofnskjali sé stofnað annars konar land en fullkomið eignarland. Þannig hafi handhafar ríkisvalds, t.a.m. landbúnaðarráðherra og sýslumaðurinn á Akureyri, í raun viðurkennt beinan eignarrétt að hinu selda landi og með aðgerðum sínum veitt landeiganda réttmætar væntingar til þess að hið selda land væri beinum eignarrétti undirorpið.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hvassafells og Hvassafellsdals er rakin í kafla 5.2, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum

---

sem þar er getið og ná allt aftur til 16. aldar, má ráða að Hvassafell hefur verið sjálfstæð jörð.<sup>234</sup> Jarðarinnar er einnig getið í Sturlungu, sem rekja má enn lengra aftur. Réttinda Hvassafells á vestanverðum Djúpadal, sem nú mun nefndur Hvassafellsdalur á því svæði, er fyrst getið í Jarðabók 1712. Í landamerkjabréfi Hvassafells frá 1883 er merkjum jarðarinnar lýst og síðan segir svo: „Undir jörðina heyrir fjallið milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell.“ Hvassafell liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilið frá Hvassafellsdal af öðrum jörðum. Af heimildum má ráða að Hvassafellsdalur hafi haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku Þjóðlendulaga.<sup>235</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. Þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum „fjallsins“ er lýst í framangreindu landamerkjabréfi Hvassafells, frá 16. janúar 1883 og þingl. 25. maí 1886, og eldri merkjalýsingu í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Hvassafellsdals en deilt er um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins í heild sinni. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru óumdeilt eignarland Kambfells til norðurs og kröfufsvæði Saurbæjar og Stóradals til austurs og suðurs. Til vesturs eru kröfufsvæði vegna Almennings og Bakkasels í máli nr. 3/2008 hjá óbyggðanefnd. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hvassafellsdals með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í landamerkjabréfi Hvassafells er ekki sérstaklega minnst á örnefnið Hvassafellsdal en þar segir „Undir jörðina heyrir fjallið milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell.“ Bréfið er ekki áritað vegna þeirra landsvæða sem liggja að kröfufsvæði Hvassafellsdals. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru merki réttindasvæðis Hvassafells að austanverðu einnig miðuð við Djúpadalsá að ármótum við Hrauná en ekkert kemur fram um afmörkun að öðru leyti. Heimildir um afmörkun Hvassafellsdals lýsa þannig ekki merkjum til vesturs en gagnaðili íslenska ríkisins hefur að því leyti miðað afmörkun á kröfufsvæði sínu við upptök umræddra áa og sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Hörgárbyggðar ofan þeirra.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kambfells, frá 27. maí 1885 og þinglesið 27. maí 1885, eru merki til suðurs, gagnvart kröfufsvæði Hvassafellsdals, miðuð við „... Hrauná fram í gegn á Hraunárdal ...“ Bréfið er áritað vegna Hvassafells. Engar eldri heimildir hafa fundist um merki Kambfells. Samkvæmt landamerkjabréfi Saurbæjar, frá 12. maí 1890 og þingl. 20. maí sama ár, eru merki „afrjettarlands“ á Djúpadal til norðvesturs, gagnvart Hvassafellsdal, miðuð við Djúpadalsá „fram frá grjótgarði þeim, er liggur fram á mótis við Kambfell ...“ Bréfið er ekki áritað vegna Hvassafells.

---

<sup>234</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>235</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Eru þessi merki í samræmi við eldri heimildir um Saurbæjarafrétt og yngra landamerkjabréf, sjá nánar í kafla 6.4.

Heimildum um merki aðliggjandi landsvæða til austurs, suðausturs og norðurs ber þannig saman við lýsingar á merkjum Hvassafellsdal þar sem miðað er við Hrauná og Djúpadalsá, sem mætast í norðaustri.

Vestan við kröfusvæði vegna Hvassafellsdals eru landsvæði sem deilt er um í máli nr. 3/2008 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið varðandi Almanning og Bakkasel. Þar kemur fram að engar heimildir hafi fundist um sérstaka afmörkun á fyrrnefnda svæðinu og að í landamerkjabréfi hins síðarnefnda sé suðurmerkjum ekki lýst. Vestur- og austurmerki miðist við Kaldbaksá og Yxnadalsá en ekki tekið fram hversu langt suður. Landamerkjabréf Bakkasels er því talið óljóst að þessu leyti en eldri merkjalýsingar munu ekki fyrir hendi. Gagnaðilar íslenska ríkisins á þessu svæði, bæði vegna Hvassafellsdals og landsvæða í máli nr. 3/2008, miða afmörkun kröfusvæða sinna innbyrðis við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Hörgárbyggðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Hvassafell var gert í kjölfar þess að landamerkjälög tóku gildi 1882 og þar lýst sérstaklega aðskildu landsvæði eða fjallinu „milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell.“ Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að merkjum landsvæðisins sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær, en vesturmerkjum er ekki sérstaklega lýst. Skjal þetta var þinglesið og innfært í landamerkjabók sýslumanns.

Að því er varðar afsal eiganda Hvassafells á Hvassafellsdal, að undanskildum upprekstrarrétti, árið 2005 ber til þess að líta að í því gat ekki falist víðtækari eignarréttur Fallorku ehf. til handa en sannanlega var á hendi eiganda Hvassafells. Má í því sambandi vísa til dóma Hæstaréttar frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996

---

(Auðkúluheiði), 21. október 2004 í máli nr. 47/2004 (Biskupstungnaafréttur norðan vatna) og 5. október 2006 í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður). Hlýtur því að koma til skoðunar hver réttur eiganda Hvassafells til þessa svæðis hafi verið. Í því sambandi ræður ekki úrslitum þó að stofnskjali og síðar kaupsamningi og afsali hafi verið þinglýst, sbr. dóm Hæstaréttar nr. 498/2005 (Stafafell).

Af heimildum er ljóst að Hvassafellsdalur hefur legið undir Hvassafell en landfræðilega aðskilið frá jörðinni og afmarkað sérstaklega í landamerkjabréfi hennar. Landsvæðisins er jafnan getið í tengslum við tiltekin, takmörkuð not og ber þar fyrst að geta um Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, þar sem segir að Hvassafell eigi „Selför með tilliggjandi landi fram á Djúpadal, sem er allur dalurinn vestan framm heim í Hrauná ...“ Þá kemur fram í jarðamatinu 1849 að Hvassafelli fylgi afréttur í hálfum Hraunárdal sem kallist Hvassafellsdalur., sbr. einnig fasteignamatið 1916-1918. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Það er að mestum hluta hálent og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Hvassafellsdalur hafi verið afréttur Hvassafells í þeim skilningi að jörðin hafi þar átt óbein eignarréttindi, fremur en beinan eignarrétt.

Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Hvassafellsdal liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2 og 3/2008 á svæði 7 (suður) hjá óbyggðanefnd.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Hvassafells eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til þess hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu þinglýsts eiganda Hvassafellsdals, ekki verið sýnt fram á að þar sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til

---

þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>236</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign eigenda Hvassafells.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar­svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðal­dri hefur verið notað til sumar­beitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Hvassafellsdalur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá ármótum Djúpadalsár og Hraunár er hvorri á um sig fylgt til upptaka sinna. Þaðan eru dregnar línur til sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar og Hörgárbyggðar, í samræmi við kröfulínur gagnaðila ríkisins, og sveitarfélagamörkum síðan fylgt þar á milli.*

Sama landsvæði er í afréttareign Fallorku ehf., að undanskildum upprekstrarrétti sem er í eigu eigenda Hvassafells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.4 Afréttarsvæði Stóradals og Saurbæjar**

### **6.4.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um landsvæði það er liggur á milli Djúpadalsár í vestri og Strjúgsár í austri og suðvestur að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Hörgárbyggð og Akrahreppi. Svæði þessu má skipta í þrjá meginhluta, talið frá norðri til suðurs, þ.e. Djúpadal, Þverdal og Sneis. Ýmsar heimildir miða einnig við tvískiptingu Djúpadals, eftir því hvort rætt er um svæðið innan eða utan tiltek­ins grjóttgarðs við Djúpadalsá. Á milli Djúpadals og Þverdals liggur fjallið Mælifell og á milli Þverdals og Sneisar rennur Sneisar­á (Þverdalsá). Svokallað Mælifellssel var fram á Djúpadal. Á milli Stóradals og ágreiningssvæðis aðila er jörðin Litlidalur. Á milli Saurbæjar og ágreiningssvæðisins liggja aðrar jarðir. Jörðin Stóridalur hét áður Djúpidalur og land Litladals mun að líkindum einnig upphaflega hluti þess.

Gagnaðilar íslenska ríkisins, þinglýstir eigendur Stóradals, hafa gert kröfu til eignar­lands á milli Djúpadalsár og Sneisarár. Á því kröfusvæði eru Djúpidalur, Mælifell og Þverdalur, auk landsvæðisins upp af dölunum og fram að sveitarfélagamörkum. Vegna jarðarinnar Saurbæjar, sem er í eigu ríkissjóðs, gerir íslenska ríkið þá kröfu að svæðið milli Djúpadalsár og Strjúgsár, að upptökum ána, sé í afréttareign Saurbæjar. Kröfusvæði aðila skarast því á svæðinu vestan Sneisar og norðan svæðisins næst sveitarfélagamörkum. Nánar tiltekið nær krafa eigenda Stóradals ekki til Sneisar og krafa ríkisins vegna Saurbæjar ekki til svæðisins næst

---

<sup>236</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

sveitarfélagmörkum. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1. og 3.4.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland. Samkvæmt þessu ber ekki að úrskurða svæðið utan við kröfugerð gagnaðila ríkisins þjóðlendu þá þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið hefur dregið þjóðlendukröfulínu sína með þeim hætti sem raun ber vitni. Óbyggðanefnd hlýtur því m.a. að taka til skoðunar hvort umrætt landsvæði sé að einhverju leyti eignarland eða annað réttindasvæði Saurbæjar.

Landsvæði þar sem hér um ræðir liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli og hefur leguna norðaustur-suðvestur, austan Djúpadalsár og vestan Sneisarár. Land rís skarpt um Mælifellshnjúk (1147 m), Mælifell (1178 m) og Sneis (1023 m). Upp af dölunum er landið hallalítið og gróðursnautt með litlum stöðuvötnum og fönnum á stöku stað.

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendisvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum afréttir kenndir við Saurbæ, Sneis, Þverdal, Mælifell og Hvassafell en einnig Nýjabæjarafréttur sem liggja á mörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu og víðar. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við séu samnotaafréttir jarða á svæðinu.

Enda þótt talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum sé ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi. Litið sé svo á að afréttarsvæðið Sneis (Þrúgstunga/Strjúgstunga) hafi eingöngu verið í afréttareign Saurbæjar en ekki háð beinum eignarrétti. Afréttarsvæði þetta sé aðskilið frá heimajörðinni og ekki verði ráðið að það hafi nokkurn tíma haft stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi. Teljist þetta jafnframt vera í samræmi við lýsingu afréttarsvæða Saurbæjar frá 12. maí 1890. Hið sama gildi varðandi hluta Djúpadals, á móts við Kambfell, austan Djúpadalsár, sem samkvæmt sömu heimild hafi talist í afréttareign Saurbæjar. Að því er Þverdal varði og svokallað Mælifell, þá sé hafnað kröfulýsingu Stóradals í umrætt landsvæði á grundvelli beins eignarréttar. Óljósar heimildir séu um svonefnda hjáleigu, Mælifell, og það hvort svæðið hafi verið hluti jarðarinnar Stóradals (Djúpadals). Í því sambandi

---

megi benda á að umrætt svæði hafi verið talið með óljósa eignarréttarlega stöðu við gerð Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Þá beri einnig að hafa í huga að svæðið liggi á milli afréttarsvæða sem talin séu hafa tilheyrt jörðinni Saurbæ en undir Saurbæjarafrétt.

Landsvæðið sem liggir undir Saurbæjarafrétt sé í afréttareign jarðarinnar í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum, enda hafi svæðið verið nýtt um langan aldur sem afréttarsvæði jarðarinnar, sbr. einkum máldaga Ólafs Rögnvaldssonar og Péturs biskups frá 1461 og 1394. Þá vísast til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712 og Jarðamats Saurbæjar frá 1849.

Af hálfu þinglýsts eiganda Stóradals, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að lýsing Landnámu á landnámi Helga magra sé afar nákvæm og af henni verði afdráttarlaust ráðið að land Stóradals, sem áður hafi verið nefnt Djúpidalur, hafi verið numið í öndverðu. Gagnaðilar mótmæla því að landnámslýsingar miðist almennt við láglendi, dali og hlíðar þeirra og vísa í því sambandi til úrskurða óbyggðanefndar, dóma Hæstaréttar og breytinga á kröfum íslenska ríkisins. Stóridalur (Djúpidalur) sé landnámsjörð. Talið hafi verið að land jarðarinnar hafi legið frá Skjöldalsá í norðri og suður á móts við Villingadal en afmarkaðist í austri af Hleiðargarðsfjalli og hálsinum út frá fjallinu og í vestri af vatnaskilum Ljóst sé því að hið umþrætta land sé innan landnámsins.

Elsta varðveitta landamerkjalyýsing Stóradals sé gerð í samræmi við landamerkjalyög frá 1882, dagsett 19. maí 1890 og þinglesin. Þannig byggi gagnaðilar kröfur sínar á eignarheimildum sem eigi grundvöll sinn í landamerkjalyögum, nr. 5/1882. Þegar litið sé til þessa verði við það að miða að sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli á íslenska ríkinu. Þá vísa gagnaðilar til þess að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem meðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila að þeim sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsreglu í 12. gr. Þá vísa gagnaðilar til þess að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Gagnaðilar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og aðgerðir ríkisvaldsins fram til þessa aðeins styrkt þá trú.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 komi fram að jörðin eigi „selför með tilliggjandi landi ...“ og vísast í því sambandi til fordæmis í dómi Landsyfirrættar í máli nr. 11/1896 er varðaði Hellistungur. Jörðin Stóridalur (Djúpidalur) hafi gengið kaupum og sölum um aldir án þess að gerður hafi verið nokkur greinarmunur á landinu sín hvoru megin við Djúpadalsá. Í landamerkjabréfi sé hinu umþrætta landi lýst og í fasteignamati jarðarinnar 1916-1918 komi fram að henni



---

fylgi afréttur, svokallaður Þverdalur og hálfur Djúpidalur. Löglíkur séu fyrir því að landið hafi notið stöðu jarðar, enda hafi það legið innan landamerkja stórjarðarinnar Djúpadals.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Saurbæjar er rakin í kafla 5.3. og Stóradals í kafla 5.4, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Saurbær og Stóridalur hafi verið sjálfstæðar jarðir.<sup>237</sup>

Í máldagabók frá 1394 er fyrst minnst á „halfann diupadal. alla þriugztungu“ og þá í tengslum við jörðina Saurbæ. Sneis hefur einnig verið nefnd Þrúgstunga eða Strjúgstunga. Í umfjöllun um Stóradal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir að jörðin eigi „selför með tilliggjandi landi [...] austan framm á Djúpadal, á millum Strjúgsár og Merkgarðs með hálfum Þverdal ...“ Þar er einnig minnst á sel Stóradals sem kallað er „Mælefell“. Í eldra landamerkjabréfi Saurbæjar, frá 12. maí 1890 og þingl. 20. maí sama ár, er annars vegar lýst merkjum jarðarinnar og hins vegar merkjum „afrijettarlandanna“ Sneisar eða Þrúgstungu og Djúpadals. Í eldra landamerkjabréfi Stóradals, frá 19. maí 1890 og þingl. degi síðar, er annars vegar lýsing á merkjum jarðarinnar og hins vegar segir að „einnig [eigi] Stóridalur austan megin Djúpadalsár allan Þverdal af Mælisfellshálsi fram á fjöll, og allt land eyðihjáleigunnar Mælifells.“ Yngri landamerkjabréf voru gerð fyrir bæði Saurbæ og Stóradal á árunum 1921 og 1922 og eru þau nánast samhljóða eldri bréfunum.

Af heimildum má ráða að landsvæði þessi hafi haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>238</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Af hálfu gagnaðila er því haldið fram að landnámsjörðin Djúpidalur (nú Stóridalur) hafi legið frá Skjöldalsá í norðri suður á mótis við Villingadal en afmarkast í austri af Hleiðargarðsfjalli og hálsinum út frá fjallinu og í vestri af vatnaskilum. Hið umþrætta land sé því innan landnáms. Svo sem rakið er í köflum 6.2 og 5.4 kemur fram í Landnámu að Helgi magri hafi gefið dóttur sinni land upp frá Skjálgdalsá til Háls og hún búið í Djúpadal. Af þessum lýsingum verður ekki ráðið neitt með vissu um afmörkun landnámsins að því leyti sem hér skiptir máli, þ.e. til suðurs og vesturs.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum réttindasvæða Saurbæjar og Stóradals er lýst í framangreindum landamerkjabréfum en svo sem áður greindi skarast kröfusvæði aðila á svæðinu milli Djúpadalsár og Sneisarár. Einnig verður litið til eldri heimilda en það eru vísitasía Saurbæjar frá 1685 og Jarðabók Árna Magnússonar og

---

<sup>237</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>238</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Páls Vídalíns frá 1712. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru óumdeild eignarlönd Litla-Dals og Kambfells til norðurs og kröfuvæði Hvassafellsdals til norðvesturs. Til vesturs eru landsvæði sem deilt er um í máli nr. 3/2008 hjá óbyggðanefnd og varða Bakkasel og Almennung. Til suðurs eru landsvæði sem deilt er um í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd og varða Merkgil og Ábæ en þegar austar dregur að sunnanverðu taka við ágreiningssvæði í máli því sem hér er til úrlausnar, nánar tiltekið vegna Syðri-Villingadals og Strjúgsár. Til austurs er óumdeilt eignarland Strjúgsár. Að fenginni niðurstöðu um landamerki réttindasvæða Saurbæjar og Stóradals, með tilliti til ágreiningssvæðis aðila, verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Hér verður þá fyrst litið merkjalýsinga í landamerkjabréfum Saurbæjar. Samkvæmt eldra landamerkjabréfi Saurbæjar eru „... afrjettarlönd [...] 1. Sneis- eða Þrúgstunga milli Þrúgsár að austan og Sneisar ár að vestan allt fram í jökul eptir máldögum Hrafns Rögnvaldssonar og Pjeturs biskups frá 1461 og 1394. 2. Djúpadalur fram frá grjótgarði þeim, er liggur fram á móts við Kambfell og fram úr gegn, svo sem Djúpadalsá ræður að vestan.“ Bréfið er áritað vegna Stóradals (Djúpadals). Sömu lýsingu er að finna á merkjum afréttarlandanna í yngra landamerkjabréfi Saurbæjar. Í vísitasíu frá 1658 kemur fram að Saurbæjarkirkja eigi „... Strugs tungu alla, ræður Þverdals a fyrer Vestann en Strugs Aa fyrer austann [...] Item a kirkiann allann diupadal austann framm allt fra griot garde og framm J Jökul.“ Þá segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 að Saurbær eigi selför „með tilliggjandi landi á Djúpadal austanfram, fram frá Stóradals landi. Aðra selför í Þrúgstungu og alla túnguna með í millum Þrúgsár og Þverdalsár.“

Af þessum merkjalýsingum má ráða að verið sé að lýsa annars vegar svokallaðri Sneis (Þrúgstungu eða Strjúgstungu) sem liggur milli Strjúgsár og Sneisarár (Þverdalsár), og hins vegar Djúpadal, austan ár, fram frá grjótgarði sem liggur á móts við Kambfell og „fram úr í gegn“, eða „fram í jökul“. Merkjum er annars ekki lýst nákvæmlega til suðurs eða vesturs en íslenska ríkið miðar afréttarkröfu sína til þeirra átta við meint upptök Strjúgsár og Djúpadalsár. Þá er mörkum Djúpadals ekki lýst til suðausturs, gagnvart Mælifelli. Af lýsingum sést að Þverdalur, sem liggur austan Mælifells en vestan Sneisar, er utan þeirra. Virðast merkin lýsa tveimur aðskildum flekum, Djúpadal að hluta og Sneis. Svo sem áður greindi gerir gagnaðili ríkisins ekki kröfu til Sneisarinnar.

Verður þá næst litið til Stóradals. Í eldra landamerkjabréfi þeirrar jarðar kemur fram að Stóradalur eigi „austan megin Djúpadalsár allan Þverdall af Mælisfellshálsi fram á fjöll, og allt land eyðihjáleigunnar Mælifells. Þar ræður merkjum að utan bein stefna úr Þrúgsárgilinu ofan Þrúgsáreyrar í Djúpadalsá, fram þaðan liggja merkin eptir Djúpadalsá vestan megin Mælifellshólma að grjótgarði þeim er liggur til austurs upp frá ánni gegnt Kambfelli.“ Bréfið er áritað vegna Saurbæjar. Í yngra landamerkjabréfi

---

Stóradals er merkjum lýst með svipuðum hætti en þó segir í lokin „að grjótgarði þeim, sem liggur upp frá ánni gegnt Kambfelli og eftir honum á fjall upp“ en í eldra bréfinu er aðeins getið um grjótgarðinn en ekki fjallið, líkt og segir í yngra bréfinu. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kemur fram lýsing á selför Stóradals en um hana segir þetta: „selför með tilliggjandi landi á jörðin austan framm á Djúpadal, á millum Strjúgsár og Merkgarðs með hálfum Þverdal ...“

Í framangreindum heimildum um Stóradal eru lýsingar á Djúpadal og Þverdal en auk þess er minnst á „eyðihjáleiguna“ Mælifell sem mun hafa legið við samnefnt fjall. Engar heimildir liggja fyrir um merki Mælifells og er tilvísun í land Mælifells því óljós. Þverdal er lýst „fram á fjöll“, án þess að mörk hans séu nánar tilgreind. Þá fylgja merkin Djúpadalsá, sem rennur um Djúpadal, og að grjótgarði þeim sem liggur gegnt Kambfelli. Þinglýstir eigendur Stóradals hafa afmarkað kröfusvæði sitt til suðvesturs af vatnaskilum við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar gagnvart Hörgárbyggð og Akrahreppi. Þverdalur, Mælifell og loks Djúpidalur liggja saman og benda lýsingar til þess að verið sé að lýsa samfelldu svæði án þess þó að mörkum Þverdals til suðvesturs og Mælifells sé lýst nánar en að framan er rakið. Óbyggðanefnd telur heimildir og staðhætti einnig benda til þess að annars vegar Sneisin og fremri hluti Djúpadals, samkvæmt heimildum um Saurbæ, og hins vegar Þverdalur, Mælifell og ytri hluti Djúpadals, samkvæmt heimildum um Stóradal, liggi saman fremur en að um skörun sé að ræða. Gagnkvæmar, athugasemdalausar áritanir á landamerkjabréf styðja þá ályktun.

Verður þá vikið að heimildum um merki aðliggjandi landsvæða. Kröfusvæði vegna Hvassafellsdals liggur gagnvart kröfusvæði Saurbæjar og Stóradals til norðvesturs. Samkvæmt landamerkjabréfi Hvassafells, frá 16. janúar 1883, heyrir undir jörðina „fjallið milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell.“ Bréfið er hvorki áritað vegna Saurbæjar né Stóradals. Óumdeild eignarlönd annars vegar Kambfells og hins vegar Litladals liggja norðvestur og norður af kröfusvæði Saurbæjar og Stóradals. Í landamerkjabréfi Kambfells, frá 27. maí 1885, eru merki einnig miðuð við Djúpadalsá. Þá viðmiðun er einnig að finna í landamerkjabréfi Litladals, frá 18. maí 1885. Bréf Litladals er áritað vegna Saurbæjar og bréf Kambfells er áritað vegna Stóradals. Samkvæmt landamerkjabréfi Strjúgsár, frá 12. maí 1890 og þingl. 20. maí sama ár, eru merki til vesturs, gagnvart kröfusvæði Saurbæjar og Stóradals, miðuð við Strjúgsá. Kröfusvæði vegna Syðri-Villingadals liggur sunnan kröfusvæðis Stóradals. Samkvæmt landamerkjabréfi Syðri-Villingadals, frá 21. apríl 1884 og þingl. 20. maí sama ár, eru merki til norðurs frá Silungsgili „og þaðan beint strik uppá mitt fjall ...“ Bréfið er ekki áritað vegna Stóradals. Engar eldri heimildir hafa fundist um framangreind aðliggjandi landsvæði.

Vestan og norðvestan sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar, gagnvart kröfusvæði Stóradals, liggja kröfusvæði vegna Ábæjar, Merkgils og Bakkasels, talið frá vestri til norðurs, í málum nr. 4/2008 og 3/2008 hjá óbyggðanefnd. Þar kemur fram

---

að samkvæmt landamerkjabréfi Ábæjar frá árinu 1888 eru merki þeirrar jarðar til austurs miðuð við „hábrúnina“, sjá nánar í máli nr. 4/2008. Merki Merkigils eru einnig miðuð við „hábrúnina“ í landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá árinu 1884, sjá nánar í máli nr. 4/2008. Um Bakkasel er fjallað í máli nr. 3/2008 hjá óbyggðanefnd.

Þar kemur fram að í landamerkjabréfi Bakkasels sé suðurmerkjum ekki lýst. Vestur- og austurmerki miðist við Kaldbaksá og Yxnadalsá en ekki tekið fram hversu langt suður. Landamerkjabréf Bakkasels er því talið óljóst að þessu leyti en eldri merkjalýsingar munu ekki fyrir hendi. Gagnaðilar íslenska ríkisins á þessu svæði, bæði vegna Stóradals og landsvæða í málum nr. 3/2008 og 4/2008, miða afmörkun kröfusvæða sinna innbyrðis við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar, Hörgárbyggðar og Akrahrepps.

Hér að framan hafa verið raktar heimildir um afmörkun á réttindasvæðum Saurbæjar og Stóradals og einnig aðliggjandi landsvæða. Um merki svokallaðrar Sneisar eða Þrúgstungu er ekki ágreiningur og eru þau í ágætu samræmi við aðrar lýsingar. Á því landsvæði sem tekur við vestan og norðvestan Sneisar, eða Sneisarár, liggur Þverdalur og síðan fjallið Mælifell og Mælifellshnjúkur. Norðan og vestan við Mælifellshnjúk er Djúpidalur. Óbyggðanefnd telur að ekki sé landfræðileg skörun á milli þessara svæða. Miðist Sneisin við dalsdrög og upptök Strjúgsár og Sneisarár og Þverdalurinn við dalsdrög og upptök síðastnefndu árinna og upp á fjallsbrún Mælifells. Um afmörkun „eyðihjáleigunnar“ Mælifells eru engar heimildir. Djúpidalur skiptist svo um grjóttgarð gegnt Kambfelli, án þess að mörkum hans sé lýst sérstaklega til suðurs og suðvesturs. Af yngra landamerkjabréfi Stóradals má ráða að hann nái upp á fjallið Mælifell en vesturmerkin eru óljós. Merkjum landsvæðanna til vesturs, gagnvart kröfusvæðum í málum nr. 3/2008 og 4/2008 hjá óbyggðanefnd er ekki sérstaklega lýst. Með hliðsjón af framangreindum heimildum og staðháttum telur óbyggðanefnd rétt að líta í því sambandi til vatnaskila, ofan dalsdraga. Samkvæmt gögnum frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands eru vatnaskil milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar á þessu svæði skammt norðan við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar gagnvart Hörgárbyggð og Akrahreppi. Kröfulína gagnaðila ríkisins miðast við sveitarfélagamörkin.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt

---

verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Saurbæ og Stóradal voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882 og þar lýst sérstaklega aðskildum landsvæðum. Önnur landamerkjabréf voru síðan gerð í kjölfar landamerkjaloganna frá 1919. Svo sem áður var rakið benda fyrirliggjandi gögn til þess að merkjum landsvæðanna sé þar rétt lýst, svo langt sem þær lýsingar ná en merki eru óljós til suðurs og suðvesturs. Skjöl þessi voru þinglesin og innfærð í landamerkjabók sýslumanns.

Um réttindi Saurbæjar í Sneis, sem áður var nefnd Þrúgstunga, og Djúpadal er fjallað í fjölda heimilda. Að því er varðar hinar elstu kemur víða fram að Saurbæjarkirkju tilheyri hálfur Djúpadalur og Þrúgstunga, sbr. máldagabækur frá 1394 og frá 1590-1616, Sigurðarregistur frá 1525, vísitásiur frá 1685, 1718 og 1749, lögfestu frá 1729 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 um Saurbæ en þar er minnst á „tilliggjandi land á Djúpadal [...] fram frá Stóradals landi.“ Í lögfestu Saurbæjar frá 1788 er þannig m.a. lögfest „... Saurbær kyrkiu afrietter ...“ og síðan talin upp Þrúgstunga og Djúpadalur að austanverðu. Þá var upplestin lögfesta árið 1729 fyrir Saurbæ „og þess undierliggiandi afrettum, Þrugstungu og Diupadal ...“ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 kemur fram að Saurbær eigi selför á Djúpadal og Þrúgstungu. Í jarðamatinu 1804 segir að Saurbær hafi afrétt til eigin nota, Sneis. Í jarðamatinu 1849 er nefnt að Saurbæjarkirkja eigi afrétt í Djúpadal og Sneis.

Réttur Stóradals til Djúpadals, Þverdals og Mælifells er einnig rakinn í fjölda heimilda. Þannig segir svo um Stóradal í Jarðabókinni 1712: „selför með tilliggjandi landi á jörðin austan framm á Djúpadal, á millum Strjúgsár og Merkigarðs með hálfum Þverdal ...“ Í nokkrum heimildum um Stóradal er vísað til „selsins“ eða „eyðihjáleigunnar“ Mælifells. Í Jarðabókinni 1712 kemur einnig fram að sel Stóradals kallist „Mælefell“ og sé fram á Djúpadal. Á manntalsþingi að Saurbæ árið 1775 segir eftirfarandi: „vídara hvad áhrærer Jardnæde handa Gudmunde Bendicsyne, þá er tiltal um Mælefells Sel, ad hann þángad víke.“ Á manntalsþingi 1780, einnig að Saubæ, var þetta ritað: „Syslumadurenn uppbjdar f[yrir] Rettenum Eyde Jardernar Widernes og Mælefells-Sel hverium frómum manni sem med þarf, i filgin af firre Kónagl. forordning af 13<sup>da</sup> April 1776, og framm gaf sig eingenn, sem því bodi sæta vilde [...]“ Í jarðamatinu frá 1804 segir að Stóradal tilheyri „eyðihjáleigan“ Mælifell. Í jarðamatinu 1849 er einnig minnst á Mælifell. Þar segir að selstaða sé í afréttinum Djúpadal „þar sem hjáleigan Mælifell stóð eitt sinn“. Í ritunum *Byggðir Eyjafjarðar*, síðara bindi og *Árbók FÍ*, frá 1991, kemur fram að „býlið“ Mælifell hafi staðið undir samnefndu fjalli. Það hafi farið í eyði fyrir 1700 þar sem Djúpadalsá og Strjúgsá hefðu brotið upp

---

nánast allar engjarnar og því hafi ekki verið lífvænlegt þar lengur. Eftir þetta hafi verið haft í seli frá Stóradal. Í landamerkjabréfum Stóradals segir að Stóridalur eigi land „... austan megin Djúpadalsár þverdal allan fram á fjall og allt land eyðihjáleigunnar „Mælifells““.

Óbyggðanefnd telur ljóst af framangreindum heimildum að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar hefur að hluta lagið undir Saurbæ og að hluta undir Stóradal og í meginráttum skipst í Djúpadal, Mælifell, Þverdal og Sneis (Þrúgstungu). Það er landfræðilega aðskilið frá jörðunum Saurbæ og Stóradal og afmarkað sérstaklega í landamerkjabréfum þeirra. Djúpadals, Þverdals og Sneisar er jafnan getið í tengslum við tiltekin, takmörkuð not. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þessi hafi verið nýtt til annars en sumarbeitar og annarra takmarkaðra nota. Þau eru að mestum hluta hálend og þangað hefur búfénaður leitað án hindrana.

Ekkert liggur fyrir um það hvenær var búið í Mælifelli eða hversu lengi og þá er enga afmörkun að finna á því landsvæði sem kann að hafa fylgt býlinu. Elsta heimild um forræði Stóradals á landsvæðinu er frá 1712. Frá þeim tíma hefur landsvæðið undir fjallinu Mælifelli og þar í kring aðeins verið nýtt til beitar. Af framanröktu má ráða að Mælifell hafi ekki notið stöðu jarðar að lögum svo sannað sé.<sup>239</sup>

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Djúpidalur, Mælifell, Þverdalur og Sneis hafi verið afréttir í þeim skilningi að jarðirnar Saurbær og Stóridalur hafi þar átt óbein eignarréttindi, hvor jörð á tilteknum hluta heildarsvæðisins, fremur en beinan eignarrétt.

Afréttur Saurbæjar er annars vegar Sneisin og hins vegar sá hluti Djúpadals sem liggur „... fram frá grjótgarði þeim ...“ sem liggur fram á móts við Kambfell svo sem Djúpadalsá ræður að vestan. Austurmerki hins síðarnefnda landsvæðis miðast, auk framangreinds grjótgarðs, við Mælifellshnjúk og þrjá fjallstinda þar til suðvesturs. Frá hinum síðasta þeirra er miðað við vatnaskil að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi. Þaðan er miðað við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi og Hörgárbyggð, þar til kröfulínu eigenda Stóradals í máli þessu er fylgt í Djúpadalsá. Að öðru leyti vísast til fyrri umfjöllunar og nánari tilgreiningar í úrskurðarorðum. Afréttur Stóradals er Þverdalur og sá hluti Djúpadals sem liggur utan við grjótgarðinn. Vesturmerki miðast við Mælifellshnjúk auk framangreinds grjótgarðs, og þrjá fjallstinda suðvestur af hnjúknum. Frá syðsta tindinum er miðað við vatnaskil að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Þaðan er miðað við sveitarfélagamörkin og síðan kröfulínu eigenda Stóradals í máli þessu, þar til komið er í Sneisar. Að öðru leyti vísast til fyrri umfjöllunar og nánari tilgreiningar í úrskurðarorðum.

Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við

---

<sup>239</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri umræddu landsvæði liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2, 3 og 4/2008 á svæði 7 (suður) hjá óbyggðanefnd.

Ekki liggur fyrir hvernig eigendur Saurbæjar og Stóradals eru komnir að rétti sínum til þessa landsvæðis. Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til þess hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Stóradals og Saurbæjar, ekki verið sýnt fram á að kröfuvæðið sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>240</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign eigenda Stóradals og Saurbæjar.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Djúpidalur „innan grjótgarðs“, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá grjótgarði þeim sem liggur á mótis við Kambfell er dregin lína til suðausturs í Mælifellshnjúk og þaðan til suðvesturs á milli þriggja tinda, í 1178 m, 1041 m og 1184 m hæð yfir sjávarmáli. Frá hinum syðsta þeirra er miðað við vatnaskil að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi. Áðurnefndur grjótgarður er einnig viðmið til suðvesturs, þegar Djúpadalsá er fylgt þaðan allt til upptaka og síðan dregin lína til sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar gagnvart Hörgárbyggð, í samræmi við kröfulínu gagnaðila ríkisins*

---

<sup>240</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

*vegna Stóradals og Hvassafellsdals. Á milli framangreindra tveggja punkta á sveitarfélagamörkum er miðað við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar gagnvart Hörgárbyggð og Akrahreppi.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Saurbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Djúpidalur „utan grjótgarðs“ og Þverdalur, svo sem heildarsvæðið er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Frá grjótgarði þeim sem liggur á móts við Kambfell er dregin lína til suðausturs í Mælifellshnjúk og þaðan til suðvesturs á milli þriggja tinda, í 1178, 1041 og 1184 m hæð yfir sjávarmáli. Frá hinum syðsta þessara tinda er miðað við vatnaskil að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi. Áðurnefndur grjótgarður er einnig viðmið til norðausturs, þar sem Djúpadalsá er fylgt þaðan og niður að ármótum við Strjúgsá. Síðan er Strjúgsá fylgt upp að ármótum við Sneisará og svo Sneisará áfram, eins langt sem hún nær. Þegar ánni sleppir er miðað við kröfulínur gagnaðila ríkisins vegna Stóradals, allt að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi. Á milli framangreindra tveggja punkta á sveitarfélagamörkum er miðað við þau mörk.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Stóradals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið Sneis, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Strjúgsá er fylgt frá ármótum við Sneisará og til upptaka sinna, í samræmi við afmörkun á kröfusvæði ríkisins vegna Saurbæjar. Afmörkun sama aðila er síðan fylgt í Sneisará og þeirri á fylgt niður að áðurnefndum ármótum við Strjúgsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Saurbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.5 Strjúgsá**

### **6.5.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Strjúgsár gera einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánar í köflum 3.1 og 3.5. Landsvæði þar sem hér um ræðir liggur í yfir 900-1000 m hæð yfir sjávarmáli. Land er hallalítið og gróðurnautt með fönnum.



## 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendissvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini jafnframt að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við séu samnotaafréttir jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi. Þjóðlendukröfulína ríkisins fylgi Svartá að upptökum í botni Sverrisdals en frá upptökunum sé haldið til norðurs eftir fjallinu í merkjapunkt milli jarðanna Syðri-og Ytri-Villingadals, Leynings og Strjúgsár. Teljist þessi punktur vera í samræmi við merkjalýsingar framangreindra jarða sem allar lýsi í umræddan merkjapunkt, sbr. kröfulýsingar jarðanna til óbyggðanefndar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Strjúgsár, gagnaðila íslenska ríkisins, er á því byggt að lýsing Landnámu á landnámi Helga magra sé afar nákvæm og af henni verði afdráttarlaust ráðið að land Strjúgsár hafi verið numið í öndverðu. Elsta varðveitta landamerkjalyýsing Arnarstaða sé frá 12. maí 1890 og þingl. 20. maí sama ár og gerð í samræmi við landamerkjalog frá 1882. Þannig byggi gagnaðili kröfur sínar á eignarheimildum sem eigi grundvöll sinn í landamerkjalogum nr. 5/1882. Þegar litið sé til þessa verði við það að miða að sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli á íslenska ríkinu. Þá sé vísað til þess að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem meðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila að þeim sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsregluna sem lögfest sé í 12. gr. laganna. Þá vísu gagnaðilar til þess að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Gagnaðilar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja væri undirorpið fullkomnum eignarrétti hans og hafi aðgerðir ríkisvaldsins fram til þessa aðeins styrkt þá trú.

Jafnvel þó svo virðist sem íslenska ríkið fallist á kröfulýsingu jarðarinnar í texta sé mikill munur á því hvernig aðilar málsins teikni merki jarðarinnar á kröfulínukort. Geri gagnaðili ráð fyrir að á sama hátt og í tilfelli Rifkelsstaða, Ánastaða og Tjarna, Torfufellstorfu og Leyningsdals, útskýri ólíkur skilningur aðila á því hver séu upptök áa þennan mismun. Því sé mótmælt að upptök Strjúgsár séu

---

annars staðar en þar sem þau séu merkt á korti samkvæmt kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins. Því sé sérstaklega mótmælt að upptök árinna sé að finna í Strjúgsárdal, þvert á móti þá séu upptökin í daldrögunum nokkru vestar og sunnar.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Strjúgsár (Þrúgsár) er rakin í kafla 5.5, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>241</sup>

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfum jarðarinnar. Landamerkjabréf Strjúgsár er frá 12. maí 1890 og þinglesið 20. maí sama ár. Einnig liggur fyrir ódagsett merkjalýsing frá miðri 18. öld. Um land jarðarinnar til suðurs segir þó einungis að hún eigi Strjúgsárdal. Athugun þessi tekur til suður- og vesturmerkja jarðarinnar, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til suðurs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess vegna Ytri- og Syðri-Villingadals og til norðurs og norðvesturs er ágreiningssvæði vegna Saurbæjar og Stóradals, nánar tiltekið svokölluð Sneis. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Strjúgsár, með tilliti til ágreiningssvæðis aðila, verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Strjúgsár frá 1890 miðast vesturmerki, gagnvart kröfusvæði Saurbæjar í Sneis, við Þrúgsá. Strjúgsá var ein af jörðum Saurbæjar og undir bréfið ritar Saurbæjarprestur. Í eldra landamerkjabréfi Saurbæjar, frá 12. maí 1890 og þingl. 20. maí sama ár, segir um „afrjettarlandið“ Sneis- eða Þrúgstungu að hún liggja á milli Þrúgsár að austan og Sneisarar að vestan „allt fram í jökul“. Aðrar heimildir um afmörkun Sneisar styðja þessa lýsingu, sjá nánar í kafla 6.4.

Samkvæmt landamerkjabréfi Strjúgsár frá 1890 fylgja suðurmerki, gagnvart kröfusvæðum Ytri- og Syðri-Villingadals „... fjallshlíð af miðju fjalli að ofan svo sem vötnum hallar til vesturs fram í jökul.“ Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna Villingadalsjarða.

Í landamerkjabréfi Ytri-Villingadals, dags. 29. maí 1885 og þinglesið samdægurs, segir um vesturmerki að þar ráði „fjallið“. Bréfið er ekki áritað vegna Strjúgsár. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ytri-Villingadals, sbr. kafla 6.6. Þess skal getið að gagnaðila ríkisins greinir á um merki sín innbyrðis á svæðinu næst punkti 8 í þjóðlendukröfulínu.

Í landamerkjabréfi Syðri-Villingadals, dags. 21. apríl 1884 og þinglesið 20. maí 1884, kemur fram um norðurmerki að til vesturs nái þau „uppá mitt fjall“. Bréfið

---

<sup>241</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

er ekki áritað vegna Strjúgsár. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Syðri-Villingadals, sbr. kafla 6.7.

Framangreint landamerkjabréf jarðarinnar Strjúgsár miðar suðurmerki þannig við Strjúgsána að vestanverðu og lýsingu austurmerkja til suðurs lyktar með orðalaginu „svo sem vötnum hallar til vesturs fram í jökul“. Strjúgsá og Sneis hafa leguna norður-suður og þar suður af liggja umræddar Villingadalsjarðir, með leguna austur-vestur. Landamerkjabréf Ytri-Villingadals miðar vesturmerki, gagnvart kröfusvæði Strjúgsárjarðar, við „fjallið“ og í bréfi Syðri-Villingadals er norðurmerkjum lýst til vesturs „uppá mitt fjall“. Íslenska ríkið greinir á við gagnaðila um staðsetningu þessara merkja.

Í máli þessu liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands sem sýna m.a. upptök Strjúgsár og vatnasvið, þar á meðal gagnvart Svartá sem liggur sunnar og nánar er um fjallað í tengslum við Syðri-Villingadal. Báðar eru þær dragár og safnast saman úr nokkuð stóru dragi. Fram kemur að upptaksvæði Strjúgsár liggur allt innan kröfusvæðis þinglýstra eigenda jarðarinnar Strjúgsár í máli þessu. Með hliðsjón af orðalagi í framangreindum merkjalýsingum, staðháttum og staðsetningu vatnaskila í fjallendinu sunnan Sneisar og Strjúgsár, í Strjúgsárdal, og vestur af undirlendi Villingadalsjarða telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja jarðarinnar Strjúgsár, svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfi hennar. Með vísan til ágreinings um merki jarða næst punkti 8 í þjóðlendukröfulínu ber að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Strjúgsá var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt

---

sem sú lýsing nær. Bréfið var undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem að hér hafi þýðingu. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Strjúgsár hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til lands og upp til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbæitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Strjúgsá hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar, hafa eigendur hennar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Enda þótt nýting hálendari hluta jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Strjúgsárdalur er meðal þeirra landsvæða sem talin eru upp, án afmörkunar, í Skrá yfir afrétti og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu frá 1894 og skrá Sýslumannsins í Eyjafirði yfir afréttarlönd í sýslunni frá 1979. Í þessum skráum eru einnig óumdeild eignarlönd. Heimildir um afrétt í Strjúgsárdal eru almenns eðlis og óbyggðanefnd telur að þær vitni fremur um notkun viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þær leiða ekki til þess að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Strjúgsár sé þjóðlenda. Rannsókn

---

óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>242</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Strjúgsár, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.6 Ytri-Villingadalur**

### **6.6.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Ytri-Villingadals gera einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánar í köflum 3.1 og 3.6. Landsvæði þar sem hér um ræðir liggur í yfir 900-1000 m hæð yfir sjávarmáli. Land er hallalítið og gróðursnautt með fönnum.

### **6.6.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendissvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við séu samnotaafréttir jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi. Þjóðlendukröfulína ríkisins fylgi Svartá að upptökum í botni Sverrisdals en frá upptökunum sé haldið til norðurs eftir fjallinu í merkjapunkt milli jarðanna Syðri-og Ytri-Villingadals, Leynings og Strjúgsár. Teljist þessi punktur vera í samræmi við merkjalýsingar framangreindra jarða sem allar lýsi í umræddan merkjapunkt, sbr. kröfulýsingar jarðanna til óbyggðanefndar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Ytri-Villingadals, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir eign sinni, auk þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá þinglýsingu landamerkjabréfs jarðarinnar. Sjónarmið um hefð séu til staðfestingar námi á svæðinu.

Þá er því haldið fram af hálfu gagnaðila að eignarheimildir þeirra hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggji eignarhaldið enn fremur á

---

<sup>242</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

viðskiptavenju. Grundvallarreglan um réttaröryggi í skiptum manna geri kröfu um traust og festu í lögskiptum. Samrýmist þá í engu þessari grundvallarreglu réttarríkisins, að haft sé að engu réttmætt traust manna á lagalegri þýðingu gagna af því tagi, sem hér um ræðir, þ.e. allra lögskipta manna og lögaðila varðandi ráðstöfun auðlinda á umræddu svæði. Gildi þessara gagna eigi sér örugga stoð í venjurétti, sem byggist á fastmótuðum viðhorfum og viðskiptavenjum. Í því sambandi sé einnig ítrekað að gengið sé út frá venjurétti, sem eignarheimild í athugasemdum við 5. gr. í frumvarpi til þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Á því er byggt að ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land, innan landamerkjja Ytri-Villingadals, sé undirorpið fullkomnum eignarrétti, og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið nokkru sinni getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur eigendum Ytri-Villingadals, þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum verið þinglýst athugasemdalaust. Að Villingadal hafi verið stundaður hefðbundinn landbúnaður og landið verið smalað ef eigendum í samræmi við fjallskilareglugerð. Skattar og lögboðin gjöld hafi alltaf verið greidd af öllu landinu.

Eigendur Ytri-Villingadals hafi fært fram nægar heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Vísað sé í því sambandi til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þar sem niðurstaða nefndarinnar hafi m.a. verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið jörð og landamerkjalyking brjóti ekki í bága við eldri heimildir sé eignarland. Sá sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrði fyrir því, sbr. Hæstaréttardóm frá 21. október 2004. Þá sé einnig vísað í dóm Hæstaréttar um Stórhöfða frá 16. maí 2007. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisins á þeim telji eigendur Ytri-Villingadals að þeir hafi réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé beinum eignarrétti háð. Vísað er m.a. til 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ekki sé um að ræða samnotaafrétti á því svæði sem hér um ræði og sé afréttur hvergi markaður með sjálfstæðum landamerkjum þó heimildir nefni að jörðin eigi afrétt. Sé þá átt við beutiland jarðarinnar.

Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Ríkisvaldið hafi sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkomin eign. Talið sé að almennt gildi um jarðir í Eyjafirði vestan Eyjafjarðarár að þær séu landsvæði sem upprunalega hafi verið numið, stofnað hafi verið til nýbýla eða eignarhefð hafi verið unnin yfir því.

### **6.6.3 Niðurstaða**

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Ytri-Villingadals er rakin í kafla 5.6, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar

---

er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>243</sup>

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Ytri-Villingadals, frá 29. maí 1885 og þinglesið samdægurs. Engar eldri merkjalýsingar hafa fundist. Athugun þessi tekur til vesturmerkja jarðarinnar, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til suðurs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess vegna Syðri-Villingadals og til norðvesturs er ágreiningssvæði vegna Strjúgsár. Að norðan er ágreiningsslaust eignarland jarðarinnar Leynings. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Ytri-Villingadals, með tilliti til ágreiningssvæðis aðila, verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í landamerkjabréfi Ytri-Villingadals, dags. 29. maí 1885 og þinglesið samdægurs, segir um vesturmerki að þar ráði „fjallið“. Bréfið er áritað vegna Syðri-Villingadals og Leynings en ekki vegna Strjúgsár. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ytri-Villingadals. Þess skal getið að gagnaðila ríkisins greinir á um merki sín innbyrðis á svæðinu næst punkti 8 í Þjóðlendukröfulínu.

Samkvæmt landamerkjabréfi Strjúgsár frá 1890 fylgja suðurmerki, gagnvart kröfusvæðum Ytri- og Syðri-Villingadals „fjallshlíð af miðju fjalli að ofan svo sem vötnum hallar til vesturs fram í jökul.“ Eldri heimild um merki Strjúgsár varpar ekki frekara ljósi á þetta atriði. Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna Villingadalsjarða.

Í landamerkjabréfi Syðri-Villingadals, dags. 21. apríl 1884 og þinglesið 20. maí 1884, kemur fram um norðurmerki að til vesturs nái þau „uppá mitt fjall“. Bréfið er áritað vegna Ytri-Villingadals en ekki vegna Strjúgsár. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Syðri-Villingadals, sbr. kafla 6.7.

Framangreint landamerkjabréf Ytri-Villingadals miðar þannig vesturmerki við „fjallið“ og í bréfi Syðri-Villingadals er norðurmerkjum lýst „uppá mitt fjall“. Villingadalsjarðirnar hafa leguna austur-vestur og þar norður af er Strjúgsá og samnefnd jörð, með leguna norður-suður. Bréf jarðarinnar Strjúgsár miðar suðurmerki við Strjúgsána að vestanverðu og lýsingu austurmerkja til suðurs lyktar með orðalaginu „svo sem vötnum hallar til vesturs fram í jökul“. Íslenska ríkið greinir á við gagnaðila um staðsetningu þessara merkja.

Í máli þessu liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands sem sýna m.a. upptök Strjúgsár og vatnasvið, þar á meðal gagnvart Svartá sem liggur sunnar og nánar er um fjallað í tengslum við Syðri-Villingadal. Báðar eru þær dragár og safnast saman úr nokkuð stóru dragi. Fram kemur að vatnaskil í fjallendinu sunnan Strjúgsárdals og vestur af undirlendi Villingadalsjarða eru í ágætu samræmi við afmörkun eigenda Ytri- og Syðri-Villingadals á landi jarða sinna að því leyti, enda þótt deilt sé um innbyrðis merki gagnaðila ríkisins á svæðinu næst punkti 8 í Þjóðlendukröfulínu. Kröfulína ríkisins liggur á hinn bóginn austar en vatnaskilin. Með

---

<sup>243</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

hliðsjón af orðalagi í framangreindum merkjalýsingum, staðháttum og staðsetningu vatnaskila í umræddu svæði telur óbyggðanefnd að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Ytri-Villingadals, svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfi. Með vísan til ágreinings um merki jarða næst punkti 8 í þjóðlendukröfulínu ber að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Ytri-Villingadal var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær. Bréfið var undirritað af fyrirsvarsmanni jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem að hér hafi þýðingu. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Ytri-Villingadals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til lands og upp til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbæitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti



---

liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Ytri-Villingadalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur hennar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Enda þótt nýting hálendari hluta jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Villingadalur er þannig meðal þeirra landsvæða sem talin eru upp, án afmörkunar, í skrá Sýslumannsins í Eyjafirði yfir afréttarlönd í sýslunni frá 1979. Í þeirri skrá eru einnig óumdeild eignarlönd. Umfjöllun um afréttarnot í Villingadal er almenns eðlis og vitnar fremur um notkun viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Af því leiðir ekki að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Ytri-Villingadals sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>244</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að áréttu að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að land Ytri-Villingadals, svo sem því er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.7 Syðri-Villingadalur**

### **6.7.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Syðri-Villingadals gera einnig kröfu til sem eignarlands síns, sjá nánar í köflum 3.1 og 3.7. Landsvæði þar sem hér um ræðir liggur í yfir 900-1000 m hæð yfir sjávarmáli. Land er hallalítið og gróðursnautt með fönnum.

---

<sup>244</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

## 6.7.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendissvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við séu samnotaafréttir jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi. Þjóðlendukröfulína ríkisins fylgi Svartá að upptökum í botni Sverrisdals en frá upptökunum sé haldið til norðurs eftir fjallinu í merkjapunkt milli jarðanna Syðri-og Ytri-Villingadals, Leynings og Strjúgsár. Teljist þessi punktur vera í samræmi við merkjalýsingar framangreindra jarða sem allar lýsi í umræddan merkjapunkt, sbr. kröfulýsingar jarðanna til óbyggðanefndar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Syðri-Villingadals, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á landamerkjabréfi og öðrum heimildarskjölum sem þeir hafi fyrir eign sinni. Eldri heimildir mæli þeim ekki í mót. Vísað sé til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þar sem niðurstaða nefndarinnar hafi m.a. verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum sé eignarland, sbr. einnig Hæstaréttardóm frá 21. október 2004. Þá sé einnig vísað í dóm Hæstaréttar um Stórhöfða frá 16. maí 2007. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða sé eignarland. Öll afnot og nytjar jarða í Eyjafirði vestan Eyjafjarðarár séu háðar leyfi landeigenda enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Í ljósi heimilda og upplýsinga um staðhætti og gróðurfar telji eigendur Syðri-Villingadals að þeir hafi réttmætar ástæður til að vænta að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfi sé fullkomin eign þeirra, sbr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Ekki sé um að ræða samnotaafrétti á því svæði sem hér um ræði og sé afréttur hvergi markaður með sjálfstæðum landamerkjum þó heimildir nefni að jörðin eigi afrétt. Sé þá átt við beutiland jarðarinnar.

Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Ríkisvaldið hafi sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land sé ekki fullkomin eign. Talið sé að almennt gildi um jarðir í Eyjafirði vestan Eyjafjarðarár að þær séu landsvæði sem upprunalega hafi verið numið, stofnað hafi verið til nýbýla eða eignarhefð hafi verið unnin yfir því.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Syðri-Villingadals er rakin í kafla 5.7, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæða jörð hefur verið að ræða.<sup>245</sup>

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi Syðri-Villingadals, frá 21. apríl 1884 og þingl. 20. maí sama ár. Engar eldri merkjalýsingar hafa fundist. Athugun þessi tekur til vesturmerkja jarðarinnar, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til suðurs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess vegna Leyningsdals, til norðurs er ágreiningssvæði vegna Ytri-Villingadals og Strjúgsár, og að norðvestanverðu ágreiningssvæði vegna Saurbæjar og Stóradals. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Syðri-Villingadals, með tilliti til ágreiningssvæðis aðila, verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í landamerkjabréfi Syðri-Villingadals frá 1884 eru merki til suðurs og vesturs, gagnvart ágreiningssvæði vegna Leyningsdals, orðuð þannig: „Að sunnan og vestan Svartá og ráða þær merkjum.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Leynings. Í landamerkjabréfi Leynings, frá 20. maí 1885, er lýsing á „afrjett“ á Leyningsdal. Takmörk dalsins, gagnvart kröfusvæði vegna Syðri-Villingadals, eru „Svartá að heiman“. Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna Syðri-Villingadals. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir einnig að Leyningsdalur liggja „fram frá Villingadals landi fyrir framan Svartá ...“, sbr. einnig kafla 6.8. Samræmi er þannig á milli heimilda um að Svartá renni í suðurmerkjum Syðri-Villingadals, gagnvart Leyningsdal.

Um norðurmerki Syðri-Villingadals segir í landamerkjabréfinu frá 1884 að til vesturs nái þau frá Tilingsgili „beint strik uppá mitt fjall“. Bréfið er áritað um samþykki vegna Ytri-Villingadals en ekki vegna Strjúgsár, Saurbæjar eða Stóradals. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Syðri-Villingadals.

Norðaustan Syðri-Villingadals er jörðin Ytri-Villingadalur, sbr. kafla 6.6. Í landamerkjabréfi hennar frá 1885 segir um vesturmerki að þar ráði „fjallið“. Bréfið er áritað vegna Syðri-Villingadals. Engar eldri heimildir liggja fyrir um merki Ytri-Villingadals.

Norðan Syðri-Villingadals og norðvestan Ytri-Villingadals er jörðin Strjúgsá. Samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1890 fylgja suðurmerki, gagnvart kröfusvæðum Ytri- og Syðri-Villingadals „fjallshlíð af miðju fjalli að ofan svo sem vötnum hallar til vesturs fram í jökul. Að vestan ræður Þrúgsá [Strjúgsá] landamerkjum.“ Eldri heimild um merki Strjúgsár varpar ekki frekara ljósi á þetta atriði, sbr. kafla 6.5. Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna Villingadalsjarða.

<sup>245</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Norðvestur af Syðri-Villingadal, vestan Strjúgsár, er kröfusvæði Stóradals í máli þess, nánar tiltekið vegna svokallaðs Þverdals. Í landamerkjabréfi Stóradals, frá 19. maí 1890 og þingl. degi síðar, kemur fram að Stóridalur eigi „allan Þverdal af Mælifellshálsi fram á fjöll, og allt land eyðihjáleigunnar Mælifells ...“ Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna Syðri-Villingadals. Eldri heimildir um Stóradal eru í samræmi við landamerkjabréfið, sjá nánar í kafla 6.4. Í landamerkjabréfi Saurbæjar, frá 12. maí 1890 og þingl. 20. maí sama ár, er lýsing á „afrijettarlandinu“ Sneis- eða Þrúgstungu og nær það „milli Þrúgsár að austan og Sneisar ár að vestan allt fram í jökul ...“ Er lýsingin í samræmi við eldri heimildir um Saurbæ, sjá nánar í kafla 6.4. Geta þessi merki samrýmst merkjum Syðri-Villingadals svo langt sem lýsingar þeirra ná en óljóst hversu langt þær ná til suðurs og vesturs.

Samkvæmt framangreindu miðar landamerkjabréf Ytri-Villingadals, sem austast liggur, vesturmerki við „fjallið“ og í bréfi Syðri-Villingadals er norðurmerkjum lýst til vesturs „uppá mitt fjall“. Villingadalsjarðirnar hafa leguna austur-vestur og þar norður af er jörðin Strjúgsá og samnefnd á, með leguna norður-suður. Í bréfi Strjúgsár lyktar lýsingu austurmerkja til suðurs með orðalaginu „svo sem vötnum hallar til vesturs fram í jökul“ og vesturmerki miðast við Strjúgsána. Íslenska ríkið greinir á við gagnaðila um staðsetningu þessara merkja.

Í máli þessu liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands sem sýna m.a. upptök Strjúgsár og vatnasvið, þar á meðal gagnvart Svartá sem rennur frá vestri til austurs og liggur í suðurmerkjum Syðri-Villingadals. Báðar eru þær dragár og safnast saman úr nokkuð stóru dragi. Fram kemur að vatnaskil þar á milli liggja nærri innbyrðis afmörkun á kröfusvæðum eigenda jarðanna Strjúgsár og Villingadals. Vatnasvið Svartár liggur sunnar og nær vestar en vatnasvið Strjúgsár. Það nær þó ekki alla leið vestur að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps, líkt og þinglýstir eigendur Syðri-Villingadals miða kröfugerð sína við, en liggur vestast í u.þ.b. 3 km fjarlægð frá sveitarfélagamörkum. Þar eru hins vegar vatnaskil á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Vestan sveitarfélagamarkanna er land jarðarinnar Ábæjar, sem fjallað er um í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd.

Með hliðsjón af orðalagi í framangreindum merkjalýsingum, staðháttum og staðsetningu umræddra vatnaskila í fjallendinu sunnan Strjúgsárdals og vestur af undirlendi Villingadalsjarða telur óbyggðanefnd að norðurmerki Syðri-Villingadals liggja að suðurmerkjum Strjúgsár en vesturmerki nái að vatnaskilum Svartár í fjallendinu vestur af Sverrisdal. Gagnaðilar ríkisins njóta þannig þess vafa sem uppi er að þessu leyti.

Sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar fellur því að hluta innan jarðarmerkja, svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfi. Vestasti hluti kröfusvæðis eigenda Syðri-Villingadals er hins vegar utan þeirra. Hér ber að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda. Hér verður þó ekki tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu

---

umfjöllunarsvæðisins, innan og utan merkja samkvæmt framangreindu, en um hana verður fjallað síðar.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Syðri-Villingadal var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirliggjandi gögn benda til þess að landamerkjum hennar sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær en hún er óljós um afmörkun til vesturs. Bréfið var undirritað af eigendum jarðarinnar, þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki hennar, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem að þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur Syðri-Villingadals hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Í málinu hafa þannig ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta lýsingu á mörkum jarðarinnar í landamerkjabréfinu eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þess. Á hinn bóginn hafa engin haldbær gögn verið færð fram fyrir þeirri afmörkun Syðri-Villingadals allt að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps sem gagnaðilar íslenska ríkisins hafa byggt á í kröfugerð sinni. Verður hún því ekki lögð til grundvallar í málinu.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til lands og upp til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbeitar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um

---

Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til frávika frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómar Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að jörðin Syðri-Villingadalur hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfi jarðarinnar, svo sem þeim er nánar lýst hér framar, hafa eigendur hennar farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðarinnar hefur þar ekki verið undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda sem að hér geti haft þýðingu. Enda þótt nýting hálendari hluta jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Engar heimildir eru um að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Villingadalur er þannig meðal þeirra landsvæða sem talin eru upp, án afmörkunar, í skrá Sýslumannsins í Eyjafirði yfir afréttarlönd í sýslunni frá 1979. Í þeirri skrá eru einnig óumdeild eignarlönd. Umfjöllun um afréttarnot í Villingadal er almenns eðlis og vitnar fremur um notkun viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Af því leiðir ekki að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkja Syðri-Villingadals sé þjóðlenda. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu gagnaðila að merki Syðri-Villingadals nái svo langt til vesturs sem gerð er krafa til. Ræðst því afmörkun að því leyti af vatnasviði Svartár, líkt og að framan er rakið. Ekki hefur verið sýnt fram á að utan merkja jarðarinnar Syðri-Villingadals, en innan kröfusvæðis eiganda hennar í máli þessu, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að vestan umræddra vatnaskila sé þjóðlenda en austan þeirra eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með eignarréttindi að austanverðu, sbr. 7. gr. laga nr.

---

58/1998.<sup>246</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að áréttu að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila en fellur utan landamerkja jarðarinnar Syðri-Villingadals samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. þess hluta sem liggur vestan vatnaskila. Fyrir liggur að fjalllendið á milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðardala hefur verið nýtt til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis eru misjafnlega fallnir til beitar og sumir alls ekki. Beitar svæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Ekki er mögulegt að greina eða flokka viðkomandi landsvæði nánar í „hreina þjóðlendu“ annars vegar og þjóðlendu sem undirorpin er afréttareign hins vegar. Eins og hér háttar til, telur óbyggðanefnd rétt að jarðeigendur njóti fyrirbyggjandi vafa. Landsvæði það sem hér um ræðir verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Á þeim hluta fjallendisins vestan Eyjafjarðar þess sem hér um ræðir hafa eigendur Syðri-Villingadals einir gert tilkall til réttinda. Verður því fallist á að landið sé í afréttareign Syðri-Villingadals.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði utan landamerkja jarðarinnar Syðri-Villingadals, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá vatnaskilum á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps er nyrðri kröfulínu eigenda Syðri-Villingadals fylgt til austurs, þangað til komið er að vatnasviði Svartár. Þeim vatnaskilum er fylgt til suðausturs, þar til þau skera syðri kröfulínu eigenda Syðri-Villingadals. Síðastnefndu línunni er síðan fylgt að fyrstnefndum vatnaskilum á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps.*

Sama landsvæði er í afréttareign Syðri-Villingadals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.8 Leyningsdalur**

### **6.8.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Leynings afmarka sem Leyningsdal og gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1. og 3.8.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 300 m hæð yfir sjávarmáli og hefur leguna austur-vestur. Land rís skarpt upp af Svartá, sem afmarkar svæðið að norðanverðunni austan megin, og Torfufellsá að sunnanverðunni, í Leyningsöxl

---

<sup>246</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

(1047m). Að vestanverðunni er land hallalítið, gróðurlítið og með litlum stöðuvötnum á stöku stað.

### 6.8.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendissvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins hafi verið nýttur sem afréttur. Til afrétta teljist einkum afréttur kenndur við Saurbæ, Sneis, Þverdal, Mælifell og Hvassafell en einnig Nýjabæjarafreittur sem liggja á mörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu og víðar. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við séu samnotaafreittir jarða á svæðinu. Þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi. Ekki er fallist á að afréttur á Leyningsdal, sem talinn sé tilheyra Leyningi, sé háður beinum eignarrétti heldur hafi verið um afréttareign að ræða. Leyningsdalur hafi verið aðskilinn frá jörðinni Leyningi, en milli Leyningsdals og Leynings liggja svonefndur Villingadalur en ekki verði ráðið af fyrirliggjandi gögnum samhengi milli Leynings og Leyningsdals nema í framangreinda veru. Samkvæmt Jarðabók sé ljóst að umrædd aðgreining eigi sér mjög langa sögu. Af því leiði að Leyningsdalur sé ekki talinn hafa haft stöðu jarðar í eignarréttarlegu tilliti, auk þess sem hann tengist öræfum á Nýjabæjarfjalli og verði ekki annað séð en að umfjöllun um Leyningsdal hafi eingöngu tengst sumarheit fyrir búfé.

Af hálfu þinglýsts eiganda Leynings, gagnaðila íslenska ríkisins, er á því byggt að lýsing Landnámu á landnámi Helga magra sé afar nákvæm og af henni verði afdráttarlaust ráðið að land Leynings hafi verið numið í öndverðu. Landamerkjalyking Leynings hafi verið gerð í samræmi við landamerkjalyg frá 1882. Þannig byggi gagnaðili kröfur sínar á eignarheimildum sem eigi grundvöll sinn í landamerkjalygum, nr. 5/1882. Þegar litið sé til þessa verði við það að miða að sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar að landi jarðarinnar hvíli á íslenska ríkinu. Þá telur gagnaðili að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans, án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt. Beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem meðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila að honum sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsreglu í 12. gr. laganna. Þá vísar gagnaðili til þess að eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt



---

innan lýstra merkja. Gagnaðili hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkjja væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir ríkisvaldsins fram til þessa aðeins styrkt þá trú.

Gagnaðili mótmælir því að landnámslýsingar miðist almennt við láglandi, dali og hlíðar þeirra og vísar í því sambandi til úrskurða óbyggðanefndar, dóma Hæstaréttar og breytinga á kröfum íslenska ríkisins. Jarðir geti átt lönd aðskilin frá heimajörðinni án þess að eignarréttarleg staða þess sé önnur Vísist um það efni til jarðarinnar Steinsstaða í Öxnadal og Steinsstaðadals, sem aðskilinn sé frá heimajörðinni af landi Þverár. Skoða verði hvert og eitt landsvæði fyrir sig og sönnunarbyrði um hvort aðskilið land hafi notið stöðu jarðar hvíli á íslenska ríkinu. Sú sönnun hafi ekki tekist. Miklar líkur séu á að Leyningsdalur hafi verið hluti jarðar frá öndverðu en svo langt sé síðan landið hafi verið lagt undir Leyning að heimildir um það hafi glatast eða enn ekki komið fram. Líklegast sé að landið hafi tilheyrt Leyningi frá öndverðu en verið haldið eftir þegar jörðunum í Villingadal hafi verið skipt út úr henni. Í dómi Orms Stullasonar lögmanns frá árinu 1571 sé fjallað um beinan eignarrétt að Leyningsdal og hann dæmdur eiganda Leynings með útrýmandi hætti fyrir eiganda Hóla. Hafi svo haldist eftir sem áður og allt fram á vora daga. Löglikur séu fyrir því að landið hafi notið stöðu jarðar enda þótt nú sé óljóst úr hvaða jörð það hafi verið upphaflega tekið.

### 6.8.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Leyningi og Leyningsdal er rakin í kafla 5.8, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Leyningur hefur verið sjálfstæð jörð.<sup>247</sup> Einnig kemur fram að í úrskurði Orms Stullasonar lögmanns frá 1571 er fyrst getið um „...þann dal sem hjá Leyningi er...“ og „...selið í stendur...“. Leyningur liggur utan við ágreiningsvæði aðila í máli þessu, aðskilinn frá Leyningsdal af Ytri- og Syðri Villingadal. Í landamerkjabréfi Leynings, sem dagsett er 20. maí 1885 og var þinglesið 25. maí 1886, er annars vegar lýst merkjum „heimalands“ og hins vegar merkjum „afrjettar“ í Leyningsdal, sem jörðinni fylgi. Af heimildum má ráða að við gildistöku þjóðlendlaga hefur Leyningsdalur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.<sup>248</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendlaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum „afrjettar“ í Leyningsdal er lýst í framangreindu landamerkjabréfi. Einnig kemur þá til skoðunar óglögg lýsing í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 sem er eina fyrirliggjandi eldri

---

<sup>247</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>248</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

merkjalýsingin. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Leyningsdals, enda deilt um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins alls. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er óumdeilt eignarland Syðri-Villingadals til norðausturs og ágreiningssvæði ríkisins og eigenda sömu jarðar til norðurs. Til austurs og suðurs er óumdeilt eignarland Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár og til suðausturs ágreiningssvæði vegna sömu jarða. Til vesturs eru landsvæði sem fjallað er um í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið vegna Ábæjar og Nýjabæjar. Að fenginni niðurstöðu um landamerki „afrjettar“ í Leyningsdal með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Leynings frá 1885 „fylgir jörðinni afrjett, svokallaður Leyningsdalur. Takmörk hans að neðan er Torfufellsá og fjallsbrúnin að ofan, Galtá að framan og Svartá að heiman.“

Suður og austur af Leyningsdal er kröfusvæði eigenda Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár í máli þessu, sbr. kafla 6.9. Samkvæmt landamerkjabréfi Torfufells, frá 21. maí 1889 og þingl. 24. maí sama ár, eru merki „... að norðan og vestan ...“, þ.e. gagnvart kröfusvæði Leyningsdals, miðuð við „... Torfufellsá [...] fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar ...“ Merkjum Leynings og Torfufells er þannig lýst með sambærilegum hætti og bréfin bera gagnkvæmar áritanir.

Norður af Leyningsdal er kröfusvæði eigenda Syðri-Villingadals í máli þessu og ágreiningssvæði eignarland þeirrar jarðar til norðausturs, sbr. kafla 6.7. Landamerkjabréf Leynings miðar merki Leyningsdals „að heiman“ við Svartá. Það er ekki áritað vegna Syðri-Villingadals. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 segir einnig að Leyningsdalur liggja „fram frá Villingadals landi fyrir framan Svartá ...“ Landamerkjabréf Syðri-Villingadals frá 21. apríl 1884 lýsir suðurmerkjum í samræmi við þetta og er áritað vegna Leynings. Orðalag bréfsins er nánar tiltekið svo: „Að sunnan og vestan Svartá og ráða þær merkjum.“

Samkvæmt því er að framan greinir eru þrjú vatnsföll nefnd í lýsingum á norður- og suðurmerkjum. Þetta eru nánar tiltekið Svartá að norðan og Torfufellsá og Galtá að sunnan. Torfufellsá og Svartá renna saman í austurmörkum. Til vesturs er merkjum Leyningsdals einungis lýst með orðalaginu „... fjallsbrúnin að ofan ...“ Gagnaðilar íslenska ríkisins miða afmörkun að þessu leyti við vatnaskil, nálægt sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps á korti Landmælinga Íslands. Samkvæmt gögnum sem óbyggðanefnd hefur aflað frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands eru sveitarfélagamörk á milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar í góðu samræmi við sveitarfélagamörk á þessu svæði.

Vestan vatnaskila eru ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd, að stærstum hluta vegna Ábæjar en einnig að litlu leyti vegna Nýjabæjarafréttar. Samkvæmt landamerkjabréfi Ábæjar, frá 24. maí

---

1888 og þingl. 31. maí sama ár, miðast merki að austanverðu við „hábrúnin[a] frá Ábæjarárupptökum til upptaka Tinnár ...“ Bréfin bera ekki gagnkvæmar áritanir. Merkjalýsingar Leyningsdals og Ábæjar miða þannig við annars vegar „fjallsbrún“ og hins vegar „hábrún“. Í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd er komist að þeirri niðurstöðu að mörk Ábæjar miðist við sveitarfélagamörk Akrahrepps og Eyjafjarðasveitar, við vatnaskil. Svo sem þar kemur fram var merkjum Ábæjar fyrst lýst í landamerkjabréfi frá 24. maí 1888 sem þinglýst var 31. sama mánaðar. Þar er merkjum lýst svo: „[A]ð norðanverðu Ábæjará til fremstu upptaka; að austanverðu hábrúnin frá Ábæjarár\_upptökum til upptaka Tinnár, að sunnan ræður Tinnár [svo] til Jökulsár“. Bréfið var áritað um samþykki vegna Nýjabæjar en ekki Merkgils, Þverdals, Mælifells eða Leynings.

Engar heimildir hafa fundist um afmörkun Nýjabæjarafréttar, sjá mál nr. 4/2008.

Í þeim landamerkjabréfum sem að framan greinir um landsvæði á mörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna, þ.e. fyrir Leyningsdal, Ábæ og Torfufell, er miðað við „fjallsbrún“ og „hábrún“ og vatnaskil gagnvart Skagafirði. Á þessu svæði eru breiðir fjallshryggir sem rísa bratt og ná hátt. Óbyggðanefnd telur að umrætt orðalag í landamerkjabréfi Leynings, sbr. einnig sambærilegar merkjalýsingar á aðliggjandi svæðum til vesturs og suðurs, og staðhættir á svæðinu bendi til þessi að merki Leyningsdals hafi verið talin ná þangað upp. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar falli innan merkja Leyningsdals, svo sem hann er afmarkaður í landamerkjabréfi Leynings frá árinu 1885. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

---

Landamerkjabréf fyrir Leyning og „afrjett“ í Leyningsdal var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að merkjum Leyningsdals sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Leyningsdalur er landfræðilega aðskilinn frá Leyningi og ekkert liggur fyrir um að Leyningur, Villingadalsjarðir og Leyningsdalur hafi í öndverðu verið hlutar af sömu jörð. Heimildir greina á hinn bóginn frá því að í dalnum hafi verið selstaða og afréttur Leynings. Hið síðarnefnda kemur m.a. fram í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1885. Aðrar heimildir eru þessu einnig til staðfestingar. Þannig segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 að í Leyningsdal eigi jörðin „Selstöðu með tilliggjandi landi [...] en hefur ekki brúkast í margt ár, nema fyrir hross og gjeldfje á sumur ...“ Þá greinir jarðamatið 1849 frá því að Leyningur eigi afrétt í Leyningsdal og þar sé einnig selstaða sem þó sé ekki notuð þar sem afréttin sé lítil, sbr. einnig jarða- og fasteignamót 1804, 1849 og 1916-1918. Engin gögn liggja fyrir um að Leyningsdalur hafi verið nýttur til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Svæðið er að mestum hluta hálent og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Í úrskurði Orms Stullasonar lögmanns frá 1571 var komist að þeirri niðurstöðu að dalurinn væri „...loglega ejgn opt nefndrar Jarðar: Lejnyngs.“ Úrskurðurinn grundvallaðist á því að „...þesse dalur sem hiá Lejnyngj liggur og selid I stendur hafe vered halldinn lögleg ejgn Jarðarinnar opt nefndz Lejnyngs atkallzlaust og atölulaust mejra enn I sextyu ár, edur mun lejnur...“ Deila virðist hafa staðið á milli eigenda jarðanna Leynings og Hóla í Eyjafirði. Á milli Leynings og Leyningsdals liggja Ytri- og Syðri-Villingadalur, sbr. kafla 6.6-6.7, og því alls óvíst að orðalagið „...þesse dalur sem hiá Lejnyngj liggur...“ vísi til Leyningsdals. Jafnframt er óljóst um tildrög þessarar deilu og nánara efni, þar á meðal hvort hún náði til eða fjallaði um sel það sem vísað er til í úrskurðinum. Síðari heimildir fjalla ítrekað um Leyningsdal sem selstöðu- og afréttarsvæði. Jafnframt er ljóst að með takmarkaðri nýtingu lands, einni og sér, stofnast ekki til réttinda umfram þá nýtingu, sbr. einnig umfjöllun í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hefðarreglur fyrr og síðar í íslenskum rétti.<sup>249</sup>

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Leyningsdalur hafi verið afréttur eigenda Leynings í þeim skilningi að þeir hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirlýsingu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til

---

<sup>249</sup> Sjá viðauka.

---

takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Leyningsdal liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 2 og 4/2008 á svæði 7a (suður) hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeilar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Leynings, ekki verið sýnt fram á að „afrjettur í Leyningsdal“ sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda og er fallist á kröfu íslenska ríkisins þess efnis.<sup>250</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður jafnframt ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign eigenda Leynings.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Leyningsdalur, svo sem hér hefur verið um hann fjallað, verður því talinn falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumardeilar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið Leyningsdalur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Torfufellsá er fylgt frá ármótum við Svartá og að Galtá, sem fylgt er til upptaka. Frá upptökum Galtár er dregin lína til sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps, í samræmi við kröfulínu gagnaðila ríkisins. Frá ármótum Torfufellsár og Svartár er þeirri síðarnefndu fylgt til upptaka sinna og þaðan dregin lína til áðurnefndra sveitarfélagamarka. Á milli framangreindra tveggja punkta á sveitarfélagamörkum er miðað við þau mörk.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Leynings, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

---

<sup>250</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

## 6.9 Torfufell, Hólsgerði og Úlfá

### 6.9.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár gera kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.9.

Landsvæði þar sem hér um ræðir liggur á milli Torfufellsár og Eyjafjarðarár og teygir sig til vesturs og suðvesturs inn á hásléttu sem liggur milli Eyjafjarðardals að austan og Austari-Jökulsár í Skagafirði, nánar tiltekið Austurdal. Meðfram ánum er undirlendi í u.þ.b. 300 m hæð yfir sjávarmáli en svo rís land skarpt í um 1000 m hæð ofan brúna. Tekur þar við hallalítið og gróðursnautt landsvæði með hæðum, öldum og smávötnum. Suðaustast liggja Urðarvötn í 881m hæð. Hæst rís land í 1055 m hæð suður af Torfufellsdal. Frá fyrstnefndum ármótum Torfufellsár og Eyjafjarðarár á áðurnefndan 1055 m hæðarpunkt eru tæplega 13 km, mælt í beinni loftlínu.

### 6.9.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendissvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bólum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Þá er því haldið fram að heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðis í máli þessu hafi verið nýttur sem afréttur, þar á meðal Nýjabæjarafréttur sem liggja á mörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu. Hafi þessi svæði verið nýtt sameiginlega af jörðum á svæðinu og víðar. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlendukrafa miðist við séu samnotaafréttir jarða á svæðinu og þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrt tilteknum jörðum er ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi.

Að því er varði sérstaklega mörk jarðanna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár sé þar miðað við upptök Hafrár, norðan við Sankti Pétur, þaðan farið í botn Torfufellsdals (upptök Torfufellsár), og síðan haldið í upptök Galtár (Galtárvatn). Litið sé þannig á að í þessu felist afmörkun merkja í samræmi við landamerkjabréf en hafnað sé kröfugerð um eignarland suður og vestur á fjall upp „þangað sem vötnum hallar vestur til Skagafjarðar“. Í þessu felist að fallist sé á að merki jarðanna hafi miðast við upptök umræddra áa en að lýsing að vatnaskilum feli í sér tilgreiningu á svæði sem telja megi að falli undir dóm Hæstaréttar varðandi Nýjabæjarafrétt (Hrd. 1967/128). Öræfi umfram tilgreind mörk hafi ekki verið numin í öndverðu eða fallið undir beinan eignarrétt sem hluti jarðanna. Þá er til þess vísað að landamerkjabréf Úlfár virðist miða mörk til suðvesturs við upptök Hafrár en nái ekki lengra. Sama

---

gildi varðandi landamerkjalýsingu Hólsgarðis. Loks er á það bent að lýsing til vatnaskila á öræfum njóti ekki samþykkis aðliggjandi jarða eða annarra að því leyti.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Torfufells, Hólsgarðis og Úlfár, er á því byggt að lýsing Landnámu á landnámi Helga magra sé afar nákvæm og af henni verði afdráttarlaust ráðið að land Torfufells, Hólsgarðis og Úlfár hafi verið numið í öndverðu. Hólsgarði hafi áður verið hluti af jörðinni Torfufelli sem sé forn jörð. Úlfá sé einnig forn jörð og sé jarðanna margsinnis getið í heimildum. Elstu varðveittu landamerkjalýsingar Torfufells og Hólsgarðis hafi verið gerðar árið 1889 en landamerkjalýsing Úlfár sé ódagsett. Þær hafi verið gerðar í samræmi við landamerkjalýg, nr. 5/1882. Þannig byggi gagnaðilar kröfur sínar á eignarheimildum sem eigi grundvöll sinn í landamerkjalýgum. Þegar litið sé til þessa verði við það að miða að sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar að landi jarðarinnar hvíli á íslenska ríkinu. Þá halda gagnaðilar því fram að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig Mannréttindasáttmála Evrópu.

Því er ennfremur haldið fram af gagnaðilum að kröfulína íslenska ríkisins sé ekki rétt dregin um upptök Hafrár og Galtár. Báðar þessar ár eigi upptök sín í vötnum sem liggja á vatnaskilum, annars vegar Urðarvatni nyrðra og hins vegar Galtárvatni. Að auki séu upptök Torfufellsár ekki í botni Torfufellsdals heldur mun vestar, svo sem sjá megi á landakortum. Þann málatilbúnað íslenska ríkisins, að hafna landamerkjalýsingu til vatnaskila, verði að telja undarlegan. Viðurkennt sé að tvær meginár afmarki land jarðarinnar, en upptök þeirra vatnsfalla hljóti að liggja á vatnaskilum. Því er mótmælt að hluti af landi jarðanna liggja á svæði sem fjallað hafi verið um í dómi Hæstaréttar um Nýjabæjarafrétt. Í fyrsta lagi sé þar ekki um að ræða efnisdóm og í öðru lagi komi fram í héraðsdómi að aldrei hafi verið deilt um landið sem hér um ræði. Þvert á móti hafi aðilar getað komið sér saman um að landamerkin lægju um Miðás og Fjórvörður, sem einmitt liggja á vatnaskilum á milli annars vegar Torfufells og Leyningsdals og hins vegar Ábæjar og Nýjabæjar. Landamerkjabréf jarðanna séu afar skýr og ljóst að með kröfum íslenska ríkisins sé gengið verulega á eignarrétt, verndaðan af stjórnarskrá og mannréttindaákvæðum.

### 6.9.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Torfufells, Hólsgarðis og Úlfár er rakin í köflum 5.9–5.11, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið, og ná allt aftur til 15. aldar, má ráða að um sjálfstæðar jarðir hefur verið að ræða.<sup>251</sup> Í máli þessu setja eigendur þessara þriggja jarða kröfur

---

<sup>251</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

sínar fram sameiginlega og afmarka þær ekki sérstaklega, hvorki í texta né á korti. Torfufell liggur þeirra nyrst en Úlfá syðst og Hólsgerði þar á milli.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfum umræddra jarða en eldri heimildir eru ekki fyrir hendi. Landamerkjabréf Torfufells er frá 21. maí 1889 og þingl. 24. maí sama ár, landamerkjabréf Hólsgerðis frá 21. maí 1889 og þingl. 20. maí 1890 og loks er landamerkjabréf Úlfár ódagsett en þinglýst og talið vera frá maí 1888. Athugun þessi tekur til vestur- og suðurmerkja, að því leyti sem þau geta varðað ágreiningssvæði aðila í máli þessu. Í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru ágreiningssvæði vegna Leynings og Arnarstaðatungna til norðvesturs og suðausturs, sbr. kafla 6.8 og 6.10. Til vesturs og suðvesturs er landsvæði sem um er fjallað í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið sá hluti sem varðar Nýjabæjarafrétt. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, með tilliti til ágreiningssvæðis aðila, verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verður þá fyrst fjallað um norðurmerki Torfufells, gagnvart Leyningi, síðan um vestur- og suðvesturmerki jarðanna þriggja, gagnvart Nýjabæ og Nýjabæjarafrétti í Skagafirði, og loks um suðurmerki Úlfár, gagnvart Arnarstaðatungum.

Í landamerkjabréfi Torfufells er merkjum til norðurs og vesturs þannig lýst að þar ráði „... Torfufellsá landamerkjum fram að svonefndri Galtá, sem er framan við Leyningsdal, frá henni á Torfufell dalinn beggja vegna og fram á fjöll þangað til vötnum hallar vestur til Skagafjarðar ...“ Samkvæmt landamerkjabréfi Leynings, frá 20. maí 1885, eru merki „aftrjetar“ í Leyningsdal að því leyti sem hér getur skipt máli miðuð við Torfufellsá og „fjallsbrúnina að ofan“. Bréf Torfufells og Leynings bera gagnkvæmar áritanir.

Vesturmerkjum Torfufells, gagnvart landsvæðum í Skagafirði, er svo sem áður greindi lýst þangað sem „vötnum hallar vestur til Skagafjarðar“. Í landamerkjabréfinu kemur einnig fram að „til fjallsins“ sé óskipt land milli Torfufells og Hólsgerðis. Samkvæmt landamerkjabréfum Hólsgerðis og Úlfár, sunnan Torfufells, miðast vesturmerki við „fjallsbrúnina“ og á milli jarðanna er dregin lína frá Eyjafjarðará og með tilteknum hætti „til fjalls“. Bréf Torfufells og Hólsgerðis bera gagnkvæmar áritanir og sama máli gegnir um bréf Hólsgerðis og Úlfár.

Staðsetning vesturmerkja Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár er þannig ekki fyllilega ljós og um hana deila málsaðilar. Þinglýstir eigendur Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár miða afmörkun kröfusvæðis síns á korti til vestur- og suðvestur við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Í texta kröfu segir hins vegar um sunnanverð vesturmerki að miðað sé við punkt „ofan Hafrár á vatnaskilum“. Íslenska ríkið hafnar því hins vegar að merkin nái lengra en að upptökum fyrrnefndra áa. Í málinu liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands um vatnaskil á milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar og upptök Hafrár. Samkvæmt þeim liggur afmörkun á



---

kröfusvæði gagnaðila ríkisins nærri vatnaskilum að norðvestanverðu en mun sunnar en vatnaskilin þegar sunnar dregur.

Úlfá liggur syðst jarðanna þriggja og á merki að ágreiningssvæði í Arnarstaðatungum. Samkvæmt landamerkjabréfi Úlfár eru suðurmerki „bein stefna frá Eyjafjarðará í Hafrárgljúfur, þaðan ræður Hafrá til fjallsbrúnar.“ Í landamerkjabréfi Arnarstaða, ódagsett en þinglýst 20. maí 1890, eru merki „aftrettarlands í Arnarstaðatungum“ einnig miðuð við Hafrá en vesturmerki eru ekki tilgreind sérstaklega. Bréf Úlfár er áritað um samþykki vegna Arnarstaða en ekki gagnkvæmt. Um Arnarstaðatungur er fjallað í kafla 6.10 og þar er komist að þeirri niðurstöðu að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á landsvæðinu fái staðist samkvæmt heimildum og styðjist við staðhætti á svæðinu. Sú afmörkun miðar vesturmerki við línu sem dregin er frá sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps við suðurenda Nyrðra-Urðarvatns og þaðan yfir vatnið og í upptök Hafrár.

Vestan og suðvestan kröfusvæðis eigenda Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, eru landsvæði sem deilt er um í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið Nýibær og Nýjabæjarafreittur. Bréf Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár bera ekki áritun um samþykki vegna Nýjabæjarafreittar. Ekkert landamerkjabréf er til fyrir þessi landsvæði og heimildir um afmörkun þeirra gagnvart Eyjafirði óljósar. Niðurstaða óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 er þó sú að merki eignarlands jarðarinnar Nýjabæjar og þjóðlendu á Nýjabæjarafreitti nái að kröfusvæðum gagnaðila ríkisins í máli nr. 2/2008.

Samkvæmt framangreindu ber landamerkjabréf Torfufells ótvírætt með sér viðmiðun við vatnaskil að vestanverðu en ekki kemur fram hversu langt suður sú viðmiðun skuli ná. Orðalagið „til fjalls“ og „fjallsbrún“, þegar austar og sunnar dregur, þarfnast nánari athugunar. Torfufellsdalur og Hafrárdalur skerast suðvestur frá Eyjafjarðardal, sem liggur frá norðri til suðurs, og inn í hásléttu þá sem liggur milli Eyjafjarðardals að austan og Austurdals í Skagafirði að vestan. Meðfram ánum er undirlendi í u.þ.b. 300 m hæð yfir sjávarmáli en síðan rís land skarpt í um 1000 m hæð ofan brúna. Í málinu liggja fyrir gögn frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands um vatnasvið Torfufellsár og Hafrár. Af þessum gögnum verður ráðið að vatnaskil vestan Torfufellsdals liggja Skagafjarðarmegin við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps, þar til þau sveigja til austurs og svo suðausturs, í átt að Torfufelli og Eyjafjarðardal. Sveitarfélagamörk liggja hins vegar beina stefnu suðaustur að suðurenda Urðarvatna nyrðri. Gagnaðilar íslenska ríkisins afmarka kröfusvæði sitt á kort í samræmi við sveitarfélagamörk en í texta kröfu segir hins vegar um sunnanverð vesturmerki að miðað sé við punkt „ofan Hafrár á vatnaskilum“.

Hafrá, í suðausturmerkjum Úlfár, á upptök sín norðan og norðvestan vörðunnar Sankti Péturs á Vatnahjallaleið, sem eins og greinir í kafla 6.10 er talin innan lands Arnarstaðatungna. Upptök Hafrár og vatnaskil á þessu svæði eru norður af Urðarvötnum en sveitarfélagamörk hins vegar við suðurenda vatnsins. Urðarvötn (880

---

m) mynda glögg landfræðileg skil ofan við drög Hafrárdals og liggja Eyjafjarðarmegin við sveitarfélagamörk, sbr. einnig Lýsingu Eyjafjarðar frá 1949, enda þótt þau séu Skagafjarðarmegin við vatnaskil.

Með hliðsjón af orðalagi í framangreindum merkjalýsingum, staðhátum og staðsetningu umræddra vatnaskila telur óbyggðanefnd að merki jarðanna nái ekki til fjalllendisins vestan Urðarvatna en austan vatnaskila Torfufellsár. Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins nær ekki til alls svæðisins suðvestan vatnaskila. Þar sem óbyggðanefnd er bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, sbr. þá ályktun sem dregin verður af dómum Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 og 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, kemur eignarréttarleg staða þess hluta umrædds landsvæðis ekki til frekari skoðunar hér.

Sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hér er til umfjöllunar fellur að því hluta innan jarðamerkjja, svo sem þeim er lýst í landamerkjabréfum. Syðsti hluti kröfusvæðis eigenda Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár er hins vegar utan þeirra.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Í máli þessu liggur fyrir dómur Hæstaréttar Íslands frá 29. apríl 1969, í máli nr. 128/1967 (Nýjabæjarafrettur). Aðilar málsins voru Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu, og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til réttargæslu gegn eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til réttargæslu. Áfrýjendur, þ.e. Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, höfðuðu málið fyrir landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu. Hér skal þess getið að jarðirnar Torfufell, Hólsgærði og Úlfá eru í Saurbæjarhreppi, sem nú er hluti Eyjafjarðarsveitar, og aðilar að Upprekstrarfélaginu.

Í forsendum dómsins er tekið fram að málsaðilar deili um eignarrétt að landsvæði því sem um sé að tefla en ekki upprekstrarrétt. Jafnframt segir þar að Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps reisi kröfur sínar á því að hafa tekið heimildir á landsvæði þessu frá fyrri eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari hafi talist taka yfir landsvæðið. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að hvorki Upprekstrarfélagið né gagnaðilar þess í málinu hefðu fært fram gögn fyrir fullkominni eignartöku að fornu eða nýju á umræddu landsvæði og kröfur hvorugs teknar til greina.

Hluti þess svæðis sem ágreiningur þessi stóð um liggur innan afmörkunar á kröfusvæðum eigenda Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár í máli þessu. Þar er nánar tiltekið um að ræða hluta þess landsvæðis sem liggur vestan Urðarvatna og á milli vatnaskila og sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Skal í þessu sambandi vísað til afmörkunar á ágreiningssvæði aðila dómsmálsins, svo sem hún kemur fram í málsskjölum, og legu vatnaskila á uppdrætti sem óbyggðanefnd hefur aflað frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands. Í kröfugerð Upprekstrarfélagsins er þess

---

þannig krafist að landamerki fyrir umráðasvæði félagsins að vestan, að því leyti sem hér getur skipt máli, verði viðurkenndi og ákveðin þannig að „Nyrzt ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri kvíslar til ármóta hennar og Jökulsár eystri...“.

Enda þótt kröfur málsaðila í umræddu dómsmáli hafi ekki lotið að viðurkenningu beins eignarréttar telur óbyggðanefnd ljóst að rétturinn hafi hafnað því að málsaðilar hefðu sýnt fram á beinan eignarrétt sinn til umrædds landsvæðis, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu. Í því sambandi er vísað til orða dómsins þar sem segir: „Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi upprekstarrétt“ og „hvorki áfrýjandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um er að tefla í máli þessu.“ Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dóma, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Til skoðunar þarf þó að taka heimildir um Torfufell, Hólsgerði og Úlfá, þar sem af hálfu Upprekstrarfélagsins var ekki byggt á þeim og þær ekki til umfjöllunar í dómnum. Einnig ber að líta til þess að dómurinn felur ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu umrædds lands samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Ljóst er þó að af hálfu Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps var ekki litið svo á að það landsvæði norðvestan Urðarvatna sem að framan var lýst lægi innan merkja jarðanna Torfufells, Hólsgerðis eða Úlfár.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Torfufell, Hólsgerði og Úlfá voru gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882. Svo sem áður var rakið telur óbyggðanefnd fyrirbyggjandi gögn benda til þess að landamerkjum þeirra sé þar rétt lýst en hún er óljós um afmörkun til suðvesturs. Bréfin voru undirrituð af eigendum jarðanna, þinglesin, færð í landamerkjabók og á þeim byggt síðan um merki þeirra, án þess að séð verði að komið hafi fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem að þýðingu hafi hér. Þetta bendir allt til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt er ljóst að eigendur

---

Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Í málinu hafa þannig ekki komið fram nein gögn sem hnekkt geta lýsingu á mörkum jarðanna í landamerkjabréfum eða rýrt eignarréttarlegt sönnunargildi þeirra. Á hinn bóginn hafa engin haldbær gögn verið færð fram fyrir þeirri afmörkun allt að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps sem gagnaðilar íslenska ríkisins hafa byggt á í kröfugerð sinni. Verður hún því ekki lögð til grundvallar í málinu.

Því er ekki lýst í Landnámu hversu langt inn lands og upp til fjalla numið var á þessu svæði, sbr. kafla 6.2, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrskurðum tekið afstöðu til þjóðlendukrafna sem grundvallast hafa á þögn eða óskýrleika landnámslýsinga, tiltekinni hæð yfir sjávarmáli og engri eða takmarkaðri nýtingu lands, þá fyrst og fremst til sauðfjárbæjar. Skal þar sérstaklega vísað til úrskurða um Esju og Smjörfjöll, sbr. mál nr. 3-4/2004 á svæði 4 og 2-3/2005 á svæði 5. Þar var því hafnað að slík atriði ein og sér leiddu til fráviks frá þeirri meginreglu að landamerkjabréf jarðar afmarki eignarland. Afstaða óbyggðanefndar að þessu leyti liggur því fyrir og fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa ekki tilefni til stefnubreytingar.

Ekki eru heimildir um annað en að jarðirnar Torfufell, Hólsgerði og Úlfár hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan þeirra marka sem tilgreind eru í landamerkjabréfum jarðanna, svo sem þeim er nánar lýst hér frammar, hafa eigendur þeirra farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt. Hálendari hluti jarðanna hefur þar ekki verið undanskilinn, enda þótt nýting þar hafi verið takmörkuð. Ekki verður annað séð en að þetta eignarhald hafi verið án ágreinings eða athugasemda. Enda þótt nýting hálendari hluta jarðarinnar hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en láglandshlutans leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Torfufellsdalur er meðal þeirra landsvæða sem talin eru upp, án afmörkunar, í Skrá yfir afrétti og fjárréttir í Eyjafjarðarsýslu frá 1894 og skrá Sýslumannsins í Eyjafirði yfir afréttarlönd í sýslunni frá 1979. Í þessum skráum eru einnig óumdeild eignarlönd. Heimildir um afrétt í Torfufellsdal eru almenns eðlis og óbyggðanefnd telur að þær vitni fremur um notkun viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður, sbr. kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þær leiða ekki til þess að land innan marka jarðarinnar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu og verða staðhættir, gróðurfar eða nýtingarmöguleikar ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Loks verður fyrirkomulag smölunar á þessu svæði ekki talið hafa eignarréttarlega þýðingu.

---

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu íslenska ríkisins að land innan tilgreindra landamerkjja Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár sé þjóðlenda. Á hinn bóginn hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu gagnaðila að jarðamerki nái svo langt til vesturs sem gerð er krafa til. Ræðst því afmörkun að því leyti af vatnasviði Hafrár, líkt og að framan er rakið. Ekki hefur sýnt fram á að utan jarðamerkjja, en innan kröfusvæðis gagnaðila ríkisins í máli þessu, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að suðvestan umræddra vatnaskila sé þjóðlenda en austan þeirra sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi austanverðu, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>252</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Kemur þá til skoðunar hvort stofnast hafi til óbeinna eignarréttinda innan þess lands sem gerð er krafa til af hálfu gagnaðila en fellur utan landamerkjja jarðanna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár samkvæmt framangreindri afmörkun, þ.e. þess hluta sem liggur suðvestan vatnaskila.

Fyrir liggur að fjallendið á milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðardala hefur verið nýtt til beitar og annarra venjubundinna afréttarnota. Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis eru misjafnlega fallnir til beitar og sumir alls ekki. Beitar svæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Ekki er mögulegt að greina eða flokka viðkomandi landsvæði nánar í „hreina þjóðlendu“ annars vegar og þjóðlendu sem undirorpin er afréttareign hins vegar. Eins og hér háttar til, telur óbyggðanefnd rétt að jarðeigendur njóti fyrirbyggjandi vafa. Landsvæði það sem hér um ræðir verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Á þeim hluta fjallendisins vestan Eyjafjarðar þess sem hér um ræðir hafa eigendur Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár einir gert tilkall til réttinda. Verður því fallist á að landið sé í afréttareign þeirra jarða.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að umrætt landsvæði utan landamerkjja jarðanna Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Kröfulínu íslenska ríkisins er fylgt frá punkti 2, í upptökum Hafrár, og norðvestur að skurðpunkti við vatnaskil. Frá skurðpunktinum er miðað við vatnaskil til suðvesturs, þar til þau mæta sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Sveitarfélagamörkum er síðan fylgt til suðausturs, að punkti 1 í kröfulínu gagnaðila, við suðurenda Urðarvatns nyrðra. Loks er síðarnefndu línunni fylgt áfram til*

---

<sup>252</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

*norðausturs, þar til kemur að fyrstnefndum punkti 2 í þjóðlendukröfulínu ríkisins.*

Sama landsvæði er í afréttareign Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.10 Arnarstaðatungur**

### **6.10.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem þinglýstir eigendur annars vegar Arnarstaða og Arnarfells og hins vegar þess sem í þinglýsingarbók er nefnt „Arnarfell land“ hafa afmarkað sem Arnarstaðatungur og gert kröfur til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1. og 3.10-3.11.

Landsvæði því sem hér um ræðir má í megindráttum skipta í tvennt. Annars vegar er undirlendi, vestan Eyjafjarðarár, í u.þ.b. 300 m hæð yfir sjávarmáli og með leguna norður-suður. Hins vegar er fjalllendi sem rís skarpt upp af undirlendinu og teygir sig vestur inn á hásléttu milli Eyjafjarðardals að austan og Austari-Jökulsár í Skagafirði að vestan. Þar er Tungnafjall (843 m) nyrst, suðvestan þess varðan Sankti Pétur (955 m) á Vatnahjallaleið og syðst er Lækjafjall (Strangalækjarfjall) ásamt Kerlingarhnjúk (1057 m). Vestan Kerlingarhnjúks, í um 880 m hæð, liggja Urðarvötn og teygja sig norður undir áðurnefndan Sankti Pétur.

### **6.10.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að þjóðlendukröfur taki til svæða sem liggja utan landnáms. Af landnámslýsingum verði ekki ráðið að nám hafi náð til annars en dala og hlíða þeirra. Það hafi þannig ekki náð til hálendissvæða, þ.e. sunnan og vestan þjóðlendukröfulínu. Jafnframt beri að hafa í huga að umrædd svæði liggja jafnan fjarri byggðum bóllum, séu heiðarlönd, fjalllendi eða öræfi sem ekki séu líkur á að hafi verið numin í öndverðu. Um þetta vísist til landnámslýsinga í Eyjafirði.

Þá er því haldið fram af íslenska ríkinu að heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðis í máli þessu hafi verið nýttur sem afréttur, þar á meðal Nýjabæjarafréttur. Af gögnum virðist mega ráða að land sunnan og vestan þeirrar línu sem þjóðlenskrafra í málinu miðist við séu samnotaafréttir jarða á svæðinu og þó svo talið sé að einstök svæði hafi tilheyrtilteknum jörðum er ekki fallist á að það feli í sér meira en takmörkuð eignarréttindi. Arnarstaðatungur séu taldar til þjóðlendu en samkvæmt landamerkjabréfi Arnarstaða frá 20. maí 1890 hafi verið talið að Arnarstaðir ættu þar afréttarland. Með vísan til framangreindra sjónarmiða sé eignarréttartilkalli hafnað. Tungurnar séu aðskildar frá heimajörðinni, hafi eingöngu verið nýttar til sumarþeirrar fyrir búfé og engin teikn um að svæðið hafi fyrr eða síðar haft stöðu jarðar.

---

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þinglýstra eigenda Arnarstaða og Arnarfells, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni og einnig landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi landeigenda, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Þannig hafi t.d. verið leitað eftir samþykki vegna vegarlagningar Ferðafélags Akureyrar upp með Hafrá og endurnýjunar vegarins.

Vísað er til þess að eignarheimildir gagnaðila hafi frá upphafi verið taldar gildar í viðskiptum manna og því byggi eignarhaldið enn fremur á venju. Ríkisvaldið hafi í aldanna rás margsinnis viðurkennt að umrætt land sé undirorpið fullkomnum eignarrétti og aldrei haldið öðru fram. Hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur gagnaðila þá sé ljóst að hún sé niður fallin vegna fyrningar og tómlætis. Hafi öllum heimildarskjölum gagnaðila verið þinglýst athugasemdalaust. Hafi ríkið ekki sýnt fram á með neinum haldbærum gögnum að land innan þinglýstra merkja Arnarstaða sé ekki beinum eignarrétti háð. Verði að telja það hafa mikla þýðingu að gagnaðilar hafi um langt skeið gengið út frá því að merkjum sé rétt lýst og eigendur grannjarða virt og viðurkennt merkin. Jörðin sé umlukin öðrum jörðum og eigi ekki merki að miðhálandinu.

Gagnaðilar ríkisins vísa til jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnarsýslulaga um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaganna en ríkisvaldinu beri að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

Kröfugerð ríkisins er mótmælt í heild sinni. Taka verði Landnámu með fyrirvara sem heimild og fráleit sú skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til heiða og fjalla í Eyjafjarðarsveit, enda ekki reista á neinum hlutlægum sönnunargögnum.

Arnarstaðatungur séu gróðurmikið landsvæði sem hafi verið nytjað af jörðum sem það tilheyri. Enda þótt svæðið sé að hluta hálent sé það gróið upp á fjallstopp. Í jarðamati 1849-50 séu Arnarstaðatungur sagðar land Arnarstaða og afréttur jarðarinnar til eigin þarfa. Þótt tungurnar séu kallaður afréttur hafi svæðið verið nytjað eins og jörð. Þessu til stuðnings megi benda á að sýslumaður hafi bannað upprekstur á Arnarstaðatungur án leyfis ábúanda og afsal jarðarinnar Arnarstaða þar sem tekið sé fram að Arnarstaðatungur fylgi jörðinni. Á þrætusvæðinu hafi verið lagðir vegir af hálfu eigenda Arnarstaða án þess að aðrir hafi haft nokkuð um það að segja.

Þá er vísað til þess að gagnaðilar hafi réttmætar ástæður til að vænta þess að land innan landamerkja sem lýst sé í landamerkjabréfi sé beinum eignarrétti háð. Einnig er vísað til hefðarsjónarmiða.

Af hálfu annarra gagnaðila íslenska ríkisins að því er varðar Arnarstaðatungur, þ.e. þinglýstra eigenda „Arnarfells lands“, er byggt á því að lýsing Landnámu á landnámi Helga magra sé afar nákvæm og af henni verði afdráttarlaust ráðið að land

---

Arnarfells hafi verið numið í öndverðu. Arnarfell hafi verið byggt á hálfu landi Arnarstaða árið 1939. Elsta varðveitta landamerkjalyking Arnarstaða sé ódagsett en gerð í samræmi við landamerkjalog frá 1882 og þinglesin 20. maí 1890. Þannig byggi gagnaðilar kröfur sínar á eignarheimildum sem eigi grundvöll sinn í landamerkjalogum, nr. 5/1882. Þegar litið sé til þessa verði við það að miða að sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli á íslenska ríkinu. Í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar sem meðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á gagnaðila að þeim sé ómögulegt að mæta henni, sbr. meðalhófsregluna sem lögfest sé í 12. gr. laganna. Eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt gagnaðila innan lýstra merkja. Gagnaðilar hafi í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan landamerkja væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og aðgerðir ríkisvaldsins fram til þessa aðeins styrkt þá trú.

Því er mótmælt að landnámslýsingar miðist almennt við láglandi, dali og hlíðar þeirra og í því sambandi vísað til úrskurða óbyggðanefndar, dóma Hæstaréttar og breytinga á kröfum íslenska ríkisins. Jarðir geti átt lönd aðskilin frá heimajörðinni án þess að eignarréttarleg staða þeirra sé önnur og vísist um það efni til jarðarinnar Steinsstaða í Öxnadal og Steinsstaðadals, sem aðskilinn sé frá heimajörðinni af landi Þverár. Skoða verði hvert og eitt landsvæði fyrir sig og sönnunarbyrðin um hvort aðskilið land hafi notið stöðu jarðar hvíli á íslenska ríkinu einu. Sú sönnun hafi ekki tekist. Þá er vísað til þess að ekki sé hægt að ráða af heimildum að tungurnar hafi eingöngu verið nýttar til sumarbeitar þar sem í jarðabókinni frá 1712 komi að jörðin eigi „... selför með tilliggjandi landi ... fram á Eyjafjarðardal vestan framm, sem er allar Arnarstaðatungur á milli Hafraár og Strángalækjar“, sbr. einnig dóm Landsyfírréttar í máli nr. 11/1896 varðandi landsvæðið Hellistungur. Árið 1792 hafi sýslumaður Eyfirðinga varað bændur við að reka búfénað sinn í Arnarstaðatungur, að viðlagðri refsingu. Árið 1825 hafi Arnarstaðir verið seldir með Arnarstaðatungum án þess að gerður væri nokkur greinarmunur á því landi sem selt hafi verið.

### 6.10.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Arnarstöðum og Arnarstaðatungum er rakin í kafla 5.12, sbr. einnig kafla 5.13 um afrétti og afréttarnot. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 14. aldar, má ráða að Arnarstaðir hafa verið sjálfstæð jörð.<sup>253</sup> Jörðinni Arnarfelli var skipt út úr Arnarstöðum á fyrri hluta síðustu aldar. Arnarstaðatungna er fyrst sérstaklega getið í

---

<sup>253</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).



---

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1712. Arnarstaðir og Arnarfell liggja utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskildir frá afréttarlandinu af öðrum jörðum. Í landamerkjabréfi Arnarstaða, ódagsett en þinglýst 20. maí 1890, er annars vegar lýst merkjum jarðarinnar og hins vegar merkjum „afrjettarlands í Arnarstaðatungum“. Af heimildum má ráða að við gildistöku þjóðlendulaga hafa Arnarstaðatungur haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að gildistöku þjóðlendulaga.<sup>254</sup> Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum „afrjettarlands í Arnarstaðatungum“ er lýst í heimildum um það efni, þ.e. framangreindu landamerkjabréfi Arnarstaða og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, auk bréfs sýslumanns Eyjafjarðarsýslu frá 1. ágúst 1979. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Arnarstaðatungna enda er deilt um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins í heild. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár til vesturs en óumdeilt eignarland umræddra jarða til norðurs. Til austurs er óumdeilt eignarland Tjarna og til suðurs er ágreiningssvæði sem fjallað er um í máli nr. 1/2008 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið vegna Hólaafréttar. Að fenginni niðurstöðu um landamerki „afrjettarlands í Arnarstaðatungum“ með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Arnarstaða afmarkast „afrjettarland í Arnarstaðatungum frá Hafrá að norðan fram að trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðará.“ Einnig segir svo: „... Strangalækjarfjall í Arnarstaðatungum hefur verið þrætuland milli Hóla og Arnarstaða, en nú hafa jarðeigendurnir komið sjer saman um, að láta merkin vera um tryppagarð einn á móti Klaufá ...“ Bréfið er áritað vegna Hóla, til suðurs, en ekki til annarra átta. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 segir að Arnarstaðatungur séu „... á milli Hafraár og Strangalækjar ...“ Lýsing á Arnarstaðatungum í bréfi sýslumanns Eyjafjarðarsýslu frá 1. ágúst 1979 er í samræmi við þetta. Heimildir um merki Arnarstaðatungna kveða þannig ekki sérstaklega á um merki til vesturs og austurs.

Verður þá fyrst litið nánar til austurmerkja Arnarstaðatungna, þar sem á móti liggur óumdeilt eignarland Tjarna. Samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, frá 15. júní 1923 og þingl. 19. júní sama ár, miðast vesturmerki við Eyjafjarðará. Bréfið er áritað vegna Arnarstaða. Austurmerkjum Arnarstaðatungna er svo sem áður sagði ekki lýst sérstaklega í þeim heimildum um það efni sem áður greindi en lýsingar þeirra á norður- og suðurmerkjum eiga upptök sín í Eyjafjarðará. Sú niðurstaða fær einnig

---

<sup>254</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

stuðning af áritun vegna Arnarstaða á landamerkjabréf Tjarna. Austurmerki Arnarstaðatungna verða því talin skýr og vafalaus.

Vestan Arnarstaðatungna er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og eigenda jarðanna Úlfár, Hólsgarðis og Torfufells, sameiginlega, en ágreiningslaust eignarland sömu aðila þegar norðar dregur. Landamerkjabréf Úlfár, sem liggur syðst framangreindra þriggja jarða, lýsir merkjum til suðurs og suðausturs þannig að tekin er „... bein stefna frá Eyjafjarðará í Hafrárgljúfur, [og] þaðan ræður Hafrá til fjallsbrúnar.“ Bréfið er áritað vegna Arnarstaða. Eldri lýsingar á merkjum Úlfár liggja ekki fyrir, sbr. kafla 6.9. Heimildum ber þannig saman um að merki á milli Arnarstaðatungna og Úlfár miðist við Hafrá en í bréfi Úlfár segir að auki „til fjallsbrúnar“.

Suðvestan Arnarstaðatungna, sunnan kröfusvæðis eigenda Torfufells, Hólsgarðis og Úlfár, er landsvæði sem deilt er um í máli nr. 4/2008 hjá óbyggðanefnd, þar sem m.a. er fjallað er um Nýjabæjarafrétt. Fram kemur að ekkert landamerkjabréf er til fyrir svæðið og heimildir um afmörkun hans gagnvart landsvæðum í Eyjafirði óljósar. Niðurstaða óbyggðanefndar er þó sú að merki afréttarins nái að kröfusvæðum gagnaðila ríkisins í máli nr. 2/2008.

Sunnan Arnarstaðatungna er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess í máli nr. 1/2008 hjá óbyggðanefnd, nánar tiltekið sá hluti þess sem fjallar um Hólaafrétt. Í eldra landamerkjabréfi Hóla, frá 23. maí 1889 og þingl. 24. maí sama ár, er norðurmerkjum Hólaafréttar lýst svo: „... að vestanverðu árinna fram frá trippagarði þeim, sem byggður er rjett á móti garðinum að austanverðu árinna og [...] vestan til sýslumóta.“ Í yngra landamerkjabréfi fyrir Hóla, frá 15. júní 1923 og þingl. 19. júní 1923, er einnig miðað við að norðurmerki ná vestur að sýslumörkum. Hið eldra landamerkjabréf greinir jafnframt frá eftirfarandi: „Þess skal getið að garðurinn að vestanverðu við Eyjafjarðará stendur frammar en í miðju Stangalækjarfjalli, en Stangalækjarfjall hefur verið þrætuland milli Háls og Arnarstaða, nú hafa hlutaðeigendur komið sjer saman um að láta merkin vera um trippagarðinn í móti Klaufá, [...]“

Samkvæmt framangreindu ber landamerkjabréfum Arnarstaða og Hóla saman um merki á milli Arnarstaðatungna og Hólaafréttar en í bréfum Hóla segir að auki „til sýslumóta“ um vesturmerkin. Bréf Hóla og Arnarstaða bera gagnkvæmar áritanir. Í eldri heimild um merki Hólatorfu, lögfestu frá árinu 1822, er einnig að finna lýsingu á merkjum Hólaafréttar gagnvart Arnarstaðatungum. Þar segir svo: „Vestann Ejafiardar ár adskilia So Kalladur Straungu lækur Hoola og Arnarstada Land, hvarum Næstum samann falla i Ejtt ad Nedann, enn kliúfast umm graslausa meela ofann fialls, þó skal sú kvyslinn hvert það er sú fremri eda nordari, sem stærri og rettari er, landamerkjum ráda, og þaðann frá allt Land, hveriu nafne sem hejtir framm í dragsbotn.“ Í lögfestunni er vestanverðum norðurmerkjum Hólaafréttar, gagnvart Arnarstaðatungum, þannig lýst „framm í dragsbotn“.

---

Samkvæmt framangreindu bera heimildir skýrt með sér að merki Arnarstaðatungna liggja í Hafrá til norðurs og í Strangalækjafjalli til suðurs, auk Eyjafjarðarár til austurs. Mörk þar á milli, að vestanverðu, eru hins vegar ekki eins ljós. Gagnaðilar íslenska ríkisins miða afmörkun að þessu leyti við línu sem dregin er frá framangreindum trippagarði gegnt Klaufá suðvestur í Kerlingarhnjúk og að vatnaskilum og sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps við suðurenda Urðarvatns nyrðri, þaðan norðaustur yfir vötnin og loks í upptök Hafrár. Hér ber þess að geta að Urðarvötn (880 m) mynda glögg landfræðileg skil suðvestur og vestur af Sankti Pétri (955 m), Strangalækjafjalli og Kerlingarhnjúk (1057 m), sbr. þá staðhætti sem áður var lýst. Norðurmerki Arnarstaðatungna miðast við Hafrá, sem á upptök sín norðan og norðvestan Sankti Péturs og ljóst er að Strangalækjafjall hefur verið talið til Arnarstaðatungna og Hóla, sbr. einnig vísan til „sýslumóta“ að þessu leyti í landamerkjabréfi Hóla frá 1889. Með vísan til þessara atriða telur óbyggðanefnd að sú afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á landi Arnarstaðatungna sem að framan var lýst fái staðist samkvæmt heimildum og styðjist við staðhætti á svæðinu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja.

Í máli þessu liggur fyrir dómur Hæstaréttar Íslands frá 29. apríl 1969, í máli nr. 128/1967 (Nýjabæjarafreittur). Aðilar málsins voru Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu, og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til réttargæslu gegn eigendum Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli, Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til réttargæslu. Áfrýjendur, þ.e. Upprekstarfélag Saurbæjarhrepps, höfðuðu málið fyrir landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu. Hér skal þess getið að jarðirnar Arnarstaðir og Arnarfell eru í Saurbæjarhreppi, sem nú er hluti Eyjafjarðarsveitar, og aðilar að Upprekstrarfélaginu.

Í forsendum dómsins er tekið fram að málsaðilar deili um eignarrétt að landsvæði því sem um sé að tefla en ekki upprekstrarrétt. Jafnframt segir þar að Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps reisi kröfur sínar á því að hafa tekið heimildir á landsvæði þessu frá fyrri eigendum jarðanna Möðruvalla og Hóla í Saurbæjarhreppi, sem frá fornu fari hafi talist taka yfir landsvæðið. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að hvorki Upprekstrarfélagið né gagnaðilar þess í málinu hefðu fært fram gögn fyrir fullkominni eignartöku að fornu eða nýju á umræddu landsvæði og kröfur hvorugs teknar til greina.

Hluti þess svæðis sem ágreiningur þessi stóð um liggur innan afmörkunar á kröfusvæðum eigenda Arnarstaða og Arnarfells á Arnarstaðatungum í máli þessu. Þar er nánar tiltekið um að ræða þann hluta sem liggur austan Urðarvatna en vestan vatnaskila. Skal í þessu sambandi vísað til afmörkunar á ágreiningssvæði aðila dómsmálsins, svo sem hún kemur fram í málsskjölum, og legu vatnaskila á uppdrætti sem óbyggðanefnd hefur aflað frá vatnamælingum Veðurstofu Íslands. Í kröfugerð Upprekstrarfélagsins er þess þannig krafist að landamerki fyrir umráðasvæði félagsins

---

að vestan, að því leyti sem hér getur skipt máli, verði viðurkenndi og ákveðin þannig að „Nyrzt ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri kvíslar til ármóta hennar og Jökulsár eystri...“.

Enda þótt kröfur málsaðila í umræddu dómsmáli hafi ekki lotið að viðurkenningu beins eignarréttar telur óbyggðanefnd ljóst að rétturinn hafi hafnað því að málsaðilar hefðu sýnt fram á beinan eignarrétt sinn til umrædds landsvæðis, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu. Í því sambandi er vísað til orða dómsins þar sem segir: „Í máli þessu er deilt um eignarrétt að landsvæði því, sem um er að tefla, en eigi upprekstarrétt“ og „hvorki áfrýjandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um er að tefla í máli þessu.“ Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að hnekkja eða breyta niðurstöðum dóma, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Til skoðunar þarf þó að taka heimildir um Arnarstaði, Arnarfell og Arnarstaðatungur, þar sem af hálfu Upprekstrarfélagsins var ekki byggt á þeim og þær ekki til umfjöllunar í dómnum. Einnig ber að líta til þess að dómurinn felur ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu umrædds lands samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Ljóst er þó að af hálfu Upprekstrarfélags Saurbæjarhrepps var ekki litið svo á að það landsvæði austan Urðarvatna en vestan vatnaskila að framan var lýst lægi innan merkja Arnarstaðatungna.

Um þýðingu landamerkjabréfa við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar Hæstaréttar og óbyggðanefndar um það efni, sjá m.a. yfirlit í kafla 7.1.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þannig liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði sem þar er lýst, skipti almennt máli hvort um sé að ræða jörð eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig t.d. afrétti, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki einhliða getað aukið við land sitt eða annan rétt. Þá hafi menn ekki eingöngu markað sér landsvæði háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu þeirra.

Landamerkjabréf fyrir Arnarstaði var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Svo sem áður var rakið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að merkjum „afrjettarlands í Arnarstaðatungum“ sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Arnarstaðatungur eru landfræðilega aðskildar frá Arnarstöðum og heimildir greina frá því að þar hafi verið selstaða og afréttur Arnarstaða. Þannig segir í elstu heimild um Arnarstaðatungur, þ.e. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, að Arnarstaðir eigi „Selför með tilliggjandi landi [...] fram á Eyjafjarðardal

---

vestan framm, sem er allar Arnarstaðatúngur á milli Hafraá og Strángalækjar ...“ Jafnframt segir í áður nefndu landamerkjabréfi Arnarstaða að jörðin eigi „afrjettarland í Arnarstaðatungum“. Á manntalsþingi 1792 kom fram aðvörðun af hendi sýslumanns um að ekki skyldu bændur reka hross á „... sokalladar Arnarstada Tungur ...“ Arnarstaðatungur eru sagðar afréttur Arnarstaða í jarðamatinu 1849 og fasteignamatinu 1916-1918. Landsvæði þetta hefur fyrst og fremst verið nýtt til annars en sumarbeitar og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Það er að mestum hluta hálent og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að Arnarstaðatungur hafi verið afréttur eigenda Arnarstaða, og síðar Arnarfells að auki, í þeim skilningi að þeir hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Svo sem rakið er í kafla 6.2 er því ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til fjalla landnám á þessu svæði náði, en sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar sé a.m.k. að hluta innan þess. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.1.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Arnarstaðatungum liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1, 2 og 4/2008 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Arnarstaðatungna hafi orðið til á þann veg að landsvæðið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur, af hálfu eiganda Arnarstaða og Arnarfells, ekki verið sýnt fram á að „afrjettarland í Arnarstaðatungum“ sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda og er fallist á kröfu íslenska ríkisins þess efnis.<sup>255</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður jafnframt ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign eigenda Arnarstaða og Arnarfells.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið fjallað um og talið þjóðlenda í afréttareign eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til

---

<sup>255</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem kallað hefur verið Arnarstaðatungur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

*Trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðarár, á móti Klaufá, er fylgt svo langt sem hann nær og síðan dregin lína yfir Strangalækjafjall og Kerlingarhnjúk, að mörkum Akrahrepps og Eyjafjarðarsveitar í suðurenda Urðarvatns nyrðra. Þá er haldið norðaustur yfir vatnið og í upptök Hafrár, sem síðan ræður merkjum þar til hún rennur í Eyjafjarðará. Loks er Eyjafjarðará fylgt þar til komið er á mótis við fyrstnefndan trippagarð á móti Klaufá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Arnarstaða, Arnarfells og Arnarfells lands, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

## **6.11 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megji nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við undirbúning úrskurðar um málskostnað fór óbyggðanefnd yfir fjölda kröfulýsinga, greinargerða og umbjóðenda hvers lögmanns, reiknaði tíma við fyrirtökur, aðalmeðferð málsins og ferðalög og lagði mat á efnislegt umfang einstakra ágreiningssvæða og álitamála. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megji sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu. Tímaskýrslur lögmannna hafa verið skoðaðar með hliðsjón af framangreindu. Í þessu sambandi skal tekið fram að með málskostnaðarákvörðun er komist að tölulegri niðurstöðu um atriði sem eðli máls samkvæmt er ekki að öllu leyti hægt að sundurliða með nákvæmum útreikningsaðferðum. Fjárhæð úrskurðaðs málskostnaðar er niðurstaða af samofnu heildarmati á þessum atriðum.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 gaf óbyggðanefnd lögmonnum málsaðila kost á að leggja fram slíka sundurliðun málskostnaðarreikninga að unnt væri að ákvarða málskostnað til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega. Hafi slík gögn legið fyrir eða borist er úrskurður um málskostnað í kafla 7 hér á eftir ákvarðaður til einstakra málsaðila en ella sameiginlega.

Svo sem rakið er í kafla 2.3 setti fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins fram þjóðlendukröfur sínar á svæði 7 (suður) í mars 2008. Í ágúst sama ár var hluti

---

þessara krafna dreginn til baka. Í greinargerð og við munnlegan flutning málsins kom fram sú skýring af hálfu ríkisins að uppkvaðning úrskurða óbyggðanefndar á svæði 6 í júní 2008 hafi haft áhrif, sem og kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins á svæði 7 (suður) og önnur framkomin gögn. Í október 2008 veitti óbyggðanefnd málsaðilum frest til að gera sátt um greiðslu fyrir hagsmunagæslu vegna þeirra sem af þessari ástæðu ættu ekki lengur aðild að málum. Í maí 2009 barst óbyggðanefnd staðfesting á að umræddir málsaðilar hefðu gert sátt um fullnaðargreiðslu á lögmanskostnaði. Það á þó ekki við um jörðina Kristnes og kemur hún því til umfjöllunar að því er varðar málskostnað.

---

## 7 ÚRSKURÐARORÐ<sup>256</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hvassafellsdalur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá ármótum Djúpadalsár og Hraunár er hvorri á um sig fylgt til upptaka sinna. Þaðan eru dregnar línur til sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar og Hörgárbyggðar, í samræmi við kröfulínur gagnaðila ríkisins, og sveitarfélagamörkum síðan fylgt þar á milli.*

Sama landsvæði er í afréttareign Fallorku ehf., að undanskildum upprekstrarrétti sem er í eigu eigenda Hvassafells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Djúpidalur „innan grjótgarðs“, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá grjótgarði þeim sem liggur á móts við Kambfell er dregin lína til suðausturs í Mælifellshnjúk og þaðan til suðvesturs á milli þriggja tinda, í 1178 m, 1041 m og 1184 m hæð yfir sjávarmáli. Frá hinum syðsta þeirra er miðað við vatnaskil að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi. Áðurnefndur grjótgarður er einnig viðmið til suðvesturs, þegar Djúpadalsá er fylgt þaðan allt til upptaka og síðan dregin lína til sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar gagnvart Hörgárbyggð, í samræmi við kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Stóradals og Hvassafellsdals. Á milli framangreindra tveggja punkta á sveitarfélagamörkum er miðað við sveitarfélagamörk Eyjafjarðarsveitar gagnvart Hörgárbyggð og Akrahreppi.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Saurbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er í heild hér á eftir, þ.e. Djúpidalur „utan grjótgarðs“ ásamt Þverdal, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá grjótgarði þeim sem liggur á móts við Kambfell er dregin lína til suðausturs í Mælifellshnjúk og þaðan til suðvesturs á milli þriggja tinda, í 1178, 1041 og 1184 m hæð yfir sjávarmáli. Frá hinum syðsta þessara tinda er miðað við vatnaskil að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi. Áðurnefndur grjótgarður er einnig viðmið til norðausturs, þar sem Djúpadalsá er fylgt þaðan og niður að ármótum við Strjúgsá. Síðan er Strjúgsá fylgt upp að ármótum við Sneisará og svo Sneisará áfram, eins langt sem hún nær. Þegar ánni sleppir er miðað við kröfulínur gagnaðila ríkisins vegna*

---

<sup>256</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.



---

*Stóradals, allt að sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar gagnvart Akrahreppi. Á milli framangreindra tveggja punkta á sveitarfélagamörkum er miðað við þau mörk.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Stóradals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Sneis, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Strjúgsá er fylgt frá ármótum við Sneisará og til upptaka sinna, í samræmi við afmörkun á kröfusvæði ríkisins vegna Saurbæjar. Afmörkun sama aðila er síðan fylgt í Sneisará og þeirri á fylgt niður að áðurnefndum ármótum við Strjúgsá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Saurbæjar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir og liggur vestan jarðarinnar Syðri-Villingadals, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá vatnaskilum á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps er nyrðri kröfulínu eigenda Syðri-Villingadals fylgt til austurs, þangað til komið er að vatnasviði Svartár. Þeim vatnaskilum er fylgt til suðausturs, þar til þau skera syðri kröfulínu eigenda Syðri-Villingadals. Síðastnefndu línunni er síðan fylgt að fyrstnefndum vatnaskilum á sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Syðri-Villingadals, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Leyningsdalur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Torfufellsá er fylgt frá ármótum við Svartá og að Galtá, sem fylgt er til upptaka. Frá upptökum Galtár er dregin lína til sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps, í samræmi við kröfulínu gagnaðila ríkisins. Frá ármótum Torfufellsár og Svartár er þeirri síðarnefndu fylgt til upptaka sinna og þaðan dregin lína til áðurnefndra sveitarfélagamarka. Á milli framangreindra tveggja punkta á sveitarfélagamörkum er miðað við þau mörk.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Leynings, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir og liggur sunnan jarðanna Torfufells, Hólsgærðis og Úlfár og norðvestan Urðarvatna er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Kröfulínu íslenska ríkisins er fylgt frá punkti 2, í upptökum Hafrár, og norðvestur að skurðpunkti við vatnaskil. Frá skurðpunktinum er miðað*

---

við vatnaskil til suðvesturs, þar til þau mæta sveitarfélagamörkum Eyjafjarðarsveitar og Akrahrepps. Sveitarfélagamörkum er síðan fylgt til suðausturs, að punkti 1 í kröfulínu gagnaðila, við suðurenda Urðarvatns nyrðra. Loks er síðarnefndu línunni fylgt áfram til norðausturs, þar til kemur að fyrstnefndum punkti 2 í þjóðlendukröfulínu ríkisins.

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Torfufells, Hólsgerðis og Úlfár, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Arnarstaðatungur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Trippagarði þeim, sem stendur vestan Eyjafjarðarár, á móti Klaufá, er fylgt svo langt sem hann nær og síðan dregin lína yfir Strangalækjafjall og Kerlingarhnjúk, að mörkum Akrahrepps og Eyjafjarðarsveitar í suðurenda Urðarvatns nyrðra. Þá er haldið norðaustur yfir vatnið og í upptök Hafrár, sem síðan ræður merkjum þar til hún rennur í Eyjafjarðará. Loks er Eyjafjarðará fylgt þar til komið er á móts við fyrstnefndan trippagarð á móti Klaufá.*

Sama landsvæði er í afréttareign eigenda Arnarstaða og Arnarfells, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Málflutningsþóknun Friðbjörns Garðarssonar hdl.: Brynjar Skúlason og Sigríður Bjarnadóttir, 200.000 kr. vegna Hólsgerðis og Úlfár; Fallorka ehf. og fleiri, 292.900 kr. vegna Hvassafellsdals; Leyningsbúið ehf., 300.000 kr. vegna Leynings og Arnarstaðatungna, Jóhann H. Jónsson, 297.250 kr. vegna Stóra-Dals; Hugi Kristinsson og Jakobína Sigursveinsdóttir, 247.950 kr. vegna Strjúgsár; Adda Bára Heiðarsdóttir og Víðir Ágústsson, 121.300 kr. vegna Torfufells.

Málflutningsþóknun Gunnars Sólness hrl.: Legatsjóður Jóns Sigurðssonar, 150.000 kr. vegna Kristness.

Málflutningsþóknun Ólafs Björnssonar hrl.: Óskar Hlíðberg Kristjánsson og Rósa María Tryggvadóttir, 150.000 kr. vegna Arnarstaðatungna; Jón H. Eiríksson, 75.000 vegna Arnarstaðatungna.

Málflutningsþóknun Sigurðar Jónssonar hrl.: Guðrún Jónsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 500.000 kr. vegna Syðri-Villingadals og Ytri-Villingadals.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan framangreindrar þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

---

Karl Axelsson

---

Allan V. Magnússon

---

Sif Guðjónsdóttir

---

## II. Aðilaskrá

Þjóðlendar

Arnarstaðir v. Arnarstaðatungna  
Arnarstaðir v. Arnarstaðatungna  
Arnarfell v. Arnarstaðatungna  
Arnarfell v. Arnarstaðatungna  
Hólsgerði  
Hólsgerði  
Hvassafellsdalur  
Hvassafellsdalur  
Hvassafellsdalur  
Kristnes  
Leyningur  
Saurbær v. Saurbæjarafretta  
Stóri Dalur  
Strjúgsá  
Strjúgsá  
Syðri Villingadalur  
Syðri Villingadalur  
Torfufell  
Torfufell  
Ytri Villingadalur  
Ytri Villingadalur  
Úlfá  
Úlfá

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins

Óskar Hlíðberg Kristjánsson  
Rósa María Tryggvadóttir  
Jón H. Eiríksson  
Leyningsbúið ehf.  
Brynjar Skúlason  
Sigríður Bjarnadóttir  
Fallorka ehf.  
Guðrún Harðardóttir  
Tryggvi Jóhannsson  
Legatsjóður Jóns Sigurðssonar  
Leyningsbúið ehf.  
Ríkissjóður Íslands  
Jóhann H. Jónsson  
Hugi Kristinsson  
Jakobína Sigurvinsdóttir  
Guðrún Jónsdóttir  
Ingibjörg Jónsdóttir  
Adda Bára Hreiðarsdóttir  
Víðir Ágústsson  
Guðrún Jónsdóttir  
Ingibjörg Jónsdóttir  
Brynjar Skúlason  
Sigríður Bjarnadóttir



### III. Skjalaskrá<sup>257</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 14.3.2008.
- 1(1) Skjalaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.
- 1(2) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytis, dags. 29.3.2007, um meðferð þjóðlendumála.
- 1(3) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 7.8.2007.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3.10.2007, framhald þjóðlendumála.
- 1(5) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar um breytta afmörkun á svæði 7, dags. 7.12.2007.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, breytt afmörkun svæðis 7 samþykkt og frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.12.2007.
- 1(7) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, beiðni um frekari frest til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 26.2.2008.
- 1(8) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns fjármálaráðuneytisins, frekar frestur veittur til að skila kröfulýsingum á svæði 7 suður, dags. 28.2.2008.
- 1(9) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar, kröfulýsing íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 7A, dags. 14.3.2008.
- 1(10) Yfirlitskort yfir þjóðlendukröfur á svæði 7 suður, A3 blað, mælikvarði 1:400.000 í A2, dags. 14.3.2008.
- 1(11) Tilvísanaskrá, ódags. en mótt. 14.3.2008.
- 1(12) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 27.8.2008.
- 1(13) Bréf Juris til óbyggðanefndar varðandi málskostnað í þjóðlendumálum á svæði 7 suður vegna jarða sem fallið var frá kröfum í, dags. 25.5.2009.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Yfirlit Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 22.5.2009.  
*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*
- 2(13) Möðrufell, Hraungerði, Torfur, Gilsbakki í Hrafnagilshreppi, dags. 27.12.1886. (*Merkt 65*).
- 2(14) Syðra-Fell í Hrafnagilshreppi, dags. 14.11.1952. (*Merkt 66*).
- 2(15) Ytra-Fell í Hrafnagilshreppi, dags. 14.11.1952. (*Merkt 67*).
- 2(41) Árbær í Hrafnagilshreppi, ódags. (*Merkt 68*).
- 2(42) Dvergstaðir í Hrafnagilshreppi, dags. 14.6.1887. (*Merkt 69 a-b*).
- 2(43) Litlihóll í Hrafnagilshreppi, dags. 13.7.1884. (*Merkt 70*).
- 2(44) Espihóll og hjáleigan Víðirgerði í Hrafnagilshreppi, dags. 14.2.1884. (*Merkt 71*).
- 2(45) Merkigil í Hrafnagilshreppi, dags. 30.5.1885. (*Merkt 72*).
- 2(46) Stokkahláðir (Stokkhlaðir) í Hrafnagilshreppi, dags. 20.5.1890. (*Merkt 73 a-b*).
- 2(47) Hrafnagilsjarðir í Hrafnagilshreppi, dags. 30.5.1889. (*Merkt 74 a-b*).
- 2(48) Kroppur í Hrafnagilshreppi, dags. 16.5.1890. (*Merkt 75 a-b*).
- 2(49) Reykhús í Hrafnagilshreppi, dags. 6.9.1900. (*Merkt 76 a-b*).
- 2(50) Stóraeyrarland og Reykhús í Hrafnagilshreppi. Landamerkjadómur, dags. 10.10.1925. (*Merkt 77 a-b*).
- 2(51) Hjálmsstaðir í Hrafnagilshreppi, dags. 1882. (*Merkt 78 a-b*).
- 2(52) Hamrar í Hrafnagilshreppi, dags. 20.4.1886. (*Merkt 79 a-b*).
- 2(53) Naust í Hrafnagilshreppi, dags. 1.1.1887. (*Merkt 80 a-b*).
- 2(54) Úlfá í Saurbæjarhreppi, ódags. (*Merkt 38*). Sjá skjal nr. 4(66).
- 2(55) Hólsgerði í Saurbæjarhreppi, dags. 21.5.1889. (*Merkt 39*).
- 2(56) Torfufell í Saurbæjarhreppi, dags. 21.5.1889. (*Merkt 40*).

<sup>257</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í rétttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 2(57) Syðri-Villingadalur í Saurbæjarhreppi, dags. 21.4.1884. (*Merkt 41*).
- 2(58) Ytri-Villingadalur í Saurbæjarhreppi, dags. 29.5.1889. (*Merkt 42 a-b*).
- 2(59) Leyningur í Saurbæjarhreppi, dags. 20.5.1885. (*Merkt 43*).
- 2(60) Skáldstaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 20.5.1889. (*Merkt 45 a-b*).
- 2(61) Kolgrímsstaðir í Saurbæjarhreppi, dags. 12.5.1886. (*Merkt 46*).
- 2(62) Gullbrekka í Saurbæjarhreppi, dags. 16.6.1886. (*Merkt 47*).
- 2(63) Gilsá í Saurbæjarhreppi, dags. 16.6.1886. (*Merkt 48 a-b*).
- 2(64) Nes í Saurbæjarhreppi, dags. 16.6.1886. (*Merkt 49 a-b*).
- 2(65) Saurbær í Saurbæjarhreppi, dags. 12.5.1890. (*Merkt 50 a-c*).
- 2(66) Saurbær í Saurbæjarhreppi, dags. 6.6.1922. (*Merkt 51*).
- 2(67) Háls í Saurbæjarhreppi, dags. 16.5.1890. (*Merkt 52*).
- 2(68) Melgerði í Saurbæjarhreppi, dags. 11.5.1914. (*Merkt 53 a-c*).
- 2(69) Vellir í Saurbæjarhreppi, dags. 12.5.1890. (*Merkt 54 a-b*).
- 2(70) Þrúgsá í Saurbæjarhreppi, dags. 12.5.1890. (*Merkt 55*).
- 2(71) Litlidalur í Saurbæjarhreppi, dags. 18.5.1885. (*Merkt 57*).
- 2(72) Stóridalur í Saurbæjarhreppi, dags. 19.5.1890. (*Merkt 58*).
- 2(73) Ytra-Dalsgerði í Saurbæjarhreppi, dags. 4.5.1889. (*Merkt 59 a-b*).
- 2(74) Hvassafell í Saurbæjarhreppi, dags. 16.1.1883. (*Merkt 60*).
- 2(75) Hlíðarhagi í Saurbæjarhreppi, dags. 14.5.1890. (*Merkt 61*).
- 2(76) Árgerði í Saurbæjarhreppi, dags. 18.5.1890. (*Merkt 62*).
- 2(77) Miklagarðstorfan í Saurbæjarhreppi, dags. 19.5.1890. (*Merkt 63 a-c*).
- 2(78) Ölvisgerði í Saurbæjarhreppi, dags. 28.3.1955. (*Merkt 64*).
- 2(87) Stóridalur í Saurbæjarhreppi, dags. 23.12.1921. (*Merkt 147*).
- 2(95) Arnarstaðir í Saurbæjarhreppi, ódags. (*Merkt 30*).
- 2(193) Kambfell í Saurbæjarhreppi, dags. 27.5.1885. (*Merkt 56*).
- Jarðabréf (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(85) Leyningur. Vitnisburður Jóns Péturssonar um landamerki Leynings, dags. 29.3.1633, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-b*).
- 2(86) Leyningur. Ormur Stullason lögmaður úrskurðar að dalur sá sem hjá Leyningi er, sé eign Leynings, ekki Hóla, dags. 4.7.1571, ásamt uppskrift. (*Merkt 1*).
- 2(170) Háls í Saurbæjarhreppi, landamerkjalyásing, dags. 16.5.1890. Einnig getið um upprekstur í Sneis og Djúpadal, ásamt uppskrift. (*Merkt 17 a-b*).
- 2(171) Sandhólar í Eyjafirði, landamerkjalyásing og einnig staðfesting útnefndra virðingarmanna á landamerkjunum, dags. 31.12.1921 og 19.6.1922, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(190) Landamerkjabréf jarðarinnar Háls í Saurbæjarhreppi, fjallað um upprekstur í Sneis og Djúpadal, dags. 16.5.1890, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(142) Arnarstaðir, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 1*).
- 2(143) Úlfá, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 2*).
- 2(144) Torfufell, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 2*).
- 2(145) Torfufell, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 3*).
- 2(146) Hólsgarði, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 4*).
- 2(147) Syðri Villingadalur, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 5*).
- 2(148) Leyningur, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 7*).
- 2(149) Saurbær, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 8*).
- 2(150) Strjúgsá, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálabók Eyjafjarðarsýslu.

- (*Merkt 13*).
- 2(151) Litlidalur, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálalabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 15*).
- 2(152) Stóridalur, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálalabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 16*).
- 2(153) Hvassafell, yfirlitssíða úr elsta registri Afsals- og Veðmálalabók Eyjafjarðarsýslu. (*Merkt 19*).
- Fasteigna- og jarðamat (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(96) Fasteignamat 1916-1918. Úlfá, Hólsgerði, Torfufell, Leyningur, Saurbær, Strjúgsá, Kambfell, Stóridalur, Hvassafell og Arnarstaðir. (*Merkt 1-9 og 41 í máli nr. 1/2008*).
- 2(119) Jarðamat 1849-1850. Torfufell, Leyningur, Saurbær, Sandhólar, Háls, Melgerði, Rauðhús, Strjúgsá, Kambfell, Hvassafell, Stóridalur, Litlidalur, Syðra-Dalsgerði, Ytra-Dalsgerði og Arnarstaðir. (*Merkt 10-23 og 24 í máli 1/2008*).
- 2(120) Fasteignamat 1916-1918. Kambfell, Stóridalur, Hvassafell, Syðri-Villingadalur, Ytri-Villingadalur, Sandhólar, Háls, Melgerði, Rauðhús, Litlidalur, Syðra-Dalsgerði og Ytra-Dalsgerði. (*Merkt 24-32*).
- 2(154) Fasteignamat 1804. Arnarstaðir, Úlfá, Torfufell, Hólsgerði, Syðri Villingadalur, Ytri Villingadalur, Leyningur, Saurbær, Strjúgsá, Kambfell, Litlidalur, Stóridalur, Syðra Gerði, Ytra Gerði og Hvassafell, ásamt uppskriftum. (*Merkt 35-49*).
- 2(169) Fasteignamat 1849-1850- Yfirmat. Syðri – Villingadalur og Saurbær. (*Merkt 33-34*).
- 2(198) Jarðamat 1849–1850: Úlfá, Torfufell, Syðri-Villingadalur, Ytri-Villingadalur, Krínastaðir og Vellir (*Merkt 50-55*).
- 2(199) Yfirmat 1850: Ytri-Villingadalur. (*Merkt 53*).
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(97) a-b Upplesin kaupbréf kaupmannsins á Reyðarfirði, vegna kaupa hans á jörðum er voru í eigu séra Páls Amundasonar, prófasts í Múlaþingi. Þar á meðal jarða er Hólsgerði, dags. 10.6.1698, ásamt uppskrift. (*Merkt 1 a-c*).
- 2(98) a-b Lesin landamerki ýmissa jarða í Saurbæjarhrepp, þar á meðal fyrir Hólsgerði, dags. 20.5.1890, ásamt uppskrift. (*Merkt 2 a-c*).
- 2(99) a-b Jörðin Torfufell er metin hefur verið til 50 hundraða, sett niður til 24 hundraða, dags. 27.10.1738, ásamt uppskrift. (*Merkt 3 a-b*).
- 2(100) a-b Jörðin Torfufell, með hjáleigunni Hólsgerði, er lögfest af sýslumanninum Þórarni Jónssyni, dags. 11.5.1751, ásamt uppskrift. (*Merkt 4 a-b*).
- 2(101) a-b Þinglesin landamerki jarðarinnar Torfufells, dags. 24.5.1889, ásamt uppskrift. (*Merkt 5 a-b*).
- 2(102) a-b Hvassafell með Árgerði, tíundast sem 60 hundraða jörð, og liggur annar helmingur jarðarinnar undir Hóladómkirkju en hinn undir Múnkaþverárklostur, dags. 9.8.1699, ásamt uppskrift. (*Merkt 6 a-d*).
- 2(103) a-b Tveir fimmtu partar jarðarinnar Hvassafells, taldir vera konungseign, dags. 1.11.1841, ásamt uppskrift. (*Merkt 7 a-e*).
- 2(104) a-b Upplesin landamerki Hvassafells, dags. 25.5.1886, ásamt uppskrift. (*Merkt 8 a-b*).
- 2(105) a-b Var lesin upp lögfesta fyrir Villingadal, dags. 14.5.1774, ásamt uppskrift. (*Merkt 9 a-b*).
- 2(106) a-b Árni Hallsson tekur eyðijörðina Syðri-Villingadal til búsetu, dags. 26.5.1788, ásamt uppskrift. (*Merkt 10 a-b*).
